



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA-ritgerð  
í almennum málvísindum**

**Rökliðagerðir nýrra sagna í íslensku**  
Rannsókn á notkun erlendra tókusagna á netinu

**Salome Lilja Sigurðardóttir**

Leiðbeinendur: Einar Freyr Sigurðsson og Gísli Rúnar Harðarson  
Febrúar 2023

**ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD**

**Rökliðagerðir nýrra sagna í íslensku**  
Rannsókn á notkun erlendra tókusagna á netinu

Salome Lilja Sigurðardóttir  
Kt. 190496-2529

Lokaverkefni til MA-prófs í almennum málvísindum  
Leiðbeinendur: Einar Freyr Sigurðsson rannsóknarlektor og  
Gísli Rúnar Harðarson nýdكتور

Íslensku- og menningardeild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
Febrúar 2023

*Rökliðagerðir nýrra sagna í íslensku*

Rannsókn á notkun erlendra tökusagna á netinu

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MA-prófs  
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Salome Lilja Sigurðardóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Þessi ritgerð er hluti af rannsóknarverkefninu *Tveggja andlaga sagnir í íslensku og færeysku*. Verkefnisstjórar eru Jóhannes Gísli Jónsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, og Cherlon Ussery, dósent í málvísindum við Carleton College í Bandaríkjunum. Verkefnið hlaut styrk frá Rannsóknarsjóði Rannís til þriggja ára, 2019–2021.

## **Þakkir**

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinendum mínum, Einari Frey Sigurðssyni og Gísla Rúnari Harðarsyni, fyrir góða leiðsögn og hvatningu undanfarið eitt og hálf ár. Án þeirra hefði þessi ritgerð aldrei orðið til en þeir hafa sýnt ritgerðinni minni mikinn áhuga og setið óteljandi marga fundi með mér allt frá haustinu 2021. Jóhannesi Gísla Jónssyni á ég mikið að þakka en hugmyndin að ritgerðinni kviknaði í vinnu við rannsóknarverkefni hans og Cherlon Ussery, *Tveggja andlaga sagnir í íslensku og færeysku*. Jóhannes veitti mér ómetanlegan stuðning og frelsi til þess að vinna eftir mínu höfði sumarið 2021. Úr varð gagnagrunnur á nýjum sögnum í Facebook-samtölum íslenskra ungmenna á árunum 2010–2020 sem þessi ritgerð byggir að miklu leyti á. Irisi Eddu Nowenstein þakka ég fyrir góð ráð og leiðsögn á þeim fundum sem við höfum átt undanfarið ár. Hennar stuðningur er mér virkilega mikils virði. Næst vil ég þakka þátttakendum í rannsókninni, bæði í Facebook-leitinni og þátttakendum í viðtalshluta rannsóknarinnar en þeirra framlag er algerlega ómetanlegt. Evu Ragnarsdóttur Kamban þakka ég fyrir að meta dæmasetningar á færeysku. Dagbjört Guðmundsdóttir sá um prófarkalestur og færi ég henni mínar bestu þakkir fyrir. Að lokum langar mig að þakka unnusta mínum, Victori Karli Magnússyni, sem hefur hjálpað mér mikið við ritgerðarskrifin, bæði með því að sýna efni ritgerðarinnar áhuga og með því að styðja við bakið á mér á meðan á ritgerðarskrifunum stóð.

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til MA-prófs í almennum málvísindum við Háskóla Íslands. Aðalumfjöllunarefni hennar er það hvernig nýjar sagnir í íslensku fá rökliðagerð úthlutað. Í fyrri rannsóknum hafa verið leiddar að því líkur að rökliðagerð nýrrar sagnar byggi á rökliðagerð merkingarlegrar hliðstæðu hennar. Í þessari ritgerð eru tvö rök færð fyrir því að svo sé ekki. Í fyrsta lagi eru fjölmargar nýjar sagnir sem hafa aðra rökliðagerð en sú sögn sem gæti talist nánasta merkingarlega hliðstæða hennar. Dæmi um þetta er sögnin *googlea* sem tekur vanalega með sér þolfall, ólíkt þeirri sögn sem gæti helst talist merkingarleg hliðstæða hennar, þ.e. *fletta upp*. Í öðru lagi þjóna hömluáhrif þeim tilgangi að útiloka tvímyndir (sbr. Aronoff 1976). Þetta veldur því að sagnir sem eiga sér nákvæma merkingarlega hliðstæðu í málinu eru útilokaðar. Þetta sýna dæmi eins og enska tókusögnin *takea* (*teika*) sem er ekki notuð í íslensku í sinni almennu merkingu vegna merkingarlegs skyldleika við sögnina *taka*. Sögnin hefur aftur á móti verið notuð í íslensku í yfirfærðri merkingu, þ.e. ‚að hanga aftan í bifreið á ferð í snjó og hálfu‘. Sams konar niðurstöður fengust úr einstaklingsviðtölum þar sem svör viðmælenda bentu til þess að sagnirnar *dropa* og *crasha* séu notaðar í íslensku í margs konar merkingu en séu aftur á móti útilokaðar í sinni almennu merkingu, þ.e. ‚missa‘ og ‚klessa/eyðileggja‘.

Þrenns konar mállegra gagna var aflað í tengslum við rannsóknina. Í fyrsta lagi var gerð leit á samskiptamiðlinum Facebook Messenger þar sem fimm nemendur í íslensku og málvísindum við Háskóla Íslands leituðu í sínum eigin gögnum að dæmum um nýjar sagnir í íslensku. Rannsóknaraðferðin byggir að hluta til á aðferðafræði Tagliamonte (2016a) og skilaði gagnasafni sem inniheldur 5.046 dæmi um 78 ólíkar sagnir. Í öðru lagi var leitað að dæmum um nýjar sagnir í Risamálheildinni (2019) og með almennri leit á netinu. Í þriðja lagi voru tekin ítarleg viðtöl þar sem fjórir málfarar á aldrinum 17–32 voru fengnir til að leggja mat á nýjar sagnir með tilliti til rökliðagerðar þeirra og merkingar.

Í þessari rannsókn var sérstaklega leitast við að finna dæmi um nýjar tveggja andlaga sagnir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nýjar sagnir sem ættu merkingarlega að geta tekið með sér þrjá rökliði koma oftast ekki fyrir með hefðbundinni tveggja andlaga setningagerð heldur frekar með aðeins einu andlagi eða þá beinu andlagi ásamt forsetningarlið sem samsvarar óbeinu andlagi. Þetta sýna dæmi um sagnir eins og

*forwarda* og *(e)maila*. Enn fremur benda niðurstöður úr viðtalshluta rannsóknarinnar til þess að sumir málhafar samþykki yfirhöfuð ekki notkun á tilteknum nýjum tveggja andlaga sögnum með hefðbundinni tveggja andlaga setningagerð heldur aðeins með beinu andlagi ásamt forsetningarlið.

## Abstract

This thesis explores novel verbs in Icelandic and their argument structures. According to some accounts in the research literature, novel verbs receive their argument structure through the process of analogy with a already existing verb. Here, I propose two counterarguments to this idea. First, there are many novel verbs which have argument structures that differ from the argument structure of their closest semantic equivalent. An example of this is the verb *googlea* ‘google’ which usually takes a direct object in the accusative, while its closest semantic equivalent *fletta upp* ‘look up’ takes an object in the dative. Second, a blocking effect (Aronoff 1976) explains the non-occurrence of certain linguistic forms that have an already existing rival. This applies to lexical borrowings as shown with the example of the borrowed verb *takea* ‘take’ in Icelandic. The verb is semantically blocked in its general meaning by its exact semantic equivalent *taka*. The verb however occurs as a lexical borrowing in a more specific meaning ‘hang onto the back of a moving vehicle’. Extensive interviews with native speakers of Icelandic show that the same applies to the English borrowings *droppa*, from the English verb *drop*, and *crasha*, from the English verbs *crash*. These verbs occur in Icelandic in various semantic contexts but are blocked in their general meaning by semantic rivals, *missa* and *klessa/eyðileggja*.

For this research, three different types of data were gathered. First, an extensive search for examples of new Icelandic verbs in private conversations on Facebook Messenger was conducted by five students of Icelandic and linguistics at the University of Iceland. This resulted in a database containing 5046 examples of 84 different verbs. The method is loosely based on previous work by Tagliamonte (2016a). Second, the Icelandic Gigaword Corpus was used to search for examples of new Icelandic verbs. Third, I conducted four in-depth interviews with speakers at the ages of 17-32 years. The speakers were asked about their semantic interpretation of certain novel verbs as well as their preferred case patterns.

The thesis has a specific focus on double object verbs. The results show that verbs that should semantically be able to have three arguments, i.e. subject, indirect object, and direct object, usually occur with only one object or a direct object and a prepositional phrase containing an indirect object. This applies to verbs such as *forwarda* ‘forward’ and



*(e)maila* ‘tmail’. The answers of participants in the interviews suggest that some speakers do not accept certain novel verbs with a typical double object construction, but rather with the prepositional construction.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	11
2. Nýjar sagnir .....	14
2.1 Hlutverk nýrra sagna .....	14
2.2 Rökliðagerðir sagna í máltöku barna.....	20
2.3 Ein sögn eða tvær?.....	23
2.4 Rökliðagerðir nýrra sagna .....	32
2.4.1 Sagnir með einu andlagi .....	33
2.4.2 Tveggja andlaga sagnir og sagnir með forsetningarlið.....	38
2.5 Samantekt á fræðilegum bakgrunni .....	43
3. Aðferðafræði.....	46
3.1 Dæmaleit á netinu .....	46
3.2 Viðtöl.....	52
4. Niðurstöður og umræður .....	55
4.1 Þolfalls- og þágufallssagnir .....	56
4.1.1 Samanburður við fyrri rannsóknir .....	58
4.1.2 Merkingarlegar hliðstæður nýrra sagna.....	63
4.2 Sagnir með forsetningarlið .....	66
4.3 Tveggja andlaga sagnir .....	69
4.3.1 Sögnin <i>græja</i> .....	70
4.3.2 Skilaboðasagnir .....	72
4.3.3 <i>Gefa</i> -sagnir .....	79
4.4 Sagnir með breytilega merkingu og fallstjórn .....	81
4.5 Samantekt á niðurstöðum og umræðu .....	85
5. Greining .....	87
6. Lokaorð.....	92
Heimildaskrá.....	93
Viðauki .....	100

## 1. Inngangur

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er nýjar sagnir í íslensku og þá einkum og sér í lagi tókusagnir úr ensku. Ljóst er að íslenska hefur verið undir sterkum áhrifum frá ensku undanfarin ár og áratugi. Nokkuð hefur verið fjallað um áhrif ensku á íslensku og þá sérstaklega með tilkomu stafrænna miðla í kjölfar snjalltækjabyltingarinnar, sem og gagnvirkra tölvuleikja, erlendra steymisveitna og raddstýrðra tækja (Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir 2021, sjá líka Helgu Hilmisdóttur 2018). Ein birtingarmynd þessara áhrifa eru ensk aðkomuorð sem eru nokkuð fyrirferðarmikil í daglegu tali, sérstaklega meðal ungs fólks. Tökuorð eru áhugaverð fyrir ýmsar sakir. Þau spretta oft af nánu sambýli tveggja tungumála eða áhrifa eins tungumáls á annað. Sú er einmitt raunin með nýjar sagnir í íslensku sem margar hverjar eiga uppruna sinn í ensku en eru teknar upp og aðlagðar að íslenskri beygingu, setningafræði og í sumum tilfellum hljóðkerfisfræði (sjá Poplack 2017).

Nokkuð hefur verið fjallað um nýjar sagnir í íslensku með tilliti til fallmörkunar og rökliðagerða sagna sem koma nýjar inn í málið. Því hefur verið haldið fram að nýjar sagnir aðlagi sig að málinu með því að spegla formgerð annarrar sagnar í málinu (e. *analogy*, Jóhanna Barðdal 2008). Þessi sögn á að vera merkingarleg hliðstæða nýju sagnarinnar. Með þessu móti ætti að vera hægt að mynda sagnapör með nýrri og gamalli sögn sem hafa sömu merkingu og sömu formgerð. Þetta reynist þó ekki alltaf auðvelt þar sem erfitt getur verið að finna beina merkingarlega hliðstæðu í málinu og ef sú hliðstæða er til er fallmörkun þeirrar sagnar alls ekki alltaf sú sama og sú fallmörkun sem náð hefur fótfestu í málinu með nýju sögninni.

Hér verður tvennum rökum beitt sem mæla gegn því að rökliðagerðir nýrra sagna byggji alfarið á rökliðagerðum merkingarlegra hliðstæðna. Annars vegar geta nýjar sagnir ekki fengið hvaða rökliðagerð sem er þegar þær koma inn í málið. Til dæmis virðast ekki vera neinar nýjar sagnir með eignarfallsandlagi, en þetta mætti skýra sem svo að sú formgerð sé ekki virk í íslensku (sjá Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhall Eyþórsson 2011, Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveigu Þórarinsdóttur 2020). Hins vegar vakna spurningar um það hvort hver einasta nýja sögn í íslensku eigi sér beina merkingarlega hliðstæðu sem þegar er til í málinu en ein ástæða þess að ný sögn er tekin upp hlýtur að vera sú að sú tiltekna merking sem nýja sögnin hefur er ekki til staðar í tilteknu tungumáli. Í þessu

samhengi má taka til greina kenningu Aronoff (1976) um hömluáhrif (e. *Blocking effect*) sem síðar hefur verið sett í samhengi við setningafræði (sjá Kroch 1994). Samkvæmt þeirri kenningu ættu nákvæmar merkingarlegar hliðstæður ekki að vera mögulegar þar sem hömluáhrif þjóna þeim tilgangi að útiloka tvímyndir. Þetta þýðir að ný sögn ætti ekki að vera tekin upp ef hún á sér beina hliðstæðu í málinu með tilliti til merkingar, setningafræði og notkunarviðs.

Í þessari ritgerð verður fjallað um formgerðir nýrra sagna í íslensku með sérstakri áherslu á tökusagnir úr ensku. Til rannsóknar eru dæmi um nýjar sagnir ásamt því samhengi sem þær koma fyrir í. Gögnum þessarar rannsóknar var aflað með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eru dæmi fengin úr einkasamtölum unglunga og ungs fólks á samskiptamiðlinum Facebook Messenger. Gagnasafnið inniheldur 5.046 dæmi um nýjar sagnir en gögnin ná yfir 11 ára tímabil, 2010–2020. Í öðru lagi fór gagnaöflun fram á netinu, bæði í Risamálheildinni (Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018) og með almennri leit á Google og Twitter. Samtals var leitað að 94 ólíkum sögnum. Í þriðja lagi voru tekin fjögur ítarleg viðtöl við einstaklinga á aldrinum 17–32 ára um tilfinningu þeirra gagnvart fallmörkun tiltekinna nýrra sagna í málinu.

Aðalviðfangsefni ritgerðarinnar er það hvernig nýjar sagnir fá formgerð úthlutað, hvort formgerðir nýrra sagna byggja á formgerð merkingarlegrar hliðstæðu þeirra eða hvort formgerðin ráðist af almennari merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar. Rannsóknarspurningarnar eru þrjár.

1. Byggir formgerð nýrrar sagnar á formgerð beinnar merkingarlegrar hliðstæðu í málinu eða á almennari merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar?
2. Koma hömluáhrif í veg fyrir að tungumál geti haft tvær sagnir með sömu merkingu, formgerð og hlutverk?
3. Er hægt að gera ráð fyrir því að ein sögn hafi fleiri en eina mögulega fallmörkun á andlagi eða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir slíkum dæmum sem fleiri en einni sögn í málkerfinu?

Þrátt fyrir að margar nýjar sagnir eigi sér merkingarlega hliðstæða sögn í málinu með sams konar rökliðagerð eru líka margar nýjar sagnir sem hafa ólíka rökliðagerð og þær sagnir sem komast næst því að vera merkingarlegar hliðstæður þeirra. Þar að auki eru

flest sagnapör sem hægt er að mynda með nýrri og gamalli sögn ekki nákvæmar merkingarlegar hliðstæður. Kenningin um hliðstæður virðist hafa margar undantekningar og þess vegna verða hér færð rök fyrir því að rökliðagerðir nýrra sagna byggja á merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar sjálfrar frekar en hliðstæðri sögn.

Uppbygging ritgerðarinnar er sem hér segir: Í 2. kafla verður fjallað um fræðilegar kenningar um rökliðagerðir sagna, hvernig málfarar læra og geyma upplýsingar um formgerðir sagna. Rætt verður um rökliðagerðir sagna, bæði með tilliti til nýrra sagna og þess hvernig málfarar tileinka sér rökliðagerðir sagna almennt á máltökuskeiði. 3. kafli fjallar um aðferðafræði við gagnaöflun þessarar rannsóknar. Fyrst er greint frá aðferðafræði við dæmaleit og síðan þeim aðferðum sem beitt var í viðtalshluta rannsóknarinnar. Í 4. kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Kaflinn skiptist í fjóra undirkafla. Í kafla 4.1 er rætt um nýjar sagnir með þolfalls- og þágufallsandlagi. Í kafla 4.2 verður greint frá sögnum sem taka með sér forsetningarlið. Kafli 4.3 fjallar um nýjar tveggja andlaga sagnir í íslensku. Í kafla 4.4 verða svo teknar fyrir nýjar sagnir sem hafa breytilega merkingu og fallstjórn eftir samhengi. 5. kafli fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar og greiningu á gögnum og í 6. kafla eru lokaorð.

## 2. Nýjar sagnir

Þessi kafla fjallar um ástæður þess að nýjar sagnir eru teknar upp í málinu og hvernig það ferli fer fram. Í kafla 2.1 verður fjallað um hlutverk nýrra sagna, hvers konar sagnir það eru sem teknar eru upp og aðlagðar að íslensku og hvernig sagnir koma síður inn í málið. Í kafla 2.2 verður fjallað um það hvernig börn læra sagnir og rökliðagerðir þeirra. Þá verður þeirri spurningu velt upp hvernig börn læra upplýsingar um rökliðagerðir hvernar sagnar og hvernig þessar upplýsingar eru geymdar, m.t.t. orðasafns hugans eða almennrar málkunnáttu. Í kafla 2.3 verður fjallað um það hvort ein sögn geti haft fleiri en eina rökliðagerð eða hvort gera þurfi ráð fyrir tveimur sögnum í orðasafninu þegar fleiri en ein rökliðagerð kemur til greina. Að lokum verður fjallað um rökliðagerðir nýrra sagna í kafla 2.4, annars vegar sagna með einu andlagi en hins vegar tveggja andlaga sagna. Þá verður reynt að gera grein fyrir því hvaða merkingarlegu eiginleikar tilheyra þolfalli og þágufalli og hvaða formgerðir sagna eru virkar í málinu, að því leyti að þær geti bætt við sig nýjum orðum.

### 2.1 Hlutverk nýrra sagna

Nýjar sagnir eru stöðugt að bætast við í málinu. Sumar þeirra ná fótfestu og eru í virkri notkun í daglegu tali meðal almennings eða ákveðinna samfélagshópa til lengri tíma. Margar þeirra hverfa þó jafn skjótt og þær koma inn í málið, meðal annars vegna þess að margar nýjar sagnir eru teknar upp til þess að lýsa nýjungum, t.d. tækninýjungum, sem margar verða úreltar á nokkrum árum. Þetta sýnir samanburður milli rannsókna á erlendum tökusögnum í íslensku sem ná til svipaðs tímabils, en þar er oft lítil skörun á sögnum sem teknar eru til greina (sjá t.d. tökusagnir í rannsókn Jóhönnu Barðdal 2008 og Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur 2020 samanborið við þessa rannsókn). Nánar verður fjallað um það sem kalla mætti veltu á tökusögnum í íslensku í 4. kafla hér á eftir.

Hingað til hafa nokkrir fjallað um rökliðagerðir erlendra tökusagna í íslensku (sjá m.a. Jóhönnu Barðdal 2008, Jóhannes Gísla Jónsson og Rannveigu Þórarinsdóttur 2020) en nýjar sagnir hafa sérstaklega nýst sem rannsóknarefni á fallstjórn og rökliðagerðum sagna í íslensku. Fyrri verk nefna fleiri tugi tökusagna en nokkuð stór hluti þessara orða

hefur annaðhvort náð lítilli útbreiðslu eða er þegar orðinn úreltur. Það sama á við um margar sagnir þessarar rannsóknar en gögnin ná aftur til ársins 2010 og eru því margar sagnir í gagnasafninu í lítilli sem engri notkun í dag. Þær sagnir eru engu að síður áhugaverð heimild um eðli nýrra sagna, ekki síst með tilliti til fallmörkunar og rökliðagerðar þeirra.

Í ljósi þessa mikla fjölda nýrra sagna sem hefur komið og farið í íslensku nútímamáli undanfarna áratugi er vert að athuga hvort það séu einhverjar reglur eða hömlur sem gilda um það hvaða sagnir eru teknar upp og aðlagðar að íslensku. Hljóðkerfisfræðilegur munur á ensku og íslensku virðist ekki vera sérstök fyrirstaða þess að ensk sögn geti verið tekin upp í íslensku. Til að mynda er tvinnhljóðið [tʃ] almennt ekki að finna í íslensku hljóðkerfi þó svo að notkun þess virðist hafa færst í aukana undanfarin ár (sjá umræðu hjá Bjarka M. Karlssyni 2007 og Hildi Hafsteinsdóttur o.fl. 2021). Það kemur þó ekki í veg fyrir að enskar sagnir sem innihalda þetta hljóð séu teknar upp í íslensku. Nokkrar af algengustu tókusögnunum úr ensku hefjast einmitt á umræddu tvinnhljóði (sjá nánari tölfræði í 4. kafla), til að mynda sögnin *checka* (líka skrifað *tékka* eða *tjekka*) af ensku sögninni *check*, og sögnin *chilla* (líka skrifað *tjilla*) sem kemur af ensku sögninni *chill*. Þessar tókusagnir eru ýmist bornar fram með enska tvinnhljóðinu [tʃ] í upphafi orðs eða aðlagðar að íslensku hljóðkerfi. Þá er tvinnhljóðinu skipt út fyrir tvö hljóð, [tʰ] og [j]. Það sama á við um sagnir sem hafa áherslu sem ekki er að finna í íslensku. Þetta á t.d. við um sögnina *attenda* sem dregin er af ensku sögninni *attend*. Í ensku er áherslan á öðru atkvæði sagnarinnar en ekki því fyrsta eins og venja er í íslensku. Þessi sögn, rétt eins og fyrrnefndar tvinnhljóðasagnir, kemur ýmist fyrir í íslensku með áherslu á fyrsta eða öðru atkvæði, þ.e.a.s. það er bæði hægt að aðlaga tókusagnir að íslenskri atkvæðagerð og innleiða sagnir í íslensku með erlendri atkvæðagerð.<sup>1</sup>

Sagnir sem byrja á tvinnhljóði eru ágæt dæmi um það hvernig ritháttur erlendra tókusagna og annarra aðkomuorða er aðlagður að íslensku. Ritháttur á samfélagsmiðlum, þá sérstaklega í snarskilaboðum (e. *instant messaging*) eins og á Facebook Messenger, getur verið mjög skapandi og samræmist oft ekki stöðluðum ritreglum tungumálsins. Eitt af fjórum aðaleinkennum netsamskipta samkvæmt

---

<sup>1</sup> Sjá nánari umfjöllun um íslenskan framburð á enskum orðum í MA-ritgerð Hildar Hafsteinsdóttur (2019) og tvinnhljóðaframburð í máli íslenskra barna í BA-ritgerð Egils Magnússonar (2019).

Androutsopoulos (2011) er óvenjuleg notkun stafatákna (e. *graphostylistics*) og er lyklaborðið meðal annars notað á skapandi hátt til þess að brúa bilið milli talaðs máls og ritaðs máls á internetinu.<sup>2</sup> Þetta er ein ástæða þess að tökusagnir koma fyrir á netinu með margvíslegum og oft frumlegum rithætti en það getur torvelað dæmaleit á netinu töluvert. Margar erlendar sagnir sem teknar eru upp í íslensku innihalda stafi eða stafsetningu sem samræmist ekki íslenskri stafsetningu. Stafsetning þessara tökusagna helst ýmist eins og hún kemur fyrir í upprunamálinu, auk íslenskrar beygingarendingar, eða er aðlöguð að íslenskri stafsetningu að nokkru eða öllu leyti. Þetta gerir það að verkum að margar tökusagnir hafa fleiri en einn rithátt. Til dæmis kemur enska sögnin *chill* ýmist fyrir í íslensku sem *chilla* eða *tjilla*, en enska sögnin *google* hefur að minnsta kosti fimm ólíka rithætti sem tökusögn í íslensku: *googlea*, *google-a*, *googla*, *gúgla*, *gúggla*. Til þess að gæta samræmis verða enskar tökusagnir í þessari ritgerð almennt ritaðar með enskum rithætti auk íslenskrar beygingarendingar. Þessu er erfitt að fylgja eftir til hlítar, þar sem þessi ritháttur getur valdið misskilningi í framburði, t.d. er sögnin *dropa* rituð með tvöföldum samhljóða til þess að forðast rugling við íslensku sögnina *dropa*. Í mörgum tilfellum hefur skapast hefð fyrir íslenskuðum rithætti á erlendri tökusögn og getur það kerfi sem hér er fylgt því komið einkennilega út. Þetta ritunarkerfi þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að gæta samræmis á rithætti milli sagna og til þess að lesandanum sé ljóst hvaða erlenda sögn liggur að baki.

Þrátt fyrir að engin augljós merki séu um hljóðkerfisfræðilega fyrirstöðu þegar kemur að upptöku enskra tökusagna í íslensku er ekki þar með sagt að það sé hægt að taka hvaða erlendu sögn sem er upp í íslensku. Til dæmis eru það ekki bara algengustu sagnirnar í ensku sem verða að tökusögnum í íslensku. Í (1) hér að neðan koma fram 30 algengustu sagnirnar í ensku (Corpus of Contemporary American English (COCA), Davies 2011-).

- 1) be, have, do, say, go, get, can, know, will, would, make, think, see, come, take, want, could, look, use, tell, find, give, need, should, work, try, let, call, may, mean.

---

<sup>2</sup> Sjá nánari umfjöllun um rithátt slangurs meðal unglunga á internetinu hjá Ragnheiði Jónsdóttur og Helgu Hilmisdóttur (2021).



Fyrir það fyrsta eru margar af algengustu sögnunum í ensku hjálparsagnir. Hjálparsagnir eru lokaður orðflokkur, þ.e.a.s. orðflokkur sem bætir almennt ekki við sig orðum. Engin þessara 30 algengustu sagna virðist vera sérstaklega algeng tökusögn í íslensku, sama hvort um er að ræða hjálparsagnir eða aðalsagnir. Sumar aðalsagnir í (1) virðist nánast ómögulegt að nota sem tökusagnir í íslensku. Tökum sem dæmi þá aðalsögn sem hefur hæsta tíðni í ensku samkvæmt COCA-málheildinni, sögnina *say*. Enskar tökusagnir eru yfirleitt aðlagðar að íslensku með því að bæta íslenskri beygingarendingu aftan við upprunalegu sögnina. Nýjar sagnir fá í langflestum tilfellum veika beygingu þó svo að dæmi séu til um annað, þ.á m. er sögnin *tweeta* (*tvíta*) sem stundum fær sterka beygingu, líklega í gamansömum tilgangi, og kemur þá fyrir í 1. persónu í þátíð sem *tveit*. Í nafnhætti yrði þá sögnin *saya* í íslensku. Þessa sögn er hvergi að finna sem tökusögn í íslensku, hvorki í Facebook-gagnasafninu, sem nánar verður greint frá í 3. og 4. kafla þessarar ritgerðar, né á netinu eða í Risamáheildinni. Enska sögnin *say* finnst þó í einu dæmi í Facebook-leitinni, sjá (2).

- 2) A: hvað eigum við að hafa í kvöldmat?  
A: mamma er að stinga upp á kótilettum  
A: ? :D  
B: I **say** pulsur..  
A: ég er sammála  
A: nenniggi neinu veseni  
B: That is so einfalt  
B: And doesn't take much tími  
C: jáá það er nice! en líka bara einfalt að taka pulsur.. held það seu 10 i pakka og við erum 5, 2 á mann ef við kaupum saman!  
B: You skilja me?  
A: jább.<sup>3</sup>

Hér er enska sögnin *say* ekki aðlöguð að íslensku heldur notuð í málavíxlum (e. *code switching*) sem er eitt af aðaleinkennum íslensks unglíngamáls (Helga Hilmisdóttir 2018). Erlend orð sem notuð eru í málavíxlum eru ólík erlendum tökuorðum að því leyti að tökuorð aðlaga sig að málinu þegar kemur að beygingu, setningafræði og í sumum tilfellum hljóðkerfisfræði eins og komið hefur fram í umræðu um sögnina *chilla*. Í

---

<sup>3</sup> Bestu þakkir til þátttakenda þessa samtals sem veittu skriflegt leyfi fyrir birtingu textabrotsins í (2).

málavíxlum er um að ræða skipti málhafa milli tveggja eða fleiri ólíkra tungumála innan sömu setningar (Poplack 2017). Almennt virðist enska sögnin *say* ekki hafa verið tekin upp sem tökuorð í íslensku, hugsanlega vegna þess að merking hennar virðist ekki bæta neinu við merkingu íslensku sagnarinnar *segja*. Þar að auki hljómar enska sögnin nákvæmlega eins og sú íslenska þegar hún er aðlöguð að íslensku í nafnhætti, þ.e. [seij:a].

Önnur af algengustu aðalsögnunum í ensku er *take*. Þessi sögn hefur verið tekin upp í íslensku en þó ekki í sinni almennu merkingu ‚taka‘ heldur í sérstakri yfirfærðri merkingu, ‚hanga aftan í bifreið á ferð í snjó og hálfu‘ og fær þá íslenskan rithátt, *teika* (Guðrún Kvaran 2009). Sögnina virðist því vera hægt að aðlaga að íslensku en engu að síður virðist ekki mögulegt að nota sögnina *takea* í íslensku í sinni almennu merkingu í ensku, þ.e. ‚taka‘, sbr. (3).<sup>4</sup>

- 3) a. Tókst þú bókina?
- b. \*Teikaðir þú bókina?
- c. Teikaðir þú bílinn?

Þá hljómar til dæmis setning eins og í (3b) óeðlilega en setning eins og í (3c) eðlilega, þó svo að þessi iðja og þar með þessi sögn sé ekki algeng í dag. Erlendar sagnir virðast ekki vera teknar upp í íslensku ef þær hafa sömu merkingu og önnur sögn sem þegar er til í málinu. Þetta er óháð því hversu algengar ákveðnar sagnir eru í íslensku málumhverfi, til dæmis þegar litið er til stafræns málsambýlis íslensku við ensku í kjölfar snjalltækjabyltingarinnar. Þetta sýna dæmi um ensku sagnirnar *say* og *take*, sem eru meðal algengustu sagna í ensku en er ekki hægt að taka upp sem tökusögn í íslensku í sinni almennu merkingu. Sögnin *take* hefur hins vegar verið notuð í íslensku sem tökusögn í sértækri merkingu eins og í (3c), í samhengi þar sem sögnin á sér ekki beina merkingarlega hliðstæðu í málinu.

Þetta má skýra með kenningu Aronoff (1976) um hömluáhrif, en þau þjóna þeim tilgangi að útiloka hvers konar tvímyndir sem koma upp í tungumálinu. Þetta á við um orð og orðhluta en hugmyndinni hefur verið beitt víðar, svo sem í setningafræði (sjá Kroch 1994). Eitt dæmi um virkni hömluáhrifa er þegar börn alhæfa fyrst reglu um fleirtölumynd sterkra karlkyns nafnorða í íslensku og til verður orðmynd eins og \**maðar*.

---

<sup>4</sup> Hér er áhugavert að um er að ræða enska tökusögn í íslensku, *teika* af sögninni *take*, sem hefur sömu rót og íslenska sögnin *taka*.

Þegar barnið lærir síðan óreglulega fleirtölu orðsins, *menn*, verður til samkeppni milli orðmynda en önnur orðmyndin kemur þá til með að útiloka hina fyrir tilstilli hömluáhrifa. Það sama á við þegar kemur að upptöku enskra tökuorða í íslensku. Þá verða hömluáhrif til þess að koma í veg fyrir tvímyndir, þ.e. tvær sagnir sem hafa nákvæmlega sömu merkingu og tilgang (sjá nánari umfjöllun um hömluáhrif í kafla 2.3 hér á eftir).

Þó koma upp dæmi í daglegu tali þar sem ýmsar enskar sagnir eru notaðar með íslenskri beygingarendingu og taka þannig á sig form tökusagnar, þrátt fyrir að viðkomandi sögn sé merkingarlega náskyld annarri sögn sem þegar er til í íslensku. Þetta á sérstaklega við þegar töluð er íslenska í tengslum við stafræna tækni sem hefur viðmót á ensku. Þessar sagnir verða oft til þegar málhafi les enska sögn af skjá og innleiðir hana á augabragði inn í íslenska setningu. Þetta á til dæmis við um sögnina *createa*. Þessi sögn á sér merkingarlega hliðstæðu í íslensku, *búa til*, og bætir í raun engu við merkingu hennar.<sup>5</sup> Sögnin *createa* ætti því samkvæmt kenningunni um hömluáhrif að vera útilokuð í íslensku vegna málfræðilegrar samkeppni (e. *grammar competition*) við sögnina *búa til*. Slíkar tökusagnir verða þó til í sérstöku umhverfi, eins og til dæmis í samhengi við ákveðinn tölvuleik eða forrit á ensku. Þá er sögnin *createa* notuð til að vísa til ákveðinnar skipunar sem í viðkomandi stafræna umhverfi kallast *create*. Slíkt dæmi gæti komið fram í samhengi þar sem einstaklingur velur skipunina *create new character* og lýsir því við meðspilara sinn á íslensku, sbr. (4a). Sögninni er hins vegar ekki almennt hægt að skipta út fyrir íslensku sögnina *búa til*, sbr. (4b-c).

- 4) a. Ég *createaði* nýjan karakter.
- b. Hún bjó til skutlu úr blaðinu.
- c. \*Hún *createaði* skutlu úr blaðinu.

Dæmi (4b-c) sýnir sagnarpar þar sem önnur sögnin er íslensk en hin er tökusögn úr ensku með sömu grunnmerkingu og íslenska sögnin. Erlenda tökusögnin getur ekki gegnt sama hlutverki og sú sögn sem til er fyrir í íslensku, sbr. (4c), heldur er aðeins hægt að nota hana í sérstöku stafrænu umhverfi þar sem vísað er til ensku skipunarinnar *create* eins og í (4a). Í næsta undirkafla verður nánar fjallað um merkingu nýrra sagna í íslensku og áhrif merkingar á fallmörkun nýrra sagna.

---

<sup>5</sup> Önnur hugsanleg hliðstæða sagnarinnar *createa* er sögnin *skapa*.

## 2.2 Rökliðagerðir sagna í máltöku barna

Aðalumfjöllunarefni ritgerðarinnar er það hvaða reglur gilda þegar nýjar sagnir í málinu fá rökliðagerð. Til þess að geta svarað þessari spurningu er gagnlegt að skoða fyrst tungumálið út frá máltöku barna, þ.e. hvernig við lærum reglur tungumálsins (sjá t.d. O'Grady 2005, Yang 2016) og hvernig á að beita þeim. Það er ekki eitt einfalt svar við því hvernig börn læra reglur og undantekningar í málinu á eins skömmum tíma og raun ber vitni. Eitt aðaleinkenni barnamáls er það að börn virðast læra algengustu eða almennustu reglurnar fyrst og alhæfa þær (sjá t.d. O'Grady 2005). Þetta á til dæmis við um karlkyns fleirtöluendinguna *-ar* sem er algengasta leiðin til að mynda fleirtölu sterkra karlkyns nafnorða í íslensku. Þetta er hin svokallaða ómarkaða fleirtala sterkra karlkyns nafnorða (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013:160–163), en hún kemur fyrir í orðum eins og *hundur-hundar*, *bátur-bátar*, *diskur-diskar*. Þegar barn hefur náð tökum á þessari reglu er líklegt að það muni fyrst um sinn alhæfa regluna með öðrum sterkum karlkyns nafnorðum sem hafa fleirtöluendingu sem ekki er eins algeng eða almenn í málinu. Þannig verður stundum tímabundið til fleirtölumyndin *maðar* í máli barns af orðinu *maður* áður en barnið lærir óreglulegu fleirtöluna *menn* (Sigríður Sigurjónsdóttir 1986).

Loks læra börn rökliðagerðir sagna, án nokkurrar leiðsagnar eða kennslu heldur aðeins af því sem þau verða vitni að í málumhverfi sínu. Þetta gera þau með því að sankna að sér upplýsingum um sagnir í málinu, t.d. um það hvaða rökliðagerðir passa við hvaða sagnir (Pinker 1989). Sköpunarmáttur málsins, sem oft er fjallað um í sambandi við málkunnáttufræði (e. *generative grammar*) gerir málhöfum kleift að framkalla óendanlega margar tækar setningar út frá reglum tungumálsins. Þannig getum við framkallað málfræðilega tækar setningar sem við höfum aldrei heyrt áður eða jafnvel setningar sem aldrei hafa verið sagðar áður. Þar sem börn á máltökuskeiði hafa aðeins aðgang að jákvæðu ílagi, þ.e.a.s. að því sem sagt er, sem er að langmestu leyti tækar setningar, vakna spurningar um það hvernig börn læra hvað er ekki hægt að segja, þar sem það er nánast ekkert um neikvætt ílag í málumhverfi þeirra (sjá t.d. Boyd og Goldberg 2011). Þar að auki hafa verið færð rök fyrir því að neikvætt ílag eða leiðréttingar gagnist börnum lítið sem ekkert í máltökunni (sjá m.a. O'Grady 2005).

Þessu vandamáli, þ.e. hvernig börn læra hvað er ekki hægt að segja, er hægt að lýsa með þverstæðu Baker (e. *Baker's Paradox*, Baker 1979). Þar er fengist við það hvernig börn læra að setningin í (5d) sé ekki tæk þó svo að setningarnar í (5a-c) séu það. Setningapör eins og í (5a-b) hafa verið kölluð þágufallsvíxl (e. *dative alternation*).

- 5) a. She gave the book to them.
- b. She gave them the book.
- c. She donated the book to the library.
- d. \*She donated the library the book.

Þessar tvær rökliðagerðir tveggja andlaga sagnarinnar *give* í ensku hafa vakið spurningar um það hvers vegna til séu tvær rökliðagerðir sem þýða það sama. Þetta veldur meðal annars vandræðum fyrir kenningu Mark Baker (1988) um úthlutun merkingarhlutverka, UTAH (e. *Uniformity of Theta-Assignment Hypothesis*). Samkvæmt UTAH eiga sams konar vensl milli merkingarhlutverka að vera tjáð með sams konar formgerð. Þetta þýðir að ef merking setninganna í (5a) og (5b) er nákvæmlega sú sama ætti ekki að vera hægt að tjá þá merkingu með tveimur ólíkum rökliðagerðum. Þetta er í beinu samræmi við kenningar um hömluáhrif í setningafræði (sjá Kroch 1994). Baker reynir að leysa þetta vandamál með því að segja að um sé að ræða sams konar djúperð (e. *D-structure*) sem birtist síðan með tveimur ólíkum setningum í yfirborðsgerð (e. *S-structure*) (Baker 1997).

Önnur lausn á því vandamáli sem þverstæða Baker skapar er að merking setninga eins og í (5a-b) sé ekki nákvæmlega sú sama heldur sé um að ræða merkingarlegan blæbrigðamun milli þessara tveggja rökliðagerða. Þá er átt við að með óbeinu andlagi eins og í (5b) sé lögð áhersla á breytingu á ástandi hlutar, þ.e. sjálf eignaskiptin, en að með rökliðagerðinni í (5a), þar sem óbeina þágufallsandlagið er innan forsetningarliðarins á eftir beina andlaginu, sé lögð áhersla á hreyfingu hlutarins í átt að marki (e. *goal*)<sup>6</sup> (sjá Gropen o.fl. 1989, Pinker 1989, Bresnan o.fl. 2007). Þá getur verið að sögnin *give* í (5b) hafi möguleika á merkingu þar sem sérstök áhersla er lögð á eignaskiptin frekar en hreyfingu hlutarins, en sögnin *donate* í (5d) geti það hins vegar ekki þar sem viðtakandinn, í þessu tilfelli bókasafnið, er almennt ekki lifandi persóna með þessari sögn

---

<sup>6</sup> Hér er hugtakið *viðtakandi* notað til þess að lýsa með einu orði viðtakendum, skynjendum og njótendum (sjá Kiparsky 1987, Maling 2001).

og getur því ekki tekið við eigninni með eiginlegum hætti.<sup>7</sup> Þetta hefur einnig verið skýrt með þeim hætti að sögnin *donate* hafi aðeins eignaskiptamerkingu en ekki færslumerkingu en sögnin *give* hafi aftur á móti hvort tveggja (Beavers 2011:30–33).

Svipað er uppi á teningnum þegar kemur að íslenskum sögnum sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli á andlagi sínu.<sup>8</sup> Þá er merkingin oft ekki nákvæmlega sú sama eftir því hvoru fallinu sögnin stýrir. Tökum sem dæmi sögnina *klóra*, sbr. (6) (sjá sambærileg dæmi hjá Maling 2002:64, Jóhönnu Barðdal 2008, Irisi Eddu Nowenstein 2023).

- 6) a. Stelpan klóraði kettinum.
- b. Stelpan klóraði köttinn.

Hér er um að ræða lágmarkspar þar sem andlagið er annars vegar í þágufalli en hins vegar í þolfalli. Báðar setningarnar eru tækar og merking þeirra er svipuð en þó ekki nákvæmlega sú sama. Þágufallið í (6a) bendir til þess að merkingarhlutverk andlagsins sé mark, eða nánar tiltekið njótandi, þar sem kötturinn nýtur góðs af verknaðinum. Í (6b) er kötturinn aftur á móti í þolfalli og er merkingarhlutverk andlagsins í þetta sinn frekar þolandi verknaðarins en mark eða njótandi, kötturinn nýtur ekki góðs af verknaðinum heldur hlýtur skaða af honum. Til dæmis væri hægt að bæta við setninguna í (6b) og segja *stelpan klóraði köttinn til blóðs* en það sama væri ekki hægt að gera í (6a), *\*stelpan klóraði kettinum til blóðs*.

Hér hafa verið tekin tvö dæmi um sagnir sem hafa fleiri en eina mögulega rökliðagerð, annars vegar ensku sögnina *give* í (5a-b) og hins vegar íslensku sögnina *klóra* í (6a-b). Það eina sem skilur að þessi setningapör er merkingarlegur blæbrigðamunur. Hér er rétt að staldra við og spyrja nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi, hvernig læra börn muninn á rökliðagerðum eins og í (6a-b) og hvernig eru þessar upplýsingar geymdar? Og í öðru lagi, hvaða merkingarlegu eiginleikar eru það sem skilja að túlkun á setningum eins og (6a-6b)? Í kafla 2.3 verður reynt að svara þessum spurningum. Fyrst verða teknar til

---

<sup>7</sup> Þetta hefur líka verið sýnt fram á með sögninni *send* í ensku þar sem óbeina andlagið verður að vera lifandi eða a.m.k. fært um að taka við því sem er sent, sbr. *She sent the money to her brother/her brother the money* og *She sent the money to Manila/\*Manila the money* (Haspelmath 2015:8, sjá einnig Rappaport Hovav og Levin 2008).

<sup>8</sup> Jóhannes Gísli Jónsson (2005:404) hefur tekið saman eftirfarandi lista íslenskra sagna sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli á beinu andlagi: *ausa, greiða, grýta, hella, henda, hita, hlaða, kamba, klessa, klóra, ljúga, loka, lýsa, læsa, moka, pumpa, raka, ryðja, skjóta, skola, slá, smala, smyrja, snúa, sópa, sparka, spila, sprauta, stínga, strjúka, troða, þeyta, þurrka, þvo*.

greina kenningar um það hvernig upplýsingar um rökliðagerðir sagna eru geymdar, þ.e. hvort upplýsingar um fall á andlagi sagnar séu geymdar í orðasafni eða tilheyri almennri málkunnáttu málfhafans. Því næst verða fyrri rannsóknir á merkingarlegum eiginleikum þolfalls og þágufalls teknar saman. Að lokum verður rætt hvort eigi heldur að gera ráð fyrir að ein sögn geti haft fleiri en eina rökliðagerð í dæmum eins og (6a-b) eða hvort gera eigi ráð fyrir að um sé að ræða tvær sagnir í orðasafninu sem hafa hvor um sig eina mögulega rökliðagerð.

### 2.3 Ein sögn eða tvær?

Hér á undan var greint frá því hvernig börn á máltökuskeiði alhæfa algengustu fleirtöluendingu sterkra karlkyns nafnorða í íslensku, *-ar*, þar til þau hafa náð tökum á sértækari reglum um fleirtölumyndun fyrir þennan hóp orða. Þegar börn læra fallmörkun og rökliðagerðir sagna er um að ræða sams konar ferli þar sem algengustu og almennustu reglurnar lærast fyrst og eru alhæfðar þar til málfafi hefur náð tökum á sértækari reglum. Loks verða hömluáhrif (Aronoff 1976, Kroch 1994) til þess að útiloka tvímyndir og þá verður afgangsskilyrðið (Kiparsky 1973, Halle og Marantz 1993) til þess að sértækari reglan er valin fram yfir þá almennari þannig að barnið endar með því að velja fleirtölumyndina *menn* fram yfir *maðar*.

Nú vakna spurningar um það hvað gerist þegar barn hefur lært tvær rökliðagerðir með einni sögn, t.d. sögninni *klóra* sem getur tekið með sér bæði þolfalls- og þágufallsandlag. Þá er spurningin hvort hægt sé að gera ráð fyrir fleiri en einni rökliðagerð með sömu sögn eða hvort gera þurfi ráð fyrir tveimur sögnum, þ.e. *klóra* + þf. og *klóra* + þgf. og hvaða þýðingu það hefur fyrir nýjar sagnir, einkum þær sem hafa fleiri en eina merkingu og rökliðagerð. Þá er spurningin hvernig eigi að túlka slíkar sagnir með tilliti til hugmyndarinnar um merkingarlegar og formgerðarlegar hliðstæður nýrra sagna. Til þess að geta svarað þessari spurningu verður gerð grein fyrir kenningum um það hvernig upplýsingar um fallmörkun sagna eru geymdar. Síðan verða tekin dæmi úr fleiri tungumálum sem sýna breytilega fallmörkun andlaga (sjá t.d. Bárány og Kalin 2020). Þessi dæmi sýna að sagnir með fleiri en eina rökliðagerð finnast víða í tungumálum heimsins og ráðast oft af lifun andlagsins eða því hvort andlagið er tiltekið eða ótiltekið.

Enn fremur sýna þessi dæmi að oft er ekki um tvígreiningu að ræða heldur skala, t.d. lífunarskala, og ræðst þá fallmörkun sagnarinnar af því hvar á skalanum andlagið er. Slík dæmi benda til þess að hægt sé að gera ráð fyrir einni sögn sem hefur fleiri en eina mögulega rökliðagerð. Loks verða tekin dæmi um innri breytileika í íslensku sem benda til þess að ein sögn geti stýrt fleiri en einu falli á aukafallsfrumlagi.

Falli nafnliða í íslensku er stundum skipt í formgerðarfall (e. *structural case*) og orðasafnsfall (e. *lexical case*). Formgerðarfall er það fall sem ræðst af yfirborðsgerð setninga, þ.e.a.s. almennum reglum um stöðu liða í setningu. Til dæmis er nefnifall formgerðarfall á frumlagi en þolfall er formgerðarfall á beinu andlagi í íslensku. Orðasafnsfall er hins vegar sértækara en formgerðarfall. Það ræðst af aðalsögn í setningu og er geymt sem hluti af sögninni í orðasafninu (Jóhannes Gísli Jónsson 1997–1998). Þetta á til dæmis við um þágufall og eignarfall í íslensku, en líka þolfall á frumlagi.<sup>9</sup> Í (6) er um að ræða umsögn sem getur annaðhvort tekið með sér andlag í formgerðarfalli, þ.e. þolfalli sem úthlutað er af setningagerðinni, eða stýrt orðasafnsfalli, þágufalli, á andlaginu.

Máltakan byggir að miklu leyti á því að börn meðtaka þau orð og orðasambönd sem þau verða vitni að í umhverfi sínu og flokka þær upplýsingar. Þannig búa þau til reglur sem þau geta síðan beitt til þess að mynda sínar eigin orðmyndir og setningar sem þau hafa ekki endilega heyrt áður. Ýmsir hafa haldið því fram að máltaka barna byggir fyrst og fremst á tíðni. Þá er yfirleitt átt við tíðni ákveðinna reglna (Yang 2002:69–70, 2016), t.d. beygingarflokka eða rökliðagerða. Það þýðir að eftir því sem tíðni ákveðinnar reglu er hærri, því fyrr tileinkar barnið sér þá reglu og alhæfir hana. Aðrir hafa haldið því fram að máltakan byggir á tíðni einstakra orða frekar en tíðni reglna og enn aðrir vilja meina að um sé að ræða blöndu af hvoru tveggja. Pinker (1999) heldur því fram að börn myndi t.d. þátíð reglulegra sagna út frá reglum en að þátíð óreglulegra sagna læri þau orð fyrir orð og að þátíðarmynd óreglulegra sagna sé geymd í orðasafninu.

---

<sup>9</sup> Nýlegri greining gerir ráð fyrir formgerðarfalli (e. *structural case*) og orðasafnsfalli (e. *lexical case*) en að orðasafnsfalli megi síðan greina niður í innbyggt fall (e. *inherent case*) og furðufall (e. *quirky* eða *idiosyncratic case*) (Woolford 2006, sjá einnig Þórhall Eyþórsson 2008). Þá er reglufall fyrirsegjanlegt út frá merkingu umsagnarinnar en furðufall er aftur á móti algerlega ófyrirsegjanlegt. Jóhannes Gísli Jónsson (2013b) leggur í kjölfarið fram enn eina greiningu þar sem hann gerir ráð fyrir formgerðarfalli (e. *structural case*) og aukafalli (e. *oblique case*) en það síðarnefnda skiptist síðan í tvo flokka, orðasafnsfall (e. *lexical case*) og eðlislægt fall (e. *inherent case*). Enn önnur útfærsla kemur fyrir hjá Einari Frey Sigurðssyni (2017) sem notast við hugtökin *structural* og *nonstructural case*, sem svo skiptist í *inherent* og *quirky case* (sjá nánar hjá Hlíf Árnadóttur 2021:30).



Dæmi (6) sýnir tvær algengar rökliðagerðir í íslensku, nefnifall-þolfall (hér eftir nf.-þf.) og nefnifall-þágufall (hér eftir nf.-þgf.). Fyrirnefnd rökliðagerð er þó töluvert algengari, þ.e. hefur hærri tegundartíðni (e. *type frequency*) en sú síðarnefnda. Þetta kemur til dæmis fram í rannsókn Jóhönnu Barðdal (2008) þar sem hún skoðar rökliðagerðir sagna í íslensku út frá virkni (e. *productivity*). Þar koma fyrir flokkar eins og nf.-þf. sagnir, þ.e.a.s. sagnir með frumlag í nefnifalli og beint andlag í þolfalli, og nf.-þgf., þar sem frumlagið er í nefnifalli og beint andlag í þágufalli. Þessa flokka sagna greinir hún síðan í undirflokkar eftir merkingu. Jóhanna færir rök fyrir því að nf.-þf. ætti að vera virkasta rökliðagerð sagna í íslensku, vegna þess að sú rökliðagerð hefur bæði hæstu tegundartíðnina og þar að auki flesta merkingarlega undirflokkar (2008:55).

Í dæmi (6) mætti ætla að barn lærði aðra setningagerðina fyrst og alhæfði hana á kostnað hinnar þar til það hefur náð tökum á báðum setningagerðum. Barnið myndi þá að öllum líkindum læra setningagerðina í (6b) fyrst, þ.e. með þolfallsandlagi, og alhæfa hana. Fyrir því höfum við séð nokkur rök. Í fyrsta lagi hefur nf.-þf. rökliðagerðin hærri tegundartíðni en nf.-þgf. rökliðagerðin (sbr. Jóhönnu Barðdal 2008). Ef við gerum ráð fyrir því að máltaka barna byggji á tíðni þannig að algengustu reglurnar, þær reglur sem hafa hæsta tíðni í málumhverfi barns, lærist fyrst ætti nf.-þf. rökliðagerðin að lærast á undan nf.-þgf. rökliðagerðinni. Í öðru lagi er þolfall formgerðarfall á andlagi í íslensku en þágufall er orðasafnsfall á andlagi (sbr. Jóhannes Gísla Jónsson 1997–1998). Formgerðarfall er þá það fall sem er almennt úthlutað til beinna andlaga í íslensku út frá setningagerðinni rétt eins og nefnifall er formgerðarfall á frumlagi. Þágufall er aftur á móti orðasafnsfall í íslensku. Það þýðir að þágufalli er ekki úthlutað af setningagerðinni sjálfri heldur ræðst það af aðalsögn í setningu. Þágufallið í (6a) er því sértækara en þolfallið í (6b) og þess vegna getum við gert ráð fyrir því að barn læri rökliðagerðina í (6b) á undan þeirri í (6a).

Síðar á máltökuskeiðinu mun barnið læra sértækari regluna, það að sögnin *klóra* geti stýrt þágufalli á andlagi. Þegar börn á máltökuskeiði fara að læra sértækari reglur til viðbótar við þær algengustu standa þeim tveir möguleikar til boða, almenna reglan sem þau hafa alhæft fram að þessu og sértækari reglan. Þetta þýðir að þegar barn hefur fyrst lært algengustu fleirtölumynd sterkra karlkyns nafnorða í íslensku, *-ar*, og alhæft þá reglu verður til fleirtölumyndin *maðar* af orðinu *maður* í máli barnsins. Síðar lærir barnið að óregluleg fleirtala karlkyns nafnorðsins *maður* sé *menn* en þá býr barnið yfir tveimur

leiðum til þess að mynda fleirtölu af orðinu *maður*. Hér hefur afgangsskilyrðið (e. *Elsewhere condition*, Kiparsky 1973, Halle og Marantz 1993) verið sett í samhengi við líkindafræðilega nálgun á máltöku barna (Yang 2002, 2016). Þá er átt við að þegar barn hefur náð tökum á sértækri reglu til viðbótar við þá algengustu muni það taka sértækari regluna fram yfir þá almennari. Í tilfelli orðsins *maður* mun þá sértækari fleirtölumyndin *menn* verða valin fram yfir ómarkaða fleirtöluviðskeytið *-ar*.

En hvernig gengur þetta ferli fyrir sig þegar kemur að lágmarkspörum eins og í (6)? Þar er um að ræða eina sögn, *klóra*, sem bæði getur haft nf.-þf. rökliðagerð og nf.-þgf. rökliðagerð.<sup>10</sup> Þar sem nefnifall er formgerðarfall á frumlagi og þolfall er formgerðarfall á andlagi, og nf.-þf. rökliðagerðin er algengasta rökliðagerðin í íslensku (Jóhanna Barðdal 2008) er líklegt að barnið læri þá rökliðagerð fyrst og noti með sögninni *klóra*. Þegar barnið hefur aftur á móti náð tökum á sértækari reglunni, þ.e. nf.-þgf. rökliðagerðinni, ætti það að velja sértækari regluna á kostnað almennari reglunnar, eins og afgangsskilyrðið segir til um. Að lokum hlýtur barnið þó að komast að þeirri niðurstöðu að sögnin *klóra* sé notuð með báðum rökliðagerðum og að merking þeirra sé ekki nákvæmlega sú sama. Þá er komin upp sú staða að sögnin *klóra* tekur bæði með sér orðasafnsfall og formgerðarfall.

Hér vaknar sú spurning hvers vegna sértækari reglan er ekki alltaf valin fram yfir almennari regluna, eins og afgangsskilyrðið segir til um og útiloki þá að barnið noti *klóra* með þolfallsandlagi. Hvernig eru þær upplýsingar geymdar í orðasafninu, að fyrir eina sögn gildi bæði sértæk og almenn regla og að notkun þeirra sé ólík með tilliti til merkingarhlutverks andlagsins? Ein lausn væri að gera ráð fyrir sögninni *klóra* sem tveimur færslum í orðasafninu. Þá er í raun og veru um að ræða tvær sagnir, annars vegar sögnina *klóra* sem tekur með sér andlag í þolfalli og merkingarhlutverk þess er þolandí, og hins vegar sögnina *klóra* sem tekur með sér andlag í þágufalli og merkingarhlutverk þess er mark. Þá er hægt að gera ráð fyrir því að barn á máltökuskeiði læri báðar sagnir og alhæfi fyrst um sinn algengustu rökliðagerð íslenskra sagna fyrir báðar sagnirnar. Síðar læri barnið nf.-þgf. rökliðagerðina og velji hana fram yfir nf.-þf. rökliðagerðina með sögninni *klóra* sem hefur andlag með merkingarhlutverkið mark eða nánar tiltekið

---

<sup>10</sup> Í ofanálág er ekki heldur alltaf hægt að vita hvort um sé að ræða þolfall eða þágufall á andlagi, þ.e.a.s. þegar andlagið er eins í þolfalli og þágufalli vegna samfalls í beygingardæmi, sbr. setningu eins og *stelpa klóraði kisu*.

njótandi. Hin sögnin, *klóra* sem hefur þolfallsandlag með merkingarhlutverkið þolandi, helst aftur á móti eins þar sem almenna reglan, nf.-þf., á þar við.

Þó svo að dæmið í (6) gæti virst nokkuð sértækt er það ekki óalgengt að ein sögn (eða þá tvær samhljóma sagnir ef gera á ráð fyrir einni rökliðagerð fyrir hverja sögn í orðasafni) stýri fleiri en einu falli. Mörg slík dæmi er að finna bæði í íslensku og í öðrum tungumálum. Þá eru dæmi til um sagnir sem stýra ólíku falli eftir því hvert andlagið er. Þetta fyrirbæri kallast breytileg fallmörkun andlaga (e. *Differential object marking*, DOM) og er að finna í ýmsum tungumálum heims (Bárány og Kalin 2020). Breytileg fallmörkun andlaga felst almennt í því að tiltekin sögn stýrir mismunandi falli á andlagi eftir því hvort andlagið er ómarkað eða markað með tilliti til tiltekins þáttar. Það er mismunandi eftir dæmum og tungumálum hvaða þættir það eru nákvæmlega sem skilja þessa tvo flokka að. Í sumum tungumálum er skipting eftir lifun (e. *animacy*) nafnliða. Þá er tiltekið andlag meira markað eftir því sem það hefur minni lifun. Þessu er hægt að lýsa með lifunarstigveldi (e. *Animacy hierarchy*, Comrie 1989), sbr. (7).

7) fornafn > sérnafn > manneskja > lifun > engin lifun

Í íslensku koma fyrir dæmi þar sem lifun andlagsins virðist hafa áhrif á fallmörkun með ákveðnum sögnum. Þetta á til dæmis við um sögnina *þvo* sem tekur annaðhvort með sér andlag í þolfalli eða þágufalli. Þá stýrir sögnin *þvo* þágufalli á lifandi andlagi í (8a) en andlagið í (8b) sem ekki hefur lifun er aftur á móti í þolfalli.

8) a. Ég þvoði henni á bak við eyrun.

b. Ég þvoði pelana í uppþvottavélinni (Jóhanna Barðdal 2011:644).

Dæminu í (8) væri ekki hægt að snúa við, hvorki þannig að andlagið í (8a) sem hefur lifun væri í þolfalli né þannig að andlagið í (8b) sem ekki hefur lifun væri í þágufalli. Hér er nærri lagi að tala um skala frekar en tvígreiningu. Eftir því sem orð er lengra til vinstri á skalanum í (7), því líklegra er að það fái þágufall með sögninni *þvo* í íslensku. Þetta sýna dæmi þar sem dauður hlutur er gæddur eiginleikum lifandi veru eins og í (9).

9) a. Ég þvoði diskinn.

b. \*Ég þvoði disknum.

c. Ég þvoði disknum af alúð eins og hann væri barnið mitt.

Breytileg fallmörkun nær ekki bara til lifunar heldur getur hún einnig náð til annarra merkingarlegra þátta. Í sumum tungumálum er að finna dæmi um tvær ólíkar rökliðagerðir eftir því hvort andlagið er tiltekið eða ótiltekið, sbr. (10) og (11).

**10) Dæmi um breytilega fallmörkun í tyrknesku með ótilteknu eða tilteknu andlagi (Kornfilt 2009:81):**

(Ben)	bir	kitap	oku-du-m.
ég	óákv.gr.	bók	lesa-þt.-1.p.et.
,Ég les bók.'			
(Ben)	bir	kitab-ı	oku-du-m.
ég	óákv.gr.	bók-þf.	lesa-þt.-1.p.et.
,Ég les (ákveðna) bók.'			

**11) Dæmi um breytilega fallmörkun í spænsku með ótilteknu eða tilteknu andlagi (Rodríguez-Mondoñedo 2007:16):**

Besó	una	mujer.
kyssa.þt.3p.et.	óákv.gr.	kona.
,Hann kyssti konu.'		
Besó	a una	mujer.
kyssa.þt.3p.et.	fs. óákv.gr.	kona.
,Hann kyssti (ákveðna) konu.'		

Í (10) og (11) koma fyrir dæmi um sagnir í tyrknesku og spænsku sem hafa mismunandi rökliðagerðir eftir því hvort andlagið er ákveðið eða óákveðið. Hér mætti segja að í fyrra dæminu í báðum liðum, þar sem andlagið er óákveðið, sé áhersla lögð á verknaðinn sjálfan, frekar en þann sem verður fyrir honum. Áherslan í (10) er þá lögð á það að lesa frekar en hvað var lesið. Eins er þá áherslan í (11a) á verknaðinn *kyssa* en í (11b) er áhersla lögð á það hvern viðkomandi kyssti. Þetta er svipaður merkingarmunur og kom fyrir í þverstæðu Baker í dæmi (5a-b) þar sem merkingarmunurinn fólst í því hvort áhersla væri lögð á breytingu á ástandi hlutar, í því tiltekna dæmi eignaskipti, eða hreyfingu hlutar í átt að marki.

Það virðist vera nokkuð algengt að sagnir geti haft fleiri en eina rökliðagerð eða fallmörkun og bjóði þannig upp á merkingarlegan blæbrigðamun. Hér er því mál að athuga aftur hvort skynsamlegt sé að gera ráð fyrir tveimur sögnum í orðasafninu frekar

en einni sögn sem hefur fleiri en eina rökliðagerð. Það síðarnefnda má setja í samhengi við tengieyðingu þar sem sögnin kemur aðeins einu sinni fyrir en bæði andlagsföllin, þolfall og þágufall, eru sýnileg.

12) ? Ég þvoði **barninu** fyrst og **pelana** svo.<sup>11</sup>

Ef dæmi eins og (12) er tækt með tengieyðingu mætti segja að um sé að ræða eina sögn sem getur stýrt tvenns konar falli á andlagi. Ef setningin væri metin ótæk er hins vegar ekki víst að það stafi af því að um sé að ræða tvær sagnir heldur gæti ástæðan einfaldlega verið sú að málfara þyki ekki gott að hafa fallmörkunarmisræmi. Þess vegna dugir próf eins og í (12) ekki eitt og sér til þess að skera úr um hvort um sé að ræða eina sögn eða tvær.<sup>12</sup>

Umræðan um eina sögn eða tvær má tengja einu mest rannsakaða tilbrigði í nútímaíslensku, þágufallshneigð. Þágufallshneigð vísar til tilbrigðis í frumlagsfalli með skynjendasögnum og á við um sagnir sem upprunalega höfðu aukafallsfrumlag í þolfalli (en kemur líka fyrir með sögnum sem upprunalega höfðu frumlag í nefnifalli, sbr. sagnirnar *hlakka* og *kvíða*) en hafa tilhneigingu til þess að taka með sér þágufallsfrumlag í staðinn. Þetta á við um sögnina *langa* eins og sjá má í (13).

13) **Stelpurnar** langar í ís. → **Stelpunum** langar í ís.

Svipað fyrirbæri er að finna í færeysku en þar er aukafallsfrumlagi skipt út fyrir nefnifallsfrumlag í dæmum eins og (14) (sjá sambærileg dæmi hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni 2009 og Irisi Eddu Nowenstein 2017:92).

14) **Mær** dámar hetta. → **Eg** dámi hetta.

Margar rannsóknir á þágufallshneigð í íslensku hafa aftur á móti sýnt fram á innri breytileika (e. *Intra-speaker variation*) þar sem sami einstaklingur getur notað slíka sögn bæði með þolfalli og þágufalli á frumlagi. Rannsóknir benda enn fremur til þess að þessi

---

<sup>11</sup> Hér byggir merkingin (?) á óformlegri könnun þar sem nokkrir málfarar voru beðnir að leggja mat á setninguna en svörin voru ekki einróma.

<sup>12</sup> Mörgum gæti þó þótt setningin betri þar sem beyging andlaganna beggja er eins í þolfalli og þágufalli vegna samfalls í beygingardæmi, sbr. *Ég þvoði ofnplötu fyrst og Pálinu svo*.

breytileiki tengist því í hvaða persónu frumlag setningarinnar er. Þetta kemur fram í dæmum eins og (15) (sjá sambærileg dæmi hjá Ástu Svavarsdóttur 1982).

15) **Mig** vantar hníf en **henni** vantar gaffal. (Iris Edda Nowenstein 2017:92)

Dæmi eins og (15) benda til þess að um sé að ræða eina sögn sem getur stýrt bæði þolfalli og þágufalli á frumlagi sínu og að mismunandi fall sé notað eftir því hvort um sé að ræða frumlag í 1. persónu sem fær þolfall, eða 3. persónu, þar sem þágufallið kemur fram. Hér kemur sögnin *vanta* aftur á móti fyrir tvisvar svo að þetta tiltekna dæmi útilokar ekki það að um sé að ræða tvær sagnir. Þó er vissulega hæpið að gera ráð fyrir tveimur sögnum þar sem önnur tekur aðeins með sér frumlag í 1. og 2. persónu en hin getur aðeins tekið með sér frumlag í 3. persónu (sjá umfjöllun um breytileika á frumlagsfalli í 2. persónu í BA-ritgerð Önnu Berglindar Svansdóttur 2018). Enn önnur dæmi um innri breytileika með þágufallshneigð í íslensku sýna okkur ótvírætt að um sé að ræða eina sögn með breytilega fallstjórn, sbr. (16). Þar er um að ræða blandaða fallmörkun (e. *Mixed case marking*) þar sem sögnin stýrir upprunalega þolfallinu á frumlagi en þágufallið kemur aftur á móti fram í endurvísi sem vísar til þolfallsfrumlagsins (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b, Iris Edda Nowenstein 2017, Hlíf Árnadóttir 2021).

16) **Mig sjálfum** langar að vita það. (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b:13)

Slík dæmi er líka að finna í færeysku þar sem frumlagið er í upprunalegu þágufalli en endurvísirinn er í nefnifalli (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b, Iris Edda Nowenstein 2017).

17) **Sjálvur** dámar **honum** ekki að lurta eftir tónleiki. (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b:15)

Hér hafa verið tekin dæmi úr tveimur tungumálum þar sem það virðist skynsamlegast að gera ráð fyrir einni sögn sem hefur fleiri en eina tegund af fallmörkun. Áður hefur verið fjallað um sagnir sem taka með sér rökliði með mismunandi merkingarhlutverk eftir samhengi. Margrét Jónsdóttir (2003) hefur t.a.m. fjallað um sagnir eins og *leigja* sem tekur með sér tvær ólíkar setningagerðir þar sem rökliðir sagnarinnar hafa ekki sömu merkingarhlutverk, sbr. (18).

- 18) a. Jón leigði Birni íbúðina.  
b. Björn leigði íbúðina af Jóni

(Margrét Jónsdóttir 2003: 80).

Í (18) tekur sögnin *leigja* með sér ólíkar rökliðagerðir og ólík merkingarhlutverk. Samkvæmt greiningu Margrétar er frumlagið í (18a) gerandi, óbeina andlagið mark og beina andlagið þema. Í (18b) greinir hún frumlagið aftur á móti sem mark, beina andlagið sem þema en forsetningarliðinn *af Jóni*, sem áður var gerandi, greinir hún sem upptök (e. *source*). Hún gerir engu að síður ráð fyrir að um sé að ræða eina sögn en þetta er skýrt með stigveldi merkingarhlutverka (gerandi > reynandi > mark/upptök/staður > þema) þar sem sá rökliður sem hefur hæsta merkingarhlutverk í stigveldinu verður að frumlagi setningarinnar (Margrét Jónsdóttir 2003:82). Þar sem það er enginn gerandi eða reynandi í setningunni í (18b) verður markið *Björn* að frumlagi setningarinnar þar sem það gegnir hæsta hlutverki í stigveldi merkingarhlutverka. Hér er því gert ráð fyrir einni sögn sem getur úthlutað ólíkum merkingarhlutverkum til rökliða sinna.

Spurningin um það hvort gera eigi ráð fyrir einni sögn eða tveimur hefur komið upp í samhengi við samhverfar sagnir (e. *symmetric verbs*) sem einnig hafa verið kallaðar skiptisagnir (e. *alternating verbs*)<sup>13</sup> (sjá Einar Frey Sigurðsson og Heimir van der Feest Viðarsson 2020). Þar er fjallað um það hvort skiptisagnir eins og *henta* í (19) ætti að telja sem eina eða tvær sagnir.

- 19) a. Hentar þér (þgf.) þetta (nf.)?  
b. Hentar þetta (nf.) þér (þgf.)?

Þar er gert ráð fyrir að um sé að ræða eina rót sem síðan getur haft fleiri en eina mögulega rökliðagerð (Einar Frey Sigurðsson og Heimir van der Feest Viðarsson 2020:61).

Í þessum kafla hefur verið fjallað um rökliðagerðir sagna í máltöku barna. Fyrst var fjallað um það hvernig börn læra algengustu eða almennustu reglur tungumálsins fyrst og alhæfa þær. Í kjölfarið læra börn sértækari reglur og beita þá afgangsskilyrðinu (Kiparsky 1973, Halle og Marantz 1993) til þess að skera úr um hvora regluna eigi að velja. Þegar barn hefur til dæmis alhæft *-ar* fleirtölu sterkra karlkynsorða og myndað

---

<sup>13</sup> Skiptisagnir eru þær sagnir sem geta víxlað frumlagi og andlagi (Jóhannes Gísli Jónsson 1997-1998:19-20), sjá dæmi (19).

fleirtöluna *maðar* af orðinu *maður* en lærir síðan óreglulegu fleirtöluna *menn* mun barnið þá beita afgangsskilyrðinu og velja sértækari regluna fram yfir þá almennari. Málið vandast aftur á móti þegar kemur að sögnum sem hafa fleiri en eina gerð af fallmörkun. Þá er spurningin hvernig barn á máltökuskeiði veit að sértækari rökliðagerðin útiloki ekki þá almennari og að það eigi að gera ráð fyrir báðum rökliðagerðum með sömu sögninni. Hér hefur því verið velt upp hvort skynsamlegt væri að gera ráð fyrir slíkum sögnum sem tveimur færslum í orðasafninu. Hér hafa verið tekin dæmi um breytilega fallmörkun andlaga, ekki bara í íslensku heldur í ólíkum tungumálum (sbr. Bárány og Kalin 2020). Dæmi um breytilega fallmörkun andlaga og blandaða fallmörkun í dæmum um þágufallshneigð í íslensku og færeysku benda til þess að hægt sé að gera ráð fyrir einni sögn í orðasafninu sem hefur breytilega fallmörkun. Í kafla 2.4 verður fjallað um nýjar sagnir, þá sérstaklega tökusagnir, hvers vegna þær koma inn í málið og hvaða merkingarlegu skilyrði þær þurfa að uppfylla.

## 2.4 Rökliðagerðir nýrra sagna

Hingað til höfum við séð hvernig nýjar sagnir aðlagast tungumálinu þegar kemur að hljóðkerfisfræðilegum þáttum, t.d. verður tvinnhljóðið [tʃ] ýmist að [tʃ] í íslensku eða helst sem tvinnhljóð í framburði. Við höfum einnig séð hvernig erlendar sagnir fá íslenska beygingarendingu, sbr. (3c) þar sem enska sögnin *take* verður í íslensku *takeaðir* (eða *teikaðir*) í 2. persónu, eintölu og þátíð. Loks hefur verið fjallað um merkingarlegar hömlur sem nýjar sagnir lúta, þ.e.a.s. hömluáhrif sem útiloka tvímyndir í málinu. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að taka upp hvaða erlendu sögn sem er í íslensku heldur aðeins þær sagnir sem bjóða upp á einhverja merkingarlega nýjung í málinu, þó svo að í sumum tilfellum sé um að ræða mjög skylda merkingu milli tveggja orða. Loks eru nýjar sagnir aðlagðar að íslensku með tilliti til rökliðagerðar og fallmörkunar. Í þessum undirkafla verður fjallað um mögulegar rökliðagerðir nýrra sagna. Fyrst verður fjallað um sagnir með einu andlagi í kafla 2.4.1 en kafla 2.4.2 fjallar um tveggja andlaga sagnir og sagnir með forsetningarlið.



#### 2.4.1 Sagnir með einu andlagi

Sagnir sem taka með sér þolfallsandlag eru langalgengastar í íslensku (Eiríkur Rögnvaldsson 1983:193) og nýjar sagnir stýra einnig flestar þolfalli á beinu andlagi sínu (Jóhanna Barðdal 2001, 2008). Sumir telja að uppruni þágufalls í íslensku sé samsuða af þremur föllum: tækisfalli (e. *instrumental*), sviptifalli (e. *ablative*) og staðarfalli (e. *locative*) (Nygaard 1966). Aðrir telja að þágufall hafi orðið til með samfalli staðarfalls og þágufalls (sjá samantekt hjá Maling 2002:40). En sumar sagnir sem stýrðu þolfalli í fornu máli stýra þágufalli í nútímaíslensku. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að öll þágufallsandlög í nútímaíslensku séu til komin vegna samfalls tækisfalls og þágufalls. Þágufall er þar að auki mjög útbreitt í íslensku samanborið við önnur skyld mál og bætir við sig nýjum sögnum eins og rannsóknir á tókusögnum sýna fram á. Maling (2002) hefur tekið saman lista af um það bil 800 íslenskum sögnum sem stýra þágufalli, samanborið við 140 þágufallssagnir sem er að finna í þýsku. Svipaðar tölur er að finna hjá Jóhönnu Barðdal (2008:78–79) þar sem fjöldi nf.-þgf. sagna, þ.e.a.s. sagna sem hafa frumlag í nefnifalli og beint andlag í þágufalli, er 738 en fjöldi nf.-þf. sagna er 1.381. Þá er hlutfall þessara 738 sagna með þágufallsandlagi 34,8% á móti 65,2% nf.-þf. sagna (alls 1381 sögn).<sup>14</sup> Í sömu rannsókn voru 39 tókusagnir af 107 nf.-þgf. sagnir, nánar tiltekið 36,4% á móti 63,6% nf.-þf. sagna (Jóhanna Barðdal 2008:79). Hlutfall milli þolfalls- og þágufallssagna virðist þess vegna vera nokkuð stöðugt, sama hvort um er að ræða nýjar eða eldri sagnir í málinu.

Margir hafa reynt að greina á milli merkingar íslenskra þolfalls- og þágufallsandlaga (Yip o.fl. 1987, Jóhanna Barðdal 2001, 2008, Svenonius 2002, Maling 2002, Jóhannes Gísli Jónsson 2013a, Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Þórarinsdóttir 2020). Eins og kemur fram hjá Maling (2002) er nf.-þgf. sagnir að finna í margvíslegum merkingarflokkum sem erfitt er að greina frá nf.-þf. sögnum. Þetta sýnir hún meðal annars með sagnapörunum í (20). Þar koma fyrir tvær sagnir sem eru merkingarlega náskyldar en stýra ekki sama fallinu. Hún gefur þar að auki sambærileg dæmi með tveggja andlaga sögnum, sbr. (21).

---

<sup>14</sup> Niðurstöður fyrri rannsóknar benda að vísu til þess að um fjórðungur nýrra sagna í íslensku taki með sér þágufallsandlag (Jóhanna Barðdal 2001).

- 20) a. aka (þgf.) / keyra (þf.)<sup>15</sup>  
 b. hjálpa (þgf.) / aðstoða (þf.)  
 c. ljúka (þgf.) / klára (þf.)  
 d. mæta (þgf.) / hitta (þf.)  
 e. hlífa (þgf.) / vernda (þf.)  
 f. unna (þgf.) / elska (þf.) (Maling 2002:33).
- 21) a. afhenda (þgf. + þf.) / skila (þgf. + þgf.)  
 b. skammta (þgf. + þf.) / úthluta (þgf. + þgf.) (Maling 2002:33).

Jóhanna Barðdal (2008) hefur greint þolfalls- og þágufallsandlög niður í nákvæma merkingarlega undirflokka. Þar eru 188 nf.-þgf. sagnir flokkaðar í 32 mismunandi merkingarflokka mannlegra verknaða (e. *human event types*). Þessir flokkar eru síðan dregnir saman í þrjá meginmerkingarflokka sagna með þágufallsandlagi: *eitthvað breytist frá einu ástandi til annars, einhver framkvæmir hugræna eða munnlega gjörð eða einhver er hærra settur en annar*. Þetta er borið saman við 303 nf.-þf. sagnir sem skiptast í 46 merkingarlega undirflokka mannlegra verknaða. Þar eru sjö meginmerkingarflokkar: *einhver býr eitthvað til, einhver hreyfir eitthvað, einhver hefur áhrif á einhvern, einhver upplifir eitthvað, eitthvað er staðsett einhvers staðar, einhver framkvæmir hugræna eða munnlega gjörð eða eitthvað breytist frá einu ástandi til annars* (Jóhanna Barðdal 2008:63–74).

Hér eru tveir af þremur aðalmerkingarflokkum nf.-þgf. sagna líka merkingarflokkar nf.-þf. sagna. Það er því ekki hægt að segja að um sé að ræða skýran merkingarmun milli þolfalls- og þágufallsandlaga. Jóhanna bendir á þrjá undirflokka þar sem merking þolfalls- og þágufallsagna skarast: hugrænar sagnir (e. *verbs of cognition*), eyðileggingarsagnir (e. *verbs of destruction*) og hreyfingarsagnir (e. *verbs of motion*) (2008:86). Nokkur munur er á tegundartíðni rökliðagerðanna tveggja þegar kemur að hreyfingarsögnum en 50 af 188 nf.-þgf. sögnum eru hreyfingarsagnir en aðeins 10 af 303 nf.-þf. sögnum falla undir þann flokk (2008:74).

Samkvæmt Jóhannesi Gísla Jónssyni (2013a) eru þrír merkingarflokkar andlaga fyrirsegjanlega í þágufalli: boltasagnir (e. *verbs of ballistic motion*) (sjá Svenonius 2002), *hella*-sagnir (e. *pour verbs*) og vessasagnir (e. *verbs of emission*), þ.e. sagnir eins og

<sup>15</sup> Sögnin *keyra* hefur breytilega fallmörkun á andlagi og kemur líka fyrir með þágufallsandlagi, sbr. *keyra e-m*. Þá er átt við ytri breytileika, þ.e. breytilega fallmörkun milli málhafa.

*gubba, spúa, pissa, skyrpa* o.s.frv. (sjá Maling 2002). Allir þessir flokkar eru merkingarlega nátengdir þar sem um er að ræða hreyfingu á ákveðnum hlut þar sem sá sem veldur hreyfingunni fylgir hlutnum ekki eftir nema að hluta til. Þessari tilteknu hreyfingu sem kallar fram þágufall hefur verið lýst með skilgreiningunni í (22).

- 22) Í setningafræðilegu samhengi  $\alpha$ , sem stendur fyrir atburð  $x$ , þar sem  $x$  skiptist í undiraturði  $y$  og  $z$ , þá er þágufalli úthlutað í samhengi  $\alpha$  ef og aðeins ef  $y$  og  $z$  eru ekki í algjörrri skörun í tíma (Svenonius 2002:209).

Þessi skilgreining getur átt við alla þrjá fyrrnefnda flokka sem stýra ótvírætt þágufalli á beinu andlagi sínu. Þessir þrjú flokkar lýsa einmitt hreyfingu þar sem gerandinn, þ.e. sá sem veldur hreyfingunni, fylgir þemanu ekki eftir nema að hluta til. Þessi hluti hreyfingarinnar er það sem vísað er til sem undiraturðar  $y$ . Síðari hluti hreyfingarinnar, þ.e. undiraturður  $z$ , á aðeins við um þemað en ekki gerandann. Slík dæmi er að finna í (23a) þar sem um er að ræða boltasögn, í (23b) með *hella*-sögn og (23c) með *vessasögn*.

- 23) a. Katrín sparkaði boltanum í netið.  
b. Þorsteinn hellti vatni í glas.  
c. Lilja skyrpti tyggjóinu á götuna.

Í (23a) er um að ræða hreyfingu á þemanu, þ.e. *boltanum*, sem gerandinn *Katrín* veldur. Gerandinn hreyfist fyrst í sömu átt og þemað en fylgir honum aftur á móti ekki eftir alla leið í netið. Það sama á við í (23b) þar sem gerandinn framkvæmir verknaðinn *hella* en fylgir þemanu, vatninu, ekki eftir að markinu, þ.e. ofan í glasið. Í (23c) er um að ræða *vessasögn* en eins og í fyrri tveimur dæmunum tekur gerandinn þátt í fyrri hluta hreyfingarinnar án þess þó að fylgja þemanu eftir alla leið. Í dæmunum í (23) kemst gerandinn því aldrei í snertingu við markið, ólíkt þemanu.

Þó svo að reglan í (22) lýsi ágætlega þessum þremur flokkum sagna dugir hún ekki til að lýsa öllum sögnum sem taka með sér þágufallsandlag (sjá t.d. gagnrýni á kenningu Svenonius hjá Irísi Eddu Nowenstein 2023). Margar nf.-þgf. sagnir er erfitt að greina merkingarlega frá nf.-þf. sögnum, sbr. (20–21). Þess vegna virðist ekki alltaf vera augljóst hvaða rökliðagerð nýjar sagnir í málinu eiga að fá úthlutað. Samkvæmt Jóhönnu

Barðdal (2008:86–88) ráðast rökliðagerðir nýrra sagna oftast af hliðstæðum sem þegar eru til í málinu. Hugtakið *hliðstæða* hefur verið notað á margvíslegan hátt í málfræðilegri umfjöllun en hér er hugtakið notað til að vísa til þess þegar málfræðilegt mynstur nýrrar sagnar byggir á annarri sögn vegna líkinda þessara tveggja sagna hvað varðar uppbyggingu þeirra eða merkingu (Jóhanna Barðdal 2008:2–3). Þetta þýðir að ef ný sögn kemur inn í málið er hún líkleg til þess að fá sömu rökliðagerð og önnur merkingarlega skyld sögn sem þegar er til í málinu.

Jóhanna tekur saman lista af 107 tókusögnum, sem flestar eru komnar úr ensku og flokkar þær eftir rökliðagerð og merkingu. Þar koma annars vegar fyrir 68 nf.-þf. sagnir og hins vegar 39 nf.-þgf. sagnir en þeim er síðan skipt í nákvæma merkingarlega undirflokka. Ekki voru nein dæmi um nýjar sagnir með eignarfallsandlagi. Feitletraðar eru þær sagnir sem Jóhanna flokkar bæði sem þolfalls- og þágufallssagnir.

- 24) **Tökusagnir sem Jóhanna Barðdal (2008:81) flokkar sem nf.-þf. sagnir (68):**  
**peista**, plögga, **releasa**, testa, builda, editera, gúggla, pinga, **offa**, **resolva**, stúdera, verifya, **blasta**, copy-a, fixa, formatta, fótósjoppa, modda, patcha, prógrammera, resetta, updata, upgreida, partiona, trimma, branda, **bomba**, erasa, hakka, krakka, skvassa, mouna, **publisha**, rendera, compilera, döbba, pródúsera, archive-a, fíla, digga, mönnsa, tóka, hössla, ranta, **rippa**, supporta, bojkotta, kidda, paira, synca, synkrónisera, flexa, rokka, skratsa, biddsslappa, muffa, meisa, **slamma**, óna, bösta, massa, browsa, logga, ssh-a, sörfa, battla, tagga.
- 25) **Tökusagnir sem Jóhanna Barðdal (2008:82) flokkar sem nf.-þgf. sagnir (39):**  
deleta, krassa, mökka, **offa**, sjera, restarta, starta, adda, de-multiplexa, statta, droppa, neimdroppa, **blasta**, **bomba**, bundla, downloada, dumpa, ejecta, expandera, exporta, farta, innstalla/innstallera, parkera, **peista**, poppa, pósta, **publisha**, **releasa**, **slamma**, streyma, uploada, untara, unzippa, tilta, umba, **rippa**, msna, convertera, **resolva**.<sup>16</sup>

Nú sagnir af 107 koma fyrir bæði sem nf.-þf. og nf.-þgf. sagnir í (24) og (25). Sögnin *peista* kemur fyrir í tveimur merkingarlegum undirflokkum nf.-þf. sagna, sagnir sem merkja að festa við eða losa frá (e. *verbs of attaching and detaching*) og sagnir sem merkja að skapa eitthvað eða móta (e. *verbs of creation and shaping*) og einum undirflokki nf.-

---

<sup>16</sup> Sagnirnar í (24) og (25) eru stafsettar eins og þær koma fyrir hjá Jóhönnu Barðdal (2008).

þgf. sagna, þ.e. hreyfingarsagnir (e. *verbs of (caused) motion*). Þær sagnir sem falla undir báða flokka eru taldar tvisvar.

Eins og feitletruðu dæmin sýna er ekki alltaf einfalt að ákveða hvernig eigi að flokka nýjar sagnir í málinu eftir merkingu og rökliðagerð. Engu að síður segir Jóhanna Barðdal (2008:85–86) að yfirgnæfandi meirihluti ofangreindra sagna eigi sér merkingarlega hliðstæðu í íslensku og byggi á sömu rökliðagerð og sú hliðstæða. Máli sínu til stuðnings nefnir hún dæmi um nf.-þgf. sagnapör eins og *deleta/eyða, sjera/deila, convertera/breyta, offa/aflýsa, dropa/sleppa* og þar á eftir nf.-þf. sagnapör eins og *testa/prófa, builda/byggja, peista/líma*. Jóhanna (2008:86–87) bendir sérstaklega á að sögnin *peista* geti líka tekið með sér þágufallsandlag þegar hún er notuð sem hreyfingarsögn. Þá byggi hún ekki á hliðstæðri sögn í íslensku heldur á rökliðagerð sem fengin er frá merkingarlegum undirflokki (e. *verb-subclass-specific construction*) sem hún kallar á ensku *caused-motion*.

Jóhanna bendir líka á tvær sagnir sem hún segir að hafi ekki sömu rökliðagerð og merkingarleg hliðstæða þeirra. Það eru sagnirnar *erasa* sem tekur með sér þolfall en merkingarleg hliðstæða hennar er sögð vera *eyða* og sögnin *edita* sem tekur líka með sér þolfallsandlag en merkingarleg hliðstæða hennar er sögð vera *ritstýra*. Jóhanna segir að þetta stafi af því að hugrænar sagnir og eyðileggingarsagnir fái ýmist nf.-þf. eða nf.-þgf. beygingarmynstur og að þessar tvær tökusagnir tilheyri þessum merkingarflokkum. Vegna hárrar tegundartíðni þessara flokka með nf.-þf. fallamynstri dragi þeir til sín sagnir sem hefðu annars fylgt merkingarlegri hliðstæðu sinni sem stýrir þágufalli á andlagi sínu.

Þó er ekkert sem segir að tökusögnin *erasa* hafi endilega nákvæmlega eina merkingarlega hliðstæðu í íslensku og að það sé sögnin *eyða*. Sögnin *erasa* hefur jafnmikinn eða meiri merkingarlegan skyldleika við sagnirnar *afmá* eða *þurrka út* sem taka báðar með sér þolfallsandlag rétt eins og nýja sögnin. Sömu sögu er að segja um sögnina *edita* sem getur vissulega þýtt *ritstýra* en hefur líka merkingarlegan skyldleika við íslensku sagnirnar *lagfæra* + þf., *eiga við* + þf. eða *breyta* + þgf., til dæmis í tengslum við færslur á samfélagsmiðlum sem hafa verið merktar *edited*. Ef hugmyndin um hömluáhrif (Aronoff 1976, Kroch 1994), sem fjallað var um í kafla 2.2 hér á undan, er tekin til greina ættu nýjar sagnir í málinu einmitt *ekki* að eiga sér nákvæma merkingarlega og setningafræðilega hliðstæðu. Þvert á móti ætti ekki að vera hægt að taka upp nýja sögn sem hefur nákvæma hliðstæðu í málinu þar sem sagnirnar tvær hafa ekki nokkurn

merkingarlegan eða setningafræðilegan (e. *structural*) blæbrigðamun. Ef rökliðagerðir nýrra sagna byggja aftur á móti á merkingarlegum eiginleikum ætti ný sögn engu að síður að hafa sams konar fallmörkun og einhverjar merkingarlega skyldar sagnir. Þetta skýrir það hversu auðvelt getur verið að finna merkingarlega skylda sögn sem þegar er til í málinu sem hefur þar að auki sams konar fallmörkun.

Í þessum undirkafla hefur verið fjallað um beygingarmynstur sagna sem taka með sér eitt beint andlag. Þar skiptast gamlar sagnir sem og nýjar í tvo flokka, nf.-þf. sagnir og nf.-þgf. sagnir. Erfitt hefur reynst að greina á milli merkingar þessara tveggja flokka en hún skarast aðallega í þremur merkingarlegum undirflokkum, það eru hugrænar sagnir, eyðileggingarsagnir og hreyfingarsagnir (Jóhanna Barðdal 2008:86). Þar að auki eru þrír merkingarflokkar sagna sem stýra vanalega þágufalli: boltasagnir, *hella*-sagnir og vessasagnir (Jóhannes Gísli Jónsson 2013a). Samkvæmt Jóhönnu Barðdal (2008) byggir fallstjórn nýrra sagna á merkingarlegum hliðstæðum í málinu frekar en óhlutstæðri reglu sem úthlutar falli eftir merkingu nýju sagnarinnar. Af 107 tókusögnum sem þar koma fram eru 68 sagnir með þolfallsandlagi en 39 sagnir með þágufallsandlagi. Þar af eru níu sagnir sem bæði eru flokkaðar sem nf.-þf. sagnir og nf.-þgf. sagnir og eru því taldar tvisvar hjá Jóhönnu. Í þeim tilfellum þar sem hún segir nýja sögn ekki hafa sömu fallstjórn og merkingarleg hliðstæða hennar, telur hún það stafa af hárrí tegundartíðni tiltekins merkingarflokks með ákveðnu fallamynstri sem er þá annað fallamynstur en hliðstæðan hefur. Ef gengið er út frá því að hugmyndin um hömluáhrif sé rétt ættu nýjar sagnir hins vegar ekki að eiga sér nákvæma hliðstæðu, þar sem hömluáhrif þjóna þeim tilgangi að útiloka tvímyndir í málinu.

Hingað til hefur aðeins verið fjallað um sagnir sem taka með sér eitt beint andlag en í næsta undirkafla verður fjallað um nýjar sagnir sem taka með sér tvö andlög eða forsetningarlið.

#### 2.4.2 Tveggja andlaga sagnir og sagnir með forsetningarlið

Í þessum undirkafla verður gerð grein fyrir rökliðagerðum tveggja andlaga sagna. Þetta verður síðan sett í samhengi við rökliðagerðir nýrra tveggja andlaga sagna. Nýjar tveggja andlaga sagnir virðast ekki vera mjög margar. Sumar nýjar sagnir ættu merkingarlega að geta tekið með sér tvö andlög, óbeint andlag og beint andlag. Dæmi um þetta eru sagnirnar

*forwarda, smsa* og *(e)maila*. Þessar sagnir virðast þó sjaldan taka með sér tveggja andlaga setningagerð heldur koma þær oftast fyrir annaðhvort með einu beinu andlagi eða með beinu andlagi ásamt forsetningarlið sem samsvarar andlagi (sbr. *ég skal forwarda þessu á þig*). Í einhverjum tilfellum segjast málhafar ekki geta notað sumar þessara sagna með hefðbundinni tveggja andlaga setningagerð (sbr. (\*)*ég forwarda þér skjalið/skjalinu*) heldur aðeins með einu beinu andlagi eða beinu andlagi og forsetningarlið sem samsvarar óbeinu andlagi.

Tveggja andlaga sagnir eru þær sagnir sem geta tekið með sér þrjá rökliði; frumlag, óbeint andlag og beint andlag. Tveggja andlaga sagnir í íslensku hafa sex beygingarmynstur þar sem íslenska hefur þrjú aukaföll og óbeina andlagið getur ekki verið í eignarfalli í íslensku (sjá m.a. Holmberg 1991).

26)	þgf.-þf.	(sbr. að gefa einhverjum eitthvað)
	þgf.-þgf.	(sbr. að skila einhverjum einhverju)
	þgf.-ef.	(sbr. að afla einhverjum einhvers)
	þf.-þf.	(sbr. að kosta einhvern eitthvað)
	þf.-þgf.	(sbr. að svipta einhvern einhverju)
	þf.-ef.	(sbr. að spyrja einhvern einhvers)

Eins og sjá má í (26) eru til dæmi um tveggja andlaga sagnir í íslensku með sex mismunandi beygingarmynstrum. Þessir flokkar eru mjög ólíkir að stærð en þgf.-þf. er áberandi stærstur.<sup>17</sup> Þessir beygingarflokkar virðast ekki allir vera virkir í málinu. Ein vísbending þess er að umröðun er nánast einungis möguleg með þgf.-þf. sögnum (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 2005 og Bolla Magnússon 2019).<sup>18</sup> Með umröðun er átt við það þegar andlögin skipta um stað í setningu þannig að beina andlagið kemur á undan því óbeina.

Eins og fjallað var um í kafla 2.1 koma tveggja andlaga sagnir oft fyrir með svokölluðum þágufallsvíxlum (e. *dative alternation*). Þá kemur óbeina andlagið ýmist

<sup>17</sup> Tveggja andlaga sagnir sem taka með sér þgf.-þf. beygingarmynstur eru skv. greiningu Jóhannesar Gísla Jónssonar (2000) alls 220 en næststærsti beygingarflokkurinn er þf.-þgf og hefur 37 sagnir, þgf.-þgf. 29 sagnir, þgf.-ef. sagnir eru 28, þf.-ef. sagnir 21.

<sup>18</sup> Hægt er að finna einhverjar undantekningar frá þessari reglu. Umröðun með tveimur jafnþungum liðum á sér helst stað með þgf.-þf. sögnum, en hugsanlega í einhverjum tilfellum með þf.-þgf. eða þgf.-þgf. beygingarmynstri.

fyrir á undan beina andlaginu eða innan forsetningarliðar sem fylgir á eftir andlaginu. Slíkt dæmi er að finna m.a. í íslensku, ensku og færeysku, sbr. (27).

- |  |        |
|--|--------|
| 27) a. Hún sendi vinkonu sinni pakka.    | (Ísl.) |
| b. Hún sendi pakka til vinkonu sinnar.   |        |
| c. She sent her friend a package.        | (Ens.) |
| d. She sent a package to her friend.     |        |
| e. Hon sendi sínari vinkonu ein pakka.   | (Fær.) |
| f. Hon sendi ein pakka til sína vinkonu. |        |

Þágufallsvíxl í íslensku og færeysku eru mun takmarkaðari en í ensku. Til dæmis er frekar hægt að nota *til*-formgerð eins og í (27) með flutningssögnum í færeysku, sbr. (27f), heldur en með eignaskiptasögnum, sbr. (28f) (Fiebig 2012, Iðunn Kristínardóttir 2021:14). Þetta gæti hins vegar verið að breytast en niðurstöður nýlegrar rannsóknar benda til þess að setning eins og í (28f) fái nánast jafngóða dóma og setningin í (28e) (Ussery o.fl. 2022). Þágufallsvíxl eru aftur á móti síður möguleg í íslensku en færeysku, sbr. setninguna í (28b) sem mörgum eða flestum málhöfum þykir að öllum líkindum ótæk í íslensku.

- |   |        |
|---|--------|
| 28) a. Hún gaf vinkonu sinni gjöf.                      | (Ísl.) |
| b. *Hún gaf gjöf til vinkonu sinnar.                    |        |
| c. She gave her friend a gift.                          | (Ens.) |
| d. She gave a gift to her friend.                       |        |
| e. Hon gav sínari vinkonu eina gávu                     | (Fær.) |
| f. (*)Hon gav eina gávu til sína vinkonu. <sup>19</sup> |        |

Sumar hreyfingarsagnir í ensku geta tekið með sér óbeint andlag með merkingarhlutverkið mark en aðeins þegar markið hefur lifun eða er fært um að taka við þemanu, sbr. (29a) (sjá nánar hjá Wood 2015:214). Slíkar sagnir geta hins vegar ekki tekið með sér óbeint andlag í íslensku (Jóhanna Barðdal 2001:190, 2007:16, 2008:127). Það sama á ekki við um færeysku þar sem setningar eins og í (29c) fá mjög svipaða dóma í nýlegri rannsókn (Ussery og Petersen, í prentun).

---

<sup>19</sup> Hér eru svigar settir utan um stjörnumerkinguna til að tákna að þessi setning sé metin ótæk af sumum málhöfum en öðrum ekki.



- 29) a. He threw the ball to me. / He threw me the ball. (Ens.)  
 b. Hann kastaði boltanum til mín. / \*Hann kastaði mér boltanum. (Ísl.)  
 c. Hann kastaði bóltinum til mín. / \*Hann kastaði mær bóltinum. (Fær.)

Þessi munur milli tungumála stafar af því að í (29) er um að ræða aðra setningagerð en í (27–28). Fyrri tvö dæmin sýna lága þágufallsliði (e. *low applicative*) sem íslenska, enska og færeyska hafa en í (30) er hins vegar um að ræða háa þágufallsliði (e. *high applicative*) sem er almennt ekki mögulegt í íslensku (Wood 2015:210). Háa þágufallsliði er til dæmis að finna í þýsku, sbr. (30).

- 30) Otto schob [Anna] [sein Auto] [in ihre Garage].  
 Otto ýtti Önnu þgf. sínum bíl í hennar bílskúr.  
 ‚Otto ýtti bílnum sínum í bílskúrinn hennar Önnu fyrir hana.‘  
 (Brandt 2003:164)

Hér er um að ræða óbeint andlag í þágufalli sem hefur merkingarhlutverkið njótandi en þessi setningagerð er ekki möguleg í íslensku. Þó virðast setningafræðilega háir þágufallsliðir hafa verið mögulegir í forníslensku (sjá Heimi Frey van der Feest Viðarsson 2017:40). Samkvæmt Jim Wood (2015) hefur íslenska merkingarlega bæði háa og lága þágufallsliði (e. *applicatives*) en setningafræðilega aðeins lága þágufallsliði. Þrátt fyrir þetta getur óbeint andlag í íslensku stundum verið njótandi eins og í (31a), en aðeins ef frumlagið og óbeina andlagið eru samvísandi (sjá svipuð dæmi hjá Holmberg og Platzack 1995:202). Setningagerðin í (31a) er það sem Wood kallar há-lága þágufallsliði (e. *high-low applicative*) þar sem þágufallsliðurinn er setningafræðilega lágur en merkingarlega hár. Setningin er hins vegar ótæk eða að minnsta kosti vafasöm í íslensku þar sem óbeina andlagið og frumlagið eru ekki samvísandi, sbr. (31b). Í færeysku er setningin hins vegar tæk þó svo að frumlagið og óbeina andlagið séu ekki samvísandi, sbr. (31c) (Ussery og Petersen, í prentun).

- 31) a. Ég bakaði mér köku. (Ísl.)  
 b. \*Ég bakaði mömmu minni köku. (Ísl.)  
 c. Eg bakaði mammu míni eina køku. (Fær.)

Nýjar tveggja andlaga sagnir taka oftast með sér þgf.-þf. beygingarmynstur en það er algengasta beygingarmynstur tveggja andlaga sagna í íslensku. Jóhanna Barðdal hefur greint þgf.-þf. sagnir niður í 17 merkingarlega undirflokk (Jóhanna Barðdal 2007, 2008:126) en flestar nýjar tveggja andlaga sagnir tilheyra tveimur þeirra, skilaboðasögnum (e. *verbs of instrument of communicated message*) og gefa-sögnum (e. *verbs inherently denoting giving or delivering*). Það sem kemur á óvart er að bein andlög nýrra tveggja andlaga skilaboðasagna koma fyrir bæði í þolfalli og þágufalli (dæmi fengin frá Jóhönnu Barðdal 2008:125, sjá einnig niðurstöður Höskuldar Þráinssonar o.fl. 2015:57-60).

32) a. [...] auk þess sem ég *faxa þessu* líka.

b. [...] og þá það hún mig um að *faxa þetta* allt aftur.

Íslenskar sagnir með merkinguna *senda* taka almennt með sér beint andlag í þolfalli en ekki í þágufalli (Jóhanna Barðdal 2008:125). Hér virðast nýjar skilaboðasagnir fá þágufall á beinu andlagi vegna merkingarlegs skyldleika við hreyfingarsagnir (e. *caused-motion*) frekar en vegna merkingarlegrar hliðstæðu sinnar, *senda*. Þar sem beina andlagið er í þágufalli koma tvö tveggja andlaga beygingarmynstur til greina, þgf.-þgf. eða þf.-þgf. Maling (2002:44) heldur því fram að sögnin *faxa* geti ekki tekið með sér óbeint andlag þegar beina andlagið er í þágufalli. Dæmið í (33b), þar sem um er að ræða þgf.-þf. beygingarmynstur, segir Maling að sé ótækt fyrir sumum málhöfum en ekki öðrum. Dæmið í (33d) aftur á móti, þar sem sögnin *faxa* tekur með sér þgf.-þgf. beygingarmynstur, segir hún að sé ótækt í íslensku þó svo að setningin gangi upp með forsetningarlið.

33) a. Geturðu *faxað* samninginn til mín?

b. %Geturðu *faxað* mér samninginn?

c. Geturðu *faxað* samningnum til mín?

d. \*Geturðu *faxað* mér samningnum?

Dómarnir í dæmi (33) eru teknir upp frá Maling (2002:44) en prósentumerkið í (33b) notar hún til að tákna að setninguna samþykki ekki allir málhafar. Þetta gæti stafað af því að sögnin *forwarda* tekur með sér tvö andlög sem eru bæði í þágufalli en algengasta

fallamynstur tveggja andlaga sagna hefur þolfall á beinu andlagi og þágufall á því óbeina. Málhafar sem vanalega nota sögnina *forwarda* með einu beinu andlagi í þágufalli standa þá frammi fyrir vali þegar þeir eru beðnir að leggja mat á notkun sagnarinnar með tveggja andlaga setningagerð, þ.e. hvort sögnin eigi að taka með sér þgf.-þf. beygingarmynstur en stýra þá öðru falli á beinu andlagi en viðkomandi er vanur eða hvort sögnin fylgi óalgengara beygingarmynstri, þ.e. þgf.-þgf. (sbr. *forwarda mér skjalinu*) sem ekki er víst að sé yfirhöfuð virkt í málinu að því leytinu til að það bæti við sig nýjum sögnum. Nánar verður fjallað um sögnina *forwarda* í kafla 4.3 hér á eftir þar sem hún verður sett í samhengi við hliðstæðu sögnina *áframsenda*, en sagnirnar tvær hafa í sumum tilfellum ólíka rökliðagerð hjá einum og sama málhafanum.

Í rauninni virðist sögnin *faxa* mjög sjaldan notuð með tveimur andlögum. Það sama á við um aðrar nýjar sagnir sem merkingarlega ættu að bjóða upp á tveggja andlaga setningagerð. Jóhanna Barðdal (2008:127-128) sýnir nokkur slík dæmi af netinu, með sögnunum *faxa*, *smsa* og *emaila*. Þessi dæmi hafa aftur á móti öll þgf.-þf. beygingarmynstur. Maling (2002:44) sýnir líka dæmi um sögnina *emaila* með tveimur andlögum en hún bendir einmitt á að þar sé um að ræða þgf.-þf. beygingarmynstur en ekki beint andlag í þágufalli. Við höfum því engin dæmi um það að nýjar skilaboðasagnir sem hafa beint andlag í þágufalli geti yfirhöfuð tekið með sér óbeint andlag nema það sé innan forsetningarliðar. Þar að auki þykir ekki öllum málhöfum tækt að nota nýjar skilaboðasagnir með tveimur andlögum, jafnvel þegar þær fylgja þgf.-þf. beygingarmynstri, sbr. (33b).

## 2.5 Samantekt á fræðilegum bakgrunni

Í þessum kafla var fjallað um rökliðagerðir sagna í íslensku. Fyrst var fjallað um hlutverk nýrra sagna og hvers konar sagnir það eru sem teknar eru upp í málinu (sbr. 2.1 og 2.2). Nýjar sagnir virðast vera merkingarlegum skilyrðum háðar. Hömluáhrif þjóna þeim tilgangi að útiloka tvímyndir í málinu og koma því í veg fyrir að nýjar sagnir komi inn í málið ef þær eiga sér nákvæma merkingarlega hliðstæðu í málinu. Þetta var sýnt fram á með sögnum eins og *say* og *take* sem eru meðal algengustu sagna í ensku en eru ekki

teknar upp sem tókusagnir í íslensku í sinni almennu merkingu heldur aðeins í sértækri merkingu sem er annars ekki til í íslensku.

Í 2.3 var fjallað um það hvort hægt sé að gera ráð fyrir einni sögn sem hefur fleiri en eina rökliðagerð eða hvort gera þurfi ráð fyrir fleiri en einni samhljómasögn í orðasafninu þar sem hver sögn hefur aðeins eina rökliðagerð. Ýmis dæmi hafa verið sýnd sem benda til þess að sagnir með fleiri en eina rökliðagerð séu tiltölulega algengar í tungumálum heimsins. Þá var fjallað um breytilega fallmörkun andlaga sem getur í íslensku sem og öðrum málum farið eftir lifun andlagsins eða öðrum sambærilegum þáttum. Enn fremur er ekki um tvígreiningu að ræða, þ.e. hvort að andlag hafi lifun eða ekki, heldur frekar lifunarstigveldi eins og sýnt var í (7) (sjá Comrie 1989). Því er líklegt að sögnin *klóra* sem birtist í dæmi (6a-b) bæði með þolfalls- og þágufallsandlagi sé geymd sem ein sögn í orðasafni frekar en tvær. Þetta er enn fremur stutt með dæmum um innri breytileika á falli á aukafallsfrumlögum með sögnum eins og *langa* sem stundum koma fyrir með bæði þolfalls- og þágufallsfrumlagi í senn í dæmum eins og (16), *mig langar sjálfum að vita það* (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b:13). Þessi dæmi útiloka ekki að sumar sagnir sem hafa fleiri en eina mögulega rökliðagerð séu geymdar sem tvær sagnir í orðasafni. Þau benda aftur á móti til þess að mögulegt sé að gera ráð fyrir fleiri en einni rökliðagerð með einni sögn í orðasafni hugans.

Þá fjallaði kafli 2.4 um mögulegar rökliðagerðir nýrra sagna. Fyrst var rætt um mögulegar rökliðagerðir nýrra sagna með einu andlagi. Þar eru tvær meginrökliðagerðir sem bæta við sig nýjum sögnum, þ.e. sagnir sem taka með sér þolfalls- og þágufallsandlag. Fjallað var um ýmsar tilraunir sem hafa verið gerðar til þess að greina á milli merkingarlegra eiginleika íslenskra þolfalls- og þágufallsandlaga. Þetta virðist ekki vera mögulegt nema að takmörkuðu leyti. Til dæmis hefur Jóhanna Barðdal (2008) bent á nokkra merkingarlegra undirflokka andlaga sem eiga við um bæði þolfalls- og þágufallsagnir. Að minnsta kosti þrjú merkingarflokkar virðast þó vera fyrirsegjanlega í þágufalli, þ.e. boltasagnir, vessasagnir og *hella*-sagnir (Maling 2002, Svenonius 2002, Jóhannes Gísli Jónsson 2013b). Þessar sagnir eiga það sameiginlegt sem Svenonius (2002) lýsir sem atburði sem inniheldur tvo undiratburði sem eru ekki í fullkominni skörun í tíma. Þessu mætti líka lýsa sem ósamhverfri hreyfingu frumlags og andlags þar sem gerandi eða valdur fylgir þemanu ekki eftir alla leið að markinu en þetta á við um

alla þrjá merkingarflokkana sem eru fyrirsegjanlega í þágufalli, þ.e. boltasagnir, vessasagnir og *hella*-sagnir.

Loks var fjallað um rökliðagerðir tveggja andlaga sagna en það eru þær sagnir sem taka með sér þrjá rökliði: frumlag, óbeint andlag og beint andlag. Óbeina andlagið virðst oft koma fyrir innan forsetningarliðar með nýjum sögnum frekar en innan þágufallsliðar á undan beina andlaginu. Þó svo að alls séu sex ólík fallamynstur með tveggja andlaga sögnum í íslensku er þgf.-þf langstærsti flokkurinn og mögulega eina beygingarmynstrið sem bætir við sig nýjum sögnum. Þrátt fyrir að nýja sögnin *forwarda* taki oft með sér beint andlag í þágufalli virðist hún ekki geta tekið með sér óbeint og beint andlag í þágufalli. Þar að auki hefur Maling (2002) sýnt fram á að ekki allir málhafar geti yfirhöfuð samþykkt sögnina með tveimur andlögum, hvort sem það er með þgf.-þf. eða þgf.-þgf. beygingarmynstri. Sumar tveggja andlaga sagnir virðast þar að auki lúta ákveðinni hömlu og geta aðeins tekið með sér óbeint andlag sem er njótandi í 1. persónu. Þetta sýna dæmi eins og *ég bakaði mér/\*mömmu minni köku*. Þetta er það sem Wood hefur kallar *há-lága* rökliðagerð þar sem þágufallsliðurinn er setningafræðilega lágur en merkingarlega hár.

Hér hefur verið rætt um þann fræðilega grundvöll sem þessi rannsókn byggir á. Í næsta kafla verður fjallað um aðferðafræði sem beitt var við öflun gagna rannsóknarinnar.

### 3. Aðferðafræði

Í þessum kafla verður greint frá þeirri aðferðafræði sem beitt var við öflun gagna í þessari rannsókn. Gagnaöflun fór fram með þrennu móti. Til að byrja með voru einkaskilaboð á Facebook Messenger notuð til þess að leita uppi dæmi um notkun á nýjum sögnum í íslensku. Rannsóknaraðferðin byggir að hluta til á aðferð Tagliamonte (2016a) við öflun mállegra gagna sem byggja á stafrænum samskiptum ungs fólks. Facebook-leitin fór þannig fram að fimm nemendur í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands voru fengnir til þess að fara yfir sín eigin samtöl í einkaskilaboðum á Facebook yfir 11 ára tímabil, þ.e. á árunum 2010–2020, og tína til öll dæmi um tökusagnir eða aðrar nýjar sagnir í málinu ásamt því samhengi sem sagnirnar birtust í. Hver og einn sá síðan um að fjarlægja allar persónurekjanlegar upplýsingar úr sínum dæmum áður en þeim var bætt inn í gagnasafnið. Þegar Facebook-leitinni var lokið fór frekari dæmaleit fram á netinu, bæði í Risamálheildinni og með almennri leit á netinu. Þessu ferli verður nánar lýst í kafla 3.1 hér á eftir.

Loks var gagna aflað með ítarlegum viðtölum við fjóra málhafa.<sup>20</sup> Viðmælendurnir voru á aldursbilinu 17–32 ára, nánar tiltekið fæddir á árunum 1990–2005. Viðtölin fóru fram með fjarfundarbúnaði og tók hvert viðtal um hálf til eina klukkustund. Í viðtölunum voru þátttakendur spurðir út í fallstjórn á nokkrum tökusögnum. Hér var sjónum sérstaklega beint að þeim sögnum sem virtust hafa breytilega fallstjórn miðað við niðurstöður úr leit á netinu. Í kafla 3.2 verður því nánar lýst hvernig viðtölin fóru fram.

#### 3.1 Dæmaleit á netinu

Undanfarin ár og áratugi hafa samskipti á netinu sífelld fæst í aukana, ekki síst meðal ungs fólks. Þessar breytingar hafa átt sér stað í kjölfar snjalltæknibyltingar síðustu ára. Snjalltækjavæðingunni hefur einnig fylgt mikil aukning á ensku máláreiti í málumhverfi Íslendinga og þar eru unglingar engin undantekning (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson 2018, 2021, Dagbjört Guðmundsdóttir o.fl. 2019, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir 2021, Hildur Hafsteinsdóttir o.fl. 2021, Helga Hilmisdóttir 2021,

---

<sup>20</sup> Uppskrift úr viðtölum er að finna í viðauka.

Jónsdóttir og Helga Hilmisdóttir 2021, Finnur Friðriksson og Ásgrímur Angantýsson 2021). Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu árum á málnotkun ungs fólks á netinu (Baron 2000, 2008, Androutsopoulos 2011, 2015, Vanessa Isenmann 2014, 2022, Tagliamonte, 2016a, 2016b) sem og áhrifum sem íslenska verður fyrir í stafrænu málsambýli við ensku.

Nokkuð hefur borið á því á Íslandi að kennarar í grunn- og framhaldsskólum hafi áhyggjur af því að nemendur tali ensku sín á milli í auknum mæli.<sup>21</sup> Það getur þó varla talist nýjung að unglingar fari óhefðbundnar og óformlegar leiðir í málnotkun sinni þar sem málsnið þeirra brýtur oft í bága við það sem má kalla viðurkennt mál. Óhefðbundin orðanotkun og slangur í máli unglunga er alþjóðlegt fyrirbæri og eru meðal helstu einkenna unglíngamáls (sjá t.d. Eckert 1988, Tagliamonte 2016a, 2016b, Helgu Hilmisdóttur 2018). Hugtakið *unglíngamál* er bæði notað um ritmál og talmál og vísar til málsniðs sem einstaklingur tileinkar sér við upphaf kynþroskaskreiðs og notar meðal annars til að merkja sig félagslega (Helga Hilmisdóttir 2018). Sum einkenni unglíngamáls eldast af einstaklingum þegar þeir nálgast fullorðinsárin en önnur fylgja þeim áfram.

Í ljósi tæknibyltinga undanfarinna ára er eðlilegt að veita því eftirtekt að málleg samskipti, ekki síst á meðal ungmenna, fara að talsverðum hluta fram á samfélagsmiðlum og með öðrum samskiptaforritum. Eins og fram kemur hjá Tagliamonte (2016a) er nokkur munur á samskiptum í rituðu máli eftir miðlum, þ.e.a.s. með hvaða tegund af stafrænum samskiptum þau fara fram (e. *computer-mediated communication, CMC*): með tölvupósti, smáskilaboðum (SMS) eða svokölluðum snarskilaboðum (e. *instant messaging, IM*) en þá er átt við spjall á netinu, t.d. á *Facebook Messenger, Snapchat* eða *Whatsapp*. Þessar samskiptaleiðir eru ólíkar hvað varðar nokkrar breytur, þ.m.t. fjölda þátttakenda í samtali, yfirferð eða leiðréttingar og lotuskipti (e. *turn-taking*), sbr. *töflu 1* (sjá sambærilega töflu hjá Tagliamonte 2016a:4). Í snarskilaboðum, t.d. á *Facebook Messenger*, geta þátttakendur í samtali verið tveir eða fleiri og fara samskiptin fram ýmist í gegnum tölvu, síma eða önnur snjalltæki. Af þeim miðlunarháttum sem hér eru til umræðu er undirbúningur stystur, leiðréttingar og yfirferð minnst og lotuskipti hröðust í snarskilaboðum (Tagliamonte, 2016a:3–4).<sup>22</sup>

---

<sup>21</sup> Sjá t.d. umfjöllun fréttaskýringarþáttarins Kveiks á RÚV um enskuskotið mál íslenskra barna. <https://www.ruv.is/kveikur/peppa-pig-mun-ekki-valda-falli-islenskunnar/>

<sup>22</sup> Sjá umfjöllun Helgu Hilmisdóttur (2020) um lotuskipti í munnlegum samskiptum íslenskra unglunga.

	Stafræn samskipti		
	Tölvupóstur	Smáskilaboð	Snarskilaboð
<b>Lotur</b>	Langar	Stuttar	Stystar
<b>Undirbúningstími</b>	Langur	Stuttur	Stystur
<b>Endingartími</b>	Langur nema skilaboðum sé viljandi eytt	Langur, nema skilaboðum sé viljandi eytt	Fer eftir miðlum, <i>Facebook</i> langur, <i>Snapchat</i> stuttur
<b>Yfirferð</b>	Nokkur	Lítill	Minnst

Tafla 1: Samanburður á eiginleikum ólíkra gerða stafrænna samskipta eftir miðlum.

Því hefur verið haldið fram að snarskilaboð hafi bæði eiginleika talaðs máls og ritmáls (Baron og Ling 2003:23) og sé sá ritaði samskiptamáti sem kemst næst töluðu máli þar sem munnleg samskipti eru almennt hraðari en rituð samskipti, hafa styttri undirbúningstíma, hraðari lotuskipti og minna svigrúm til leiðréttinga eða yfirferðar. Þessir eiginleikar snarskilaboða gera slík gögn að áhugaverðu rannsóknarefni, sérstaklega þegar kemur að óformlegu málsniði eða nýjungum í málinu. Í mállegum gögnum á Facebook er talsverður munur á því hvort um sé að ræða textagögn sem birt eru opinberlega á Facebook eða samtöl sem fara fram í einkaskilaboðum á Facebook Messenger. Munurinn felst meðal annars í því að málsnið í einkaskilaboðum er annað og óformlegra en málsnið í opnum færslum á Facebook. Óalgengar tókusagnir eða sagnir sem ekki hafa fest sig í sessi í málinu virðast frekar koma fyrir í einkaskilaboðum en annars staðar á netinu, eins og nánar verður greint frá í 4. kafla. Þessi gögn geta því innihaldið ýmis orð sem koma fyrir í töluðu máli en sjást sjaldan í rituðu máli. Þessi atriði eru meðal margra þátta sem gera snarskilaboð að athyglisverðum gögnum til rannsóknar á nýjungum í tungumálinu.

Einkaskilaboð, sama hvort þau eru gömul eða ný, geta verið viðkvæm gögn sem einstaklingar vilja ekki endilega gefa hverjum sem er aðgang að. Þess vegna fóru eigendur skilaboðanna sjálfir yfir sín eigin gögn á Facebook Messenger yfir 11 ára tímabil og söfnuðu saman dæmum um tókusagnir í samtölunum. Þetta er sambærilegt við aðferðafræði Tagliamonte (2016a) þar sem hún fékk nemendur sína, alls 45 þátttakendur, til þess að safna saman sínum eigin smáskilaboðum (SMS), snarskilaboðum (IM) og



tölvupóstum og bæta inn í gagnagrunn sem síðan var notaður til rannsóknar á málnotkun ungs fólks á ólíkum miðlum (Tagliamonte 2016a:7–8).

Í Facebook-leitinni sá hver og einn þátttakandi um að fjarlægja allar persónurekjanlegar upplýsingar áður en dæmunum var bætt inn í gagnasafnið og skipta þeim út fyrir málfræðilegar upplýsingar um þau orð sem voru fjarlægð, t.d. orðflokk, fall og merkingu orðsins. Þetta er sýnt með skálduðu dæmi í (34) þar sem (34a) inniheldur tókusögn ásamt undan- og eftirfarandi samhengi. Í (34b) er sama setning þar sem sýnt er hvernig farið er að því að skipta út persónurekjanlegum upplýsingum fyrir málfræðilegar upplýsingar.

34) a. Ég var að *forwarda* á þig tölvupóstinum frá Írisi í MH.

b. Ég var að *forwarda* á þig tölvupóstinum frá [nafn, kvk. þgf.] í [stofnun, ób.].

Hér hefur nafn á einstaklingi verið skipt út fyrir upplýsingar um að þar hafi áður staðið kvenmannsnafn í þágufalli og í stað nafns á skóla segir að þar hafi áður staðið nafn á stofnun sem er óbeygjanlegt og hafi þar af leiðandi ekki innihaldið neinar upplýsingar um fall.

Þátttakendur í þessum hluta rannsóknarinnar voru fimm nemendur í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands. Þessi hópur þátttakenda var valinn með það í huga að þeir gætu sjálfir greint málfræðilegar upplýsingar án þess að þurfa að láta af hendi skilaboð eða brot úr skilaboðum sem innihéldu persónurekjanlegar upplýsingar. Þátttakendur gáfu skriflegt samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni og fengu greitt fyrir vinnuframlag sitt til verkefnisins úr sjóði rannsóknarverkefnisins *Tveggja andlaga sagnir í íslensku og færeysku* sem styrkt var af Rannsóknarsjóði. Þátttakendurnir eru allir fæddir á árunum 1996–1997 og voru því á aldrinum 13–24 ára þegar samskiptin áttu sér stað, en eins og fyrr segir ná gögnin yfir 11 ára tímabil, 2010–2020. Allir fimm þátttakendurnir voru virkir notendur á Facebook eða Facebook Messenger yfir þetta 11 ára skeið. Virkir notendur þýðir hér að allir þátttakendur rannsóknarinnar notuðu Facebook Messenger að minnsta kosti í hverjum mánuði og allt að því daglega yfir umrætt tímabil. Þessar upplýsingar byggja á persónulegu mati hvers og eins þátttakanda á eigin notkun á Facebook undanfarinn áratug.

Þrátt fyrir að Facebook-gögnin komi aðeins frá fimm einstaklingum er ekki þar með sagt að gögnin lýsi aðeins máli fimm einstaklinga. Hver og einn þátttakandi hefur átt í samskiptum við tugi eða hundruði einstaklinga á samskiptamiðlinum yfir þetta 11 ára skeið og dæmin koma bæði frá eiganda gagnanna eða viðmælanda hans. Langflestir viðmælendur þátttakendanna voru á sama eða svipuðum aldri og þátttakendurnir sjálfir. Þó var ákveðið að takmarka aldur viðmælanda, m.a. til þess að gögnin endurspegluðu sérstaklega mál unglunga og ungs fólks á ákveðnu tímabili. Öll dæmin í gagnasafninu koma þess vegna frá einstaklingum sem eru fæddir á árunum 1990–2002 og voru því á aldrinum 13–30 ára en aldurstakmark fyrir notendur Facebook er 13 ár. Vert er að nefna að tökusagnir koma mun oftast fyrir í samtölum yngra fólks heldur en meðal þeirra sem eldri eru. Þess vegna er ólíklegt að þessi takmörkun á aldri viðmælanda hafi haft mikil áhrif á fjölda dæma sem leitinn skilaði. Þetta sýna líka stikkprufur sem teknar voru úr samtölum eins þátttakenda við viðmælendur utan aldurshópsins sem um ræðir.

Leitinn fór þannig fram að hver þátttakandi sótti afrit af öllum samtölum sínum á Facebook Messenger. Þetta er hægt að gera í gegnum sérstakar stillingar á síðunni. Þátttakendur hjálpuðust síðan að við að taka saman lista af algengum tökusögnum í daglegu tali undanfarinna ára. Þátttakendur notuðu þennan lista til þess að leita að dæmum í gögnunum sínum. Með því að leita eftir nokkuð takmörkuðum lista af tökusögnum komu upp dæmi um aðrar tökusagnir í umhverfi þeirra sagna sem upphaflega var leitað að. Nýjum sögnum var bætt á listann þannig að aðrir þátttakendur leituðu líka að dæmum um þær sagnir í sínu gagnasafni. Með þessu móti vatt listinn upp á sig með náttúrulegum hætti. Að lokum var 32 sögnum úr grein Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020) bætt við listann, sbr. (36) en þar var um að ræða nýjar sagnir í íslensku, þær sem komnar eru úr ensku en einnig aðrar nýjar sagnir í málinu. Alls var leitað að dæmum um 94 ólíkar sagnir, sbr. (35) og (36). Fjöldi sagna í hverjum flokki er gefinn upp innan sviga.

### **35) Almennar sagnir úr Facebook-leitinni (alls 62):**

accepta, adda, aflæka, approvea, aska, attenda, baila, blocka, blogga, calla, chatta, checka, chilla, commenta, cravea, deletea, denya, donatea, downloada, edita, emaila, followa, fokka, forwarda, googlea, husslea, installa, invitea, leavea, likea, loada, logga, messagea, panicka, pokea, posta, printscreena, regifta, reporta, responda, tumbra, unfollowa, uploada, unlikea, replya, reblogga, requesta, savea,

scorea, scrolla, searcha, seena, sharea, smsa, snappa, sounda, spamma, stalk(er)a, starta, sucka, tagga, untagga.

**36) Sagnir frá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur (2020) (alls 32):**

bekka, blamea, blasta, brainstorma, broadcasta, cracka, crasha, domma, dropa, dumpa, farta, fiffa/fixa, flexa, gólfa, gramma, græja, gúffa, hannaesa, jáa, jinxa, kicka, minea, namedropna, offa, outsourcea, pastea, rippa, slumma, snakea, screena, syngja.

Alls söfnuðust 5.046 dæmi um nýjar sagnir í samtölum á Facebook Messenger. Eftir að persónugreinanlegar upplýsingar höfðu verið fjarlægðar var öllum dæmunum safnað saman í gagnasafn ásamt því samhengi sem sagnirnar komu fyrir í. Samhengi með hverri sögn var að meðaltali 7,2 orð en gagnasafnið í heild inniheldur tæplega 42.000 orð. Niðurstöðum leitarinnar verður nánar lýst í 4. kafla.

Leit að dæmum um tiltekna sagnir í Facebook-gögnunum skilaði misgóðum árangri eftir sögnum. Til viðbótar við þessar niðurstöður var gerð leit að frekari dæmum um einstaka sagnir á netinu, bæði á Google og Twitter, en einnig með leit í Risamálheildinni (Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018). Þetta var einkum gert fyrir sagnir sem annaðhvort skiluðu fáum eða engum niðurstöðum í Facebook-leitinni eða sagnir sem eru að einhverju leyti gamlar eða úreltar, t.d. sögnina *faxa*, eða ef notkun þeirra hefur af einhverri ástæðu aukist mikið á síðustu árum, jafnvel í nýrri merkingu. Það síðastnefnda á til dæmis við um sögnina *cancela* sem þýddi áður að aflýsa einhverju óhlutbundnu, t.d. flugi eða tónleikum, en hefur á undanförunum árum verið notuð í auknum mæli og þá í annarri merkingu.<sup>23</sup>

Rannsóknin var gerð með sérstöku tilliti til nýrra tveggja andlaga sagna í málinu. Nýjar tveggja andlaga sagnir virðast ekki vera sérstaklega algengar en af 94 sögnum sem leitað var að á Facebook voru aðeins átta sagnir sem hugsanlega væri hægt að nota sem tveggja andlaga sagnir. Þetta eru sagnirnar *emaila*, *smsa*, *messagea*, *forwarda*, *græja*, *faxa*, *regifta* og *donatea*. Þrjár þessara sagna skiluðu engum niðurstöðum í Facebook-leitinni, en það voru sagnirnar *faxa*, *regifta* og *donatea*. Leit á netinu skilaði einhverjum dæmum um þessar sagnir, þar af flestum dæmum um sögnina *faxa* en þá sögn hefur áður

---

<sup>23</sup> Hér er átt við að afskrifa eða sniðganga tiltekinn einstakling, oft þekktan eða frægan, vegna ósæmilegrar hegðunar viðkomandi, sbr. *slaufunarmenningu* (e. *cancel culture*).

verið fjallað um í tengslum við málfræðilegar athuganir (sjá t.d. Maling 2002, Jóhönnu Barðdal 2007, 2008) eins og nánar verður fjallað um í kafla 4.3.

### 3.2 Viðtöl

Til viðbótar við dæmi um notkun á tökusögnum á netinu var heimilda aflað með viðtölum sem fóru fram í janúar 2022. Alls voru fjögur viðtöl tekin við einstaklinga fædda á árunum 1990–2005 þ.e. á aldrinum 17–32 ára. Viðtölin fóru fram með fjarfundarbúnaði og voru tekin upp með bæði hljóði og mynd. Hvert viðtal tók um hálfu til eina klukkustund. Allir þátttakendur eða forráðamenn þeirra sem ekki höfðu náð 18 ára aldri veittu skriflegt samþykki fyrir þátttöku sinni í rannsókninni. Í viðtölunum voru teknar fyrir tökusagnir í fjórum flokkum: algengar tökusagnir, tökusagnir sem geta haft fleiri en eina merkingu, tökusagnir með forsetningarlið og tveggja andlaga tökusagnir. Ekki var spurt út í allar 94 tökusagnir sem teknar voru fyrir í leit á netinu heldur aðeins þær sagnir sem höfðu af einni eða annarri ástæðu vakið sérstaka eftirtekt og kölluðu á frekari athuganir.

Markmiðið með viðtölunum var að fá fram dýpri greiningu á málkerfi fárra einstaklinga frekar en að afla grynri gagna sem næðu til mun fleiri þátttakenda, t.d. með dómaprófi sem deilt væri á netinu. Viðtölin fóru þannig fram að viðmælandi var spurður út í eina nýja sögn í einu. Hann var spurður hvort hann þekkti sögnina og ef svo var, hvort hann gæti notað sögnina í setningu. Með þessum hætti var reynt að fá viðmælanda til þess að framkalla setningu með tiltekinni sögn án þess að mata hann beint með tilbúnum setningum. Þetta var sérstaklega gert til þess að forðast ýfingarhrif (e. *priming effect*). Þegar þátttakandi í málfræðirannsókn fær að heyra dæmi þar sem ný sögn stýrir tilteknu falli skapast hættu á því að viðmælandinn samþykki fallstjórn sem hann er annars ekki vanur að nota eða heyra. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða nýjar sagnir í tungumáli þar sem fallstjórn þeirra er ekki jafn föst í sessi og fallstjórn annarra sagna í málinu. Hér getur líka skipt sköpum hvort um er að ræða sagnir sem málhafar læra á máltökuskeiði eða á fullorðinsárum en það síðarnefnda á oft við í tilfelli nýrra sagna.

Ef viðmælanda gekk illa að búa sjálfur til dæmi um setningu með ákveðinni sögn voru a.m.k. tveir valmöguleikar bornir upp, þar sem sögnin stýrði t.d. annaðhvort þolfalli eða þágufalli. Stundum voru möguleikarnir fleiri en tveir, sérstaklega þar sem um var að ræða möguleika á fleiri en einni forsetningu. Dæmin voru þá borin upp í

handahófskenndri röð en það var gert til þess að koma í veg fyrir að röðunin hefði áhrif á dóma þátttakenda. Í þeim tilfellum þar sem viðmælandi bjó sjálfur til setningu með tiltekinni fallstjórn voru aðrir möguleikar bornir upp í kjölfarið til þess að athuga hvort viðmælandinn gæti samþykkt fleiri en eina formgerð með sömu sögn.

Í fyrsta hluta viðtalanna voru teknar fyrir sagnir sem voru algengar í Facebook-gagnasafninu og höfðu tiltölulega fastmótaða fallmörkun. Þá er átt við áhrifssagnir sem skiluðu yfir 100 niðurstöðum í Facebook-leitinni og að þær hafi stýrt sama fallinu í yfir 90% dæmanna. Þessi hluti var notaður bæði til þess að athuga hvort sú fallstjórn sem viðmælandinn framkallaði væri í samræmi við fyrri niðurstöður með þessum sögnum og sem eins konar upphitun, til þess að kynna viðmælandann fyrir viðtalsforminu. Í þessum viðtalshluta var spurt út í fimm algengar tókusagnir, *likea* og *googlea*, sem stýra almennt þolfalli, og *pósta*, *adda* og *(down)loada* sem stýra almennt þágufalli.

Í öðrum hluta viðtalanna voru teknar fyrir sagnir sem geta haft fleiri en eina merkingu, bæði þegar þær eru notaðar í ensku og sem tókusagnir í íslensku. Í þessum hluta var spurt um sagnirnar *droppa*, *crasha*, *cancela* og *dumpa*. Allar sagnirnar fyrir utan *cancela* voru teknar fyrir í Facebook-leitinni. Þrjár þessara sagna, *droppa*, *crasha* og *dumpa*, voru sérstaklega athugaðar þar sem notkun þeirra í íslensku virðist takmarkast við yfirfærða merkingu frekar en bókstaflega merkingu. Hér gæti verið um að ræða svokölluð hömluáhrif (Aronoff 1976) þar sem hefðbundin merking sagnanna er ekki möguleg í íslensku vegna tilvistar annarra sagna í málinu sem hafa sömu merkingu. Þetta kom sérstaklega fram í svörum viðmælenda í sambandi við sögnina *crasha* í merkingunni ‚klessa á‘ og í sambandi við sögnina *droppa* í merkingunni ‚missa eitthvað‘. Í báðum tilfellum var um að ræða fleiri en einn viðmælanda sem sögðust nota báðar sagnir í fleiri en einni yfirfærðri merkingu en töldu ómögulegt að nota sagnirnar í bókstaflegri merkingu.

Sögnin *cancela* var ekki tekin fyrir í Facebook-leitinni en bættist við eftir að þeim hluta rannsóknarinnar var lokið. Dæmaleit á netinu skilaði þó talsvert mörgum niðurstöðum, ekki síst á Twitter. Sögnin hefur verið til í málinu um nokkurt skeið í merkingunni ‚aflýsa‘ og er oft notuð til dæmis í sambandi við flug eða viðburði sem hefur verið aflýst. Undanfarin ár hefur notkun á þessari sögn hins vegar aukist töluvert í daglegu tali í íslensku og þá í annarri merkingu en þekktist áður. Ný merking sagnarinnar tengist því sem hefur verið kallað á íslensku slaufunarmenning (e. *cancel culture*) og þýðir þá að

sniðganga einstakling. Þessi sögn var sérstaklega athuguð vegna þess að einhver munur virðist vera á fallstjórn sagnarinnar eftir því hver merking hennar er, þ.e. hvort um er að ræða eldri merkinguna, að aflýsa, sem stýrir í langflestum tilfellum þágufalli eða nýju merkinguna, að sniðganga, sem stýrir ýmist þolfalli eða þágufalli.

Í þriðja hluta viðtalsins voru teknar fyrir tókusagnir sem taka með sér forsetningarlið. Þetta voru sagnirnar *checka (á)*, *baila (á)*, *scrolla (á/niður)* og *snappa (á)*. Hér var meðal annars athugað hvaða falli forsetningin stýrði með hverri sögn og hvort hægt væri að nota þessar sagnir með andlagi án forsetningarliðar. Þetta á til dæmis við um sögnina *checka* eins og sjá má á dæmunum í (37) sem fengin eru úr Facebook-gagnasafninu. Þar má sjá að sögnin tekur ýmist með sér forsetninguna *á* sem stýrir þá þágufalli á því sem fylgir á eftir, sbr. (37a), eða stendur án forsetningar, sbr. (37b) en þá stýrir sögnin þolfalli á andlaginu sem fylgir á eftir.

- 37) a. Þarf að skreppa aðeins, skal tékka á þessu eftir 10 mín
- b. tékkaðu dp myndina hennar<sup>24</sup>


Í fjórða og síðasta hluta viðtalsins var spurt um tveggja andlaga sagnir, bæði nýjar sagnir í íslensku og aðrar íslenskar sagnir til samanburðar. Þá var spurt um sagnirnar *forwarda*, *áframsenda*, *emaila*, *smsa*, *donatea*, *gefa* og *græja*. Þar að auki var sögnunum *regifta* og *messagea* bætt við ef tími gafst til í lok viðtalsins. Athugunin snerist fyrst og fremst um það hvort nýjar tveggja andlaga sagnir væri hægt að nota með óbeinu andlagi og beinu andlagi frekar en beinu andlagi og forsetningarlið. Þar að auki var sjónum sérstaklega beint að því hvort þátttakendur gætu bæði samþykkt sögnina *forwarda* og *áframsenda* í ljósi þess sem komið hefur fram í sambandi við hömluáhrif, en þau eiga almennt að útiloka tvímyndir í þeim tilfellum þar sem þær þjóna ekki ólíkum tilgangi (sjá t.d. Aronoff 1976, Kroch 1994). Nánar verður fjallað um niðurstöður og greiningu gagnanna í 4. og 5. kafla hér á eftir.

---

<sup>24</sup> Hér er „dp mynd“ notað sem stytting á orðinu *display picture* og vísar til forsíðumyndar á Facebook.

## 4. Niðurstöður og umræður

Facebook-leitin skilaði alls 5.046 dæmum um 78 nýjar sagnir en Facebook-gagnasafnið samanstendur af þessum sögnum ásamt því samhengi sem þær koma fyrir í. Gagnasafnið inniheldur í heildina um 42.000 lesmálsorð og hefur verið hreinsað af öllum persónurekjanlegum upplýsingum. *Mynd 1* hér að neðan sýnir 20 algengustu sagnirnar af þeim 78 sem koma fyrir í Facebook-gagnasafninu ásamt fjölda dæma um hverja þeirra.



*Mynd 1: 20 algengustu sagnirnar í Facebook-leitinni og fjöldi niðurstaðna fyrir hverja sögn.*

Alls var leitað að 94 mismunandi sögnum en 16 af þeim sögnum sem leitað var að skiluðu engum niðurstöðum, sjá (38).

38) regifta, donatea, bekka, broadcasta, domma, hannelsa, farta, slumma, blamea, gólfa, gúffa, rippa, minea, outsourcea, screena, syngja.

Leitað var að hverri sögn með bæði íslenskum og enskum rithætti þar sem það á við, eins og nánar hefur verið fjallað um í 3. kafla hér á undan. Facebook-leitin skilaði því dæmum um notkun á 78 nýjum sögnum í íslensku. Þar af voru 10 sagnir sem komu aldrei fyrir með andlagi, sjá (39). Þær sagnir sem skiluðu færri en fimm dæmum koma þar fyrir ásamt fjölda dæma innan sviga.

39) brainstorma, chilla, jáa (1), kicka (4)<sup>25</sup>, panicka (3), printscreena (2), reblogga (1), ressonda (3), requesta (2), sounda (1).

Sumar þessara sagna má áætla að séu áhrifslausar, sbr. sögnina *chilla* sem skilaði 555 leitarniðurstöðum og er því þriðja algengasta sögnin í Facebook-gagnasafninu en kemur aldrei fyrir með andlagi. Aðrar sagnir í (39), svo sem *requesta* eða *ressonda*, mætti áætla að væru áhrifssagnir út frá merkingu þeirra en koma engu að síður ekki fyrir með andlagi. Í slíkum tilfellum getur verið að andlag sagnarinnar hafi komið fyrir fyrr í samtalinu og sé því stundum undanskilið. Þetta á sérstaklega við um þær sagnir sem skiluðu fáum niðurstöðum í Facebook-leitinni. Hér er mikilvægt að taka til greina það óformlega málsnið sem unglingar eiga til að nota í samskiptum við jafningja sína í snarskilaboðum.

#### 4.1 Þolfalls- og þágufallssagnir

Flestar af þeim nýju sögnum sem teknar eru fyrir í þessari rannsókn eru áhrifssagnir sem stýra annaðhvort þolfalli eða þágufalli á beinu andlagi. Af þeim 78 sögnum sem dæmi fundust um í Facebook-leitinni voru 60 áhrifssagnir sem taka með sér eitt beint andlag. Margar af þeim sögnum sem skiluðu niðurstöðum í Facebook-leitinni komu fyrir bæði með þolfalls- og þágufallsandlagi þó svo að í flestum tilfellum hafi annað fallið verið mun algengara en hitt með tiltekinni sögn. Þar að auki voru margar sagnir sem skiluðu fáum dæmum og er því erfitt að segja til um fallstjórn þeirra með öruggum hætti. Hér er sögn sögð stýra tilteknu falli ef hún hefur sams konar fallstjórn í yfir 75% dæma í gagnasafninu. Sumar sagnir skiluðu of fáum dæmum til þess að hægt sé að fylgja þessari reglu. Þær sagnir eru engu að síðar hafðar með í flokkun á þolfalls- og þágufallssögnum en fjöldi dæma er þá gefinn upp innan sviga. Í dæmum (40–42) hér að neðan getur að líta 61 sögn sem stýrir beinu andlagi. Þar af eru 38 þolfallssagnir, sbr. (40), 16 þágufallssagnir, sbr. (41) og 6 sagnir sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli á andlagi sínu, sbr. (42). Í (42) kemur fram ein sögn til viðbótar við þær sem er að finna í Facebook-gagnasafninu, þ.e. sögnin *cancela*. Sögnin *cancela* var ekki tekin fyrir í Facebook-leitinni en hún er ein

---

<sup>25</sup> Sögnin *kicka* er í öllum fjórum dæmum sem fundust í Facebook-leitinni notuð sem áhrifslaus sögn, sbr. *kicka inn* í dæmum eins og „nú er stressið farið að kikka mikið inn“.



þeirra sagna sem ýmist stýra þolfalli eða þágufalli í íslensku. Hún er þar að auki meðal þeirra nýju sagna sem hafa fleiri en eina merkingu. Þessar niðurstöður eru bæði fengnar úr leit á netinu og úr viðtalshluta rannsóknarinnar. Nánar verður fjallað um sagnir með breytilega merkingu og fallstjórn í kafla 4.4 hér á eftir.

**40) Nf.-þf. sagnir (alls 38):**

accepta, aflæka, calla, edita, fiffa, followa, googlea, græja, likea, logga, messagea, pastea, savea, seena, smsa, snappa, spamma, stalka/stalkera, tagga, unfollowa, unlikea, approvea (2), aska (1), attenda (2), blocka (3), cracka (3), crasha (4), cravea (2), emaila (2), leavea (1), messagea (2), offa (1), pokea (1), scorea (2), searcha (3), tumbra (1), untagga (1), reporta (3).

**41) Nf.-þgf. sagnir (alls 16):**

adda, blasta, deletea, downloada, droppa, dumpa, fokka, forwarda, loada, installa, posta, sharea, uploada, denya (1), snakea (1), starta (3).

**42) Sagnir sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli (alls 7):**

invitea, namedroppa, flexa, gramma, husslea, jinxa (4), cancela.

Í (42) koma fyrir sagnir sem hafa blandaða fallstjórn, þ.e. sagnir sem stýra ekki einu og sama fallinu í yfir 75% tilfella í Facebook-gagnasafninu. Fallstjórn þeirra reikar með öðrum orðum á milli þolfalls og þágufalls. Dæmi um sögnina *invitea* eru alls 38 í Facebook-gagnasafninu. Þar af voru 14 dæmi án andlags og þrjú þar sem fall andlagsins er órætt. Dæmi með ótvíræðu þolfallsandlagi voru sex en 15 með þágufallsandlagi. Hlutfall þágufallsandlaga er því 71% á móti 29% með þolfallsandlagi. Sögnin *namedroppa* kemur fimm sinnum fyrir í Facebook-gagnasafninu. Þar af er eitt dæmi þar sem fall á beinu andlagi er órætt, tvö dæmi með þolfallsandlagi og tvö með þágufallsandlagi. Sögnin *flexa* kemur 10 sinnum fyrir í Facebook-gagnasafninu, sex sinnum án andlags, þrisvar með þolfallsandlagi og einu sinni með þágufallsandlagi. Sögnin *gramma* skilaði sex dæmum, tveimur án andlags, tveimur með þolfalli og tveimur með þágufalli. Sögnin *husslea* kemur fyrir sex sinnum í gagnasafninu.<sup>26</sup> Sögnin kemur þrisvar fyrir án andlags, (t.d. *róleg að hössla*) einu sinni með þolfalli og einu sinni með

---

<sup>26</sup> Sögnin hefur nokkuð marga ólíka rithætti, sérstaklega í unglíngamáli á netinu, þ.á m. *hössla* og *hözzla* eða *hazzla*.

þágufalli. Í einu tilfelli er fall andlagsins órátt vegna samfalls í beygingardæmi (sbr. *er að hössla* [nafn á skóla, óbeygjanlegt] *busa*.)

Sögnin *jinxa* kemur fyrir fjórum sinnum í gagnasafninu, þar af þrisvar með þolfalli og einu sinni með þágufalli. Í því eina dæmi þar sem sögnin kemur fyrir með þágufalli er samhengið útskýring á því hvað sögnin þýðir og hvernig hún er notuð, sjá (43).

43) "Ég vil ekki jinxa því"=ég vil ekki nefna það því þá gæti það breyst.

Hér er um að ræða samtal þar sem annar aðilinn útskýrir fyrir viðmælanda sínum nýja sögn ásamt fallstjórn hennar og merkingu. Í þessu tilfelli er sögnin *jinxa* notuð með þágufalli þó svo að sögnin stýri þolfalli í öðrum dæmum í gagnasafninu. Þar að auki er gefin nákvæm skýring á merkingu sagnarinnar. Þetta dæmi er áhugavert fyrir umræðuna um hliðstæður. Þá er átt við umræðuna um það hvort nýjar sagnir eigi sér almennt merkingarlega hliðstæðu í málinu og hvort nýjar sagnir taki upp rökliðagerð viðkomandi hliðstæðu sem er þegar til í málinu (sjá Jóhönnu Barðdal 2008: 86–88). Þetta dæmi vekur áhuga þar sem merkingarleg hliðstæða sagnarinnar í huga málhafans kemur fram með beinum hætti. Fallstjórn nýju sagnarinnar og þeirrar sagnar sem við getum gert ráð fyrir sem merkingarlegri hliðstæðu hennar í máli þessa einstaklings er aftur á móti ekki sú sama. Hér virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að sögnin *jinxa* stýri þolfalli rétt eins og merkingarleg hliðstæða hennar *nefna* þar sem sögnin stýrir raunar oftast þolfalli í Facebook-gagnasafninu. Þetta dæmi er ein vísbending þess að fallstjórn nýrra sagna ráðist ekki alltaf af beinni hliðstæðu í málinu. Nánar verður fjallað um merkingarlegar hliðstæður í kafla 4.1.2 hér á eftir.

#### 4.1.1 Samanburður við fyrri rannsóknir

Eins og komið hefur fram er mikil velta á tókusögnum í íslensku, fjölmargar sagnir eru teknar upp í daglegu tali í íslensku en flestar sagnir staldra stutt við í málinu. Þar að auki eru margar þessara sagna bundnar við ákveðna samfélagshópa og eru ekki endilega þekktar eða notaðar af öllum í málsamfélaginu á sama tíma. Skörun á sagnalista þessarar rannsóknar og lista Jóhönnu Barðdal (2008) yfir tókusagnir er ekki mikil en þó eru einhverjar sagnir sem koma fyrir í báðum gagnasöfnum, sjá (44). Af 21 sögn sem kemur

fyrir í báðum rannsóknum eru 15 sagnir sem hafa sömu fallstjórn en sjö sagnir hafa ólíka fallstjórn milli þessara tveggja rannsókna, sjá (45).

**44) Sagnir með sams konar fallstjórn í Facebook-gagnasafninu og hjá Jóhönnu Barðdal (2008) (alls 15):**

adda, cracka, deletea, downloada, droppa, dumpa, edita, fiffa/fixa, googlea, installa/installera, logga, posta, starta, tagga, uploada.

**45) Sagnir með ólíka fallstjórn í Facebook-gagnasafninu og hjá Jóhönnu Barðdal (2008) (alls 7):**

blasta, crasha, flexa, husslea, namedroppa, offa, pastea.

Þrjár þessara sagna eru flokkaðar bæði með þolfalls- og þágufallssögnum hjá Jóhönnu Barðdal (2008:199). Þetta eru sagnirnar *offa* og *pastea* sem eru flokkaðar með þolfallssögnum í Facebook-gagnasafninu, sbr. (41), og sögnin *blasta* sem flokkuð er sem þágufallssögn í Facebook-gagnasafninu, sbr. (42). Þar að auki eru þrjár sagnir sem taka ýmist með sér þolfalls- eða þágufallsandlag í Facebook-gagnasafninu en eru greindar á annan hátt hjá Jóhönnu Barðdal. Þetta eru sagnirnar *husslea* og *flexa* sem greindar eru sem þolfallssagnir hjá Jóhönnu Barðdal (2008:199) og sögnina *namedroppa* sem Jóhanna Barðdal (2008:199) greinir sem þágufallssögn. Með öðrum orðum eru þessar sex sagnir flokkaðar bæði sem þolfalls- og þágufallssögn í annarri rannsókninni en sem annaðhvort þolfalls- eða þágufallssögn í hinn. Þetta eru því allt sagnir sem virðast flakka milli þolfalls og þágufalls á andlagi.

Ein sögn sem flokkuð er sem þolfallssögn í Facebook-gagnasafninu er greind sem þágufallssögn hjá Jóhönnu Barðdal (2008:199), þ.e. sögnin *crasha*. Mismunandi fallstjórn sagnarinnar *crasha* gæti stafað af því að sögnin getur haft ólíka merkingu eftir því í hvaða samhengi hún kemur fyrir og getur merkingarhlutverk andlagsins verið ólíkt eftir því í hvaða samhengi sögnin er notuð. Þessi sögn var sérstaklega tekin fyrir í viðtalshluta þessarar rannsóknar en þar voru fjórir viðmælendur fengnir til að lýsa í smáatriðum tilfinningu sinni fyrir merkingu og fallstjórn nokkurra nýrra sagna í íslensku. Viðmælendurnir fjórir gátu allir nefnt nokkrar ólíkar merkingar sagnarinnar *crasha* í íslensku. Allir viðmælendur höfnuðu því að þeir notuðu sögnina *crasha* í merkingunni ‚klessa á, eyðileggja‘ en þetta er einmitt sú merking sem sögninni er úthlutað hjá Jóhönnu Barðdal, en þar er sögninni lýst sem eyðileggingarsögn (e. *verbs of destruction*) sem tekur

með sér þágufallsandlag. Nánar verður fjallað um sögnina *crasha* ásamt öðrum sögnum með breytilega merkingu í kafla 4.4 hér á eftir.

Í rannsókn Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020) sem fram fór árið 2015 var netkönnun lögð fyrir u.þ.b. 400 þátttakendur í tveimur hlutum. Alls var spurt út í fallstjórn 40 nýrra sagna, bæði tökusagna úr ensku og annarra nýrra sagna í íslensku. Sögnum þessarar rannsóknar var bætt við Facebook-leitina undir lokin en þremur sögnum af 40 var sleppt (*drulla*, *slaka* og *skúbba*). Þetta var gert að fordæmi Jóhannesar og Rannveigar (2020:301). Þau sleppa þessum sögnum í sinni greiningu og gefa þá ástæðu að hægt væri að færa rök fyrir því að þetta séu ekki nýjar sagnir í íslensku. Þar að auki er tveimur sögnum sleppt í greiningunni (*jinx* og *kicka*) þar sem setningarnar sem notaðar voru í könnuninni var hægt að túlka á of marga vegu.

Af þeim 35 sögnum sem eftir standa frá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur (2020) voru 14 sagnir sem skiluðu engum niðurstöðum í Facebook-leitinni.<sup>27</sup> Þó ná gögn þessara tveggja rannsókna yfir svipað tímabil, Facebook-gögnin eru frá árunum 2010–2020 en könnun Jóhannesar og Rannveigar var lögð fyrir þátttakendur árið 2015. Í niðurstöðum rannsóknar Jóhannesar og Rannveigar má sjá að margir þátttakendur netkönnunarinnar völdu valmöguleikann *hvorugt* þegar þeir voru beðnir um að leggja mat á það hvort sagnir stýrðu frekar *þolfalli* eða *þágufalli* á beinu andlagi. Þetta kemur sérstaklega fram meðal þeirra sagna sem skiluðu engum niðurstöðum í Facebook-leitinni. Til dæmis völdu 26% valmöguleikann *hvorugt* með sögninni *hannesa*, með sögninni *minea* voru það 38%, *domma* 39%, *slumma* 40%, *syngja* 47%<sup>28</sup> og *farta* 52%. Þessar niðurstöður gætu bent til þess að þessar tilteknu sagnir hafi ekki náð sérstaklega mikilli útbreiðslu í íslensku og að þátttakendur í könnun Jóhannesar og Rannveigar hafi ekki þekkt viðkomandi sögn og þess vegna ekki treyst sér til þess að leggja mat á fallstjórn hennar. Þessar niðurstöður gætu líka komið til vegna hraðrar veltu á erlendum sögnum sem eru kannski notaðar mikið í íslensku yfir stutt tímabil en hverfa fljótlega aftur úr málinu.

---

<sup>27</sup> Sagnir frá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur (2020) sem ekki skiluðu neinum niðurstöðum í Facebook-leitinni voru: *bekka*, *broadcasta*, *domma*, *hannesa*, *farta*, *slumma*, *blamea*, *gólfa*, *gúffa*, *rippa*, *minea*, *outsourcea*, *screena*, *syngja*.

<sup>28</sup> Sögnin *syngja* er talin sem ný sögn hjá Jóhannesi og Rannveigu í ákveðinni merkingu, þ.e. „segja frá leyndarmáli“.

Af 40 sögnum hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur var því aðeins 21 sögn sem hægt er að bera saman við niðurstöður Facebook-leitarinnar, sjá (46).

**46) Sagnir sem koma fyrir í Facebook-gagnasafninu og hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur (2020) (alls 21):**

blasta, cracka, crasha, downloada, droppa, dumpa, emaila/meila, fiffa/fixa, flexa, googlea, gramma, græja, installa/installera, jáa, namedroppa, offa, pastea, posta, sharea, snakea, smsa/smessa.

Samanburður við niðurstöður Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020) leiðir í ljós að fallstjórn þessara sagna er að langmestu leyti sú sama og í Facebook-gagnasafninu. Það sem vekur helst athygli er að þrjár þeirra sagna sem hafa ólíka fallstjórn í Facebook-gagnasafninu miðað við greiningu Jóhönnu Barðdal (2008) fá ýmist þolfalls- eða þágufallsandlag í netkönnun Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur. Þar á meðal eru sagnirnar *crasha*, *pastea* og *namedroppa*.

Sögnin *crasha* er eins og komið hefur fram flokkuð á annan hátt í Facebook-gagnasafninu en hjá Jóhönnu Barðdal (2008), sem flokkar sögnina sem þágufallssögn með eyðileggingarmerkingu. Þetta stafar af því hversu fjölbreytt merking sagnarinnar getur verið. Sögnin *crasha* fær í 48,6% tilfella þágufall en 27,0% þolfall í niðurstöðum Jóhannesar og Rannveigar (2020:307). Í grein Jóhannesar og Rannveigar er sögnin *crasha* sögð merkja ‚klessa/eyðileggja‘ eins og hjá Jóhönnu Barðdal (2008). Sú merking sem er algengust í Facebook-gagnasafninu er aftur á móti ‚mæta óboðinn‘. Samkvæmt greiningu Jóhönnu Barðdal (2008) á merkingarflokkum sagna eru eyðileggingarsagnir (e. *verbs of destruction*) þar að auki einn þriggja merkingarflokka sem stýra ýmist þolfalli eða þágufalli á beinu andlagi sem ætti þá að fjölga enn möguleikum á fallmörkun með sögninni.<sup>29</sup> Nánar verður fjallað um sögnina *crasha* í kafla 4.4.

Sögnin *pastea* er flokkuð sem þolfallssögn í Facebook-gagnasafninu (alls 17 dæmi, þar af sex með ótvíræðu þolfalli) en bæði sem þolfalls- og þágufallssögn hjá Jóhönnu Barðdal (2008). Í netkönnun Jóhannesar og Rannveigar völdu 47,5% þolfall með sögninni *pastea* en 44,8% þágufall. Hér getur túlkun málhafa á merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar *pastea* haft áhrif á fallstjórn hennar, þ.e. hvort málhafi líti á þann

---

<sup>29</sup> Hinir flokkarnir tveir eru hugrænar sagnir (e. *verbs of cognition*) og hreyfingarsagnir (e. *verbs of motion*).

verknað sem sögnin lýsir sem einhvers konar hreyfingu, sem stýrir þá þágufalli eins og fjallað var um í 2. kafla, eða sem almenna tæknilega aðgerð sem stýrir þá þolfalli. Hér gæti til dæmis þágufalli verið úthlutað í samræmi við skilgreiningu Svenonius (2002) um merkingu þágufallssagna. Þar segir að þágufalli sé úthlutað til sagna sem lýsir tveimur undiraturðum sem ekki eru í fullkominni skörun í tíma, sjá nánar í kafla 2.2. Kenning Svenonius á ágætlega við þegar kemur að þremur skilgreindum flokkum hreyfingarsagna sem eru fyrirsegjanlega í þágufalli, þ.e. vessasagnir, boltasagnir og *hella*-sagnir, en hefur verið gagnrýnd þar sem hún á ekki eins vel við aðrar þágufallssagnir, til dæmis sagnir sem eiga sér merkingarlega hliðstæðu í þolfallssögn, svo sem *aðstoða* (þf.) og *hjálpa* (þgf.) (sjá Irisi Eddu Nowenstein 2023). Kenning Svenonius hefur hér verið umorðuð sem ósamhverf hreyfing geranda (eða valds) og þema þar sem gerandinn fylgir þemanu ekki eftir nema hluta af hreyfingunni.

Þá gæti verið að sögnin *pastea* fái þágufalli úthlutað vegna merkingarlegra eiginleika eins og er lýst hjá Svenonius (2002:209) þar sem hreyfing geranda og þema eru ekki í fullkominni skörun í tíma. Í Facebook-gagnasafninu kemur sögnin *pastea* oftast fyrir sem *coppypastea* og táknar því tvær aðgerðir í einu. Hér er ekki um að ræða sams konar atburð sem inniheldur tvo undiraturði eins og skilgreining Svenonius gerir ráð fyrir heldur flóknari atburð sem gæti því verið líklegri til þess að fá almennari formgerð úthlutað, en eins og kom fram í kafla 2.4.1 er þolfallsandlag almennara en þágufall sértækara þegar kemur að beinum andlögum sagna í íslensku sem og mörgum skyldum málum. Í Facebook-gagnasafninu eru sex dæmi um sögnina *pastea* með þolfallsandlagi en engin dæmi með þágufallsandlagi. Í fimm af þessum sex dæmum kemur sögnin *pastea* fyrir ásamt sögninni *copy*, þ.e. *coppypastea*, sem gæti skýrt hærra hlutfall þolfalls með sögninni en í öðrum rannsóknum.

Sögnin *namedroppa* var meðal þeirra sagna sem ýmist stýrir þolfalli eða þágufalli í Facebook-gagnasafninu. Hún er aftur á móti flokkuð sem þágufallssögn hjá Jóhönnu Barðdal (2008:199). Samkvæmt niðurstöðum netkönnunar Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020:307) völdu 42,5% þátttakenda þágufall með sögninni *namedroppa*, 30,9% sögðu að sögnin stýrði þolfalli, 3,2% völdu bæði föllin en 23,4% svarenda völdu hvorugt. Hér er um að ræða fallstjórn nýrrar sagnar sem er töluvert á reiki miðað við niðurstöður þessara þriggja rannsókna. Hér getur verið að fallstjórn sagnarinnar *droppa*, sem vanalega stýrir þágufalli í íslensku miðað við niðurstöður

Facebook-leitarinnar sem og niðurstöður rannsóknar Jóhönnu Barðdal (2008) og niðurstöður úr netkönnun Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020), hafi áhrif á fallstjórn sagnarinnar *namedroppa* vegna skyldleika sagnanna tveggja í upprunamálinu, ensku. Sögnin *dropa* er meðal þeirra sagna sem hafa sérstaklega breytilega merkingu en nánar verður fjallað um sagnirnar *dropa* og *namedroppa* í kafla 4.4 hér á eftir.

#### 4.1.2 Merkingarlegar hliðstæður nýrra sagna

Í einhverjum tilfellum er hægt að finna hliðstæður þar sem íslensk sögn er merkingarlega skyld ákveðinni tökusögn og stýrir sama falli. Hér er þó yfirleitt um að ræða tvær sagnir sem koma fyrir í mismunandi samhengi og mætti því færa rök fyrir því að þær þjóni ekki nákvæmlega sama hlutverki, sbr. (47–48). Með öðrum sögnum er aftur á móti ekki eins auðvelt að finna samsvarandi íslenska sögn sem hefur sömu fallstjórn og sögnin sem er nýrri í tungumálinu, sjá (49).

#### 47) Merkingarlegar hliðstæður sem stýra þolfalli:

- a. tagga / merkja (við)
- b. cravea / þrá
- c. græja / útvega, redda
- d. reporta / tilkynna
- e. leavea / yfirgefa
- f. logga / skrá
- g. savea / vista<sup>30</sup>
- h. seena / sjá, hundsá

#### 48) Merkingarlegar hliðstæður sem stýra þágufalli:

- a. sharea / deila
- b. uploada / hlaða upp<sup>31</sup>
- c. deletea / eyða

#### 49) Merkingarlegar hliðstæður sem stýra ólíku falli:

- a. edita + þf. / breyta + þgf.<sup>32</sup>

---

<sup>30</sup> *Savea* kemur nokkrum sinnum fyrir með forsetningarlið í gagnasafninu, sbr. *savea í tölvuna*, en óvíst er hvort *vista í tölvuna* væri samþykkt af sömu málhöfum.

<sup>31</sup> \**Upphlaða* virðist ekki vera hægt að segja heldur frekar *hlaða upp*. Að sama skapi er ekki hægt að segja \**loada upp* heldur frekar *uploada*.

<sup>32</sup> Sambærileg sögn gæti verið *laga* + þf.

- b. *googlea* + þf. / *fletta upp* + þgf. *eða leita að* + þgf.
- c. *followa* + þf. / *fylgja* + þgf.<sup>33</sup>
- d. *forwarda* + þgf. / *áframsenda* + þf.
- e. *posta* + þgf. / *deila* + þgf. *eða birta* + þf.
- f. *cancela* + þf./þgf. / *aflýsa* + þgf., *afskrifa* + þf. *eða útiloka* + þf.

Oft er um að ræða sagnapör þar sem önnur sögnin tekur með sér eitt beint andlag en hugsanleg merkingarleg hliðstæða hennar tekur með sér forsetningarlið, sjá (50).

**50) Merkingarlegar hliðstæður með beinu andlagi eða forsetningarlið:**

- a. *calla* + þf. / *hringja í* + þf.
- b. *attenda* + þf. / *mæta á* + þf.
- c. *pokea* + þf. / *pota í* + þf.<sup>34</sup>
- d. *likea* + þf. / *líka við* + þf. *eða merkja við* + þf.

Sögnin *googlea* virðist langoftast stýra þolfalli á beinu andlagi sínu. Þetta kemur meðal annars fram í Íslenskri nútímamálsorðabók (2020) þar sem segir að sögnin stýri þolfalli. Leit á netinu skilar þó nokkrum dæmum þar sem sögnin *gúgla* stýrir þágufalli, sjá (51).

- 51) Ég reyndi að *gúgla* bænum hennar til að sjá hvort þetta væri alveg handan hornsins en fann ekkert út úr því.<sup>35</sup>

Þessi fallstjórn gæti verið tilkomin vegna tengingar við íslensku sögnina *fletta upp* eða *leita að*. Í svari Guðrúnar Kvaran (2005) við spurningu um fallstjórn sagnarinnar á Vísindavefnum segir:

- 52) „Orðabók Háskólans á engin dæmi enn sem komið er í seðlasöfnum sínum um sögnina að *gúgla* ,leita að e-u með leitarvélinni Google‘. Ég hef spurst allnokkuð fyrir um þá notkun sem fyrirspyrjandi nefndi og fengið þau svör að flestir tali um „að *gúgla* honum/henni/því“ þegar leitað er að einhverju á leitarvélinni Google. Hugsunin er þá hin sama og ef sagt er „ég fletti honum/henni/því upp á Google“.“ (Guðrún Kvaran 2005).

<sup>33</sup> Sambærileg sögn gæti verið *elta* + þf.

<sup>34</sup> Eitt dæmi fannst þar sem sögnin *pokea* tekur með sér forsetningarlið, sbr. *pokea í e-n*.

<sup>35</sup> <https://www.norrdahl.org/post/s%C3%B6gulegir-vi%C3%B0bur%C3%B0ir>.



Önnur og fleiri dæmi eru um sögnina *googlea* ásamt þolfallsandlagi. Leit í Risamálheildinni skilaði alls 971 niðurstöðu fyrir uppflettiorðin *googlea*, *googla*, *gúgla* og *gúggla*. Þar af eru 365 dæmi þar sem þolfall fylgir á eftir en aðeins 14 dæmi með þágufalli. Sögnin *googlea* kemur fyrir 160 sinnum í Facebook-gagnasafninu. Þar af eru 75 dæmi með þolfallsandlagi en ekkert dæmi fannst í Facebook-leitinni þar sem sögnin *googlea* stýrir þágufalli.

	Facebook	Hlutfall	Risamálheild	Hlutfall
<b>Þolfall</b>	75	46,9 %	365	37,6 %
<b>Nefnifall</b>	5	3,1 %	50	5,2 %
<b>Þágufall</b>	0	0 %	14	1,4 %
<b>Ekkert andlag</b>	54	33,7 %	0	0 %
<b>Óbeygjanlegt</b>	26	16,3 %	0	0 %
<b>Ógreint</b>	0	0 %	547	56,0 %
<b>Samtals</b>	<b>160</b>	<b>100%</b>	<b>976</b>	<b>100%</b>

Tafla 2: Fallstjórn með sögninni *googlea* í Risamálheildinni og Facebook-gagnasafninu. Hér stendur flokkurinn ógreint fyrir dæmi sem koma ekki upp í útarleit í Risamálheildinni þegar leitað er eftir falli eftirfarandi orðs. Þar sem hlutfall ógreindra sagna er yfir helmingur heildarfjölda gefa niðurstöðurnar úr Risamálheild aðeins grófa hugmynd um sögnina *googlea* í málheildinni.

Hér hafa verið sýnd dæmi um tökusögn úr ensku sem hefur náð tiltölulega mikilli útbreiðslu í íslensku, sbr. fjölda niðurstaðna. Fallstjórn sagnarinnar virðist vera mjög samrýmd en ef aðeins dæmi með þolfalls- og þágufallsandlögum eru tekin til greina stýrir sögnin þolfalli í 100% tilfella í Facebook-gagnasafninu, alls 75 dæmi, og yfir 96% tilfella í Risamálheildinni, alls 365 dæmi af 379. Þrátt fyrir þetta stýrir samsvarandi sögn í íslensku, þ.e. *fletta upp*, þágufalli í íslensku en önnur möguleg hliðstæða sagnarinnar *googlea* í íslensku er sögnin *leita að*. Eins og svar Guðrúnar Kvaran (2005) á Vísindavefnum sýnir er eðlilegt að gera ráð fyrir því að ef fallstjórn réðist aðallega af hliðstæðu (e. *analogy*), þannig að ný sögn fengi sömu fallstjórn og samsvarandi sögn sem til er fyrir í málinu, lægi beint við að sögnin *googlea* stýrði þágufalli í íslensku.

Hér er um að ræða mótdæmi við því að fallstjórn nýrra sagna ráðist alfarið af hliðstæðum sem til eru fyrir í málinu. Annað dæmi um sagnir með hliðstæða merkingu en ólíka fallstjórn var dæmi um sögnina *jinx* í Facebook-gagnasafninu, sbr. (44) hér á

undan. Þar var um að ræða dæmi um sögnina sjálfa ásamt útskýringu málfhafans á merkingu hennar. Sá málfafi notaði sögnina *jinxa* með þágufallsandlagi en sagði sögnina þýða ‚nefna‘ sem stýrir þolfalli á beinu andlagi.

## 4.2 Sagnir með forsetningarlið

Í kafla 4.1 hér á undan var fjallað um fallmörkun sagna sem taka með sér beint andlag. Þar af voru 38 þolfallssagnir, 16 þágufallssagnir og 7 sagnir sem ýmist stýra þolfalli eða þágufalli á beinu andlagi. Í Facebook-gagnasafninu voru þar að auki 9 sagnir sem taka með sér forsetningarlið, sjá (53).

### 53) Sagnir sem taka með sér forsetningarlið (alls 9):

beila, checka, chatta, commenta, scrolla, sucka, crasha, reþlya, blogga.

Sumar þessara sagna geta bæði tekið með sér eitt beint andlag eða forsetningarlið. Þetta á t.d. við um sögnina *commenta* sem tekur annaðhvort með sér forsetninguna *á* ásamt nafnlið í þolfalli, sbr. (54a), eða beint andlag í þolfalli eins og í (54b).

- 54) a. Núna er hún bara eitthvað að *commenta á myndir* af mér og vinkonum mínum.  
b. Hvernig dettur honum í hug að *commenta þetta*.

Hér væri líklega mögulegt að nota sögnina með bæði beinu andlagi í þolfalli og forsetningarlið, sbr. *hvernig dettur honum í hug að commenta þetta á mynd af mér*. Sögnin *checka* kemur mun oftast fyrir með forsetningarlið heldur en beinu andlagi í Facebook-gagnasafninu. Niðurstöður með sögninni *checka* ásamt forsetningunni *á* og nafnlið í þágufalli voru 225 en aðeins 12 með beinu andlagi í þolfalli.

- 55) a. Já ég ætlaði bara að *tékka á þér* með sunnudaginn, er í veseni.  
b. Ég verð að *tékka á þessari plötu*.  
c. *Tjekkaðu hitt myndbandið*.  
d. Erta *tjekka púðrið*.

Í viðtalshluta rannsóknarinnar voru viðmælendurnir fjórir beðnir um að leggja mat á mögulega notkun sína eða annarra á sögninni *checka*. Þátttakendurnir fjórir samþykktu allir sögnina *checka* með forsetningunni *á* ásamt nafnlið í þágufalli og gátu sjálfir myndað slíka setningu (sbr. *checkaðu á þessu*). Hins vegar voru aðeins þrjár af fjórum sem sögðust

geta notað sögnina með beinu andlagi í þolfalli en einn viðmælandi hafnaði þeirri rökliðagerð alfarið (sbr. *checkaðu þetta*). Enginn af viðmælendum samþykkti sögnina með beinu andlagi í þágufalli, (sbr. *\*checkaðu þessu*), eða með forsetningunni *á* ásamt þolfalli (sbr. *\*checkaðu á þetta*).

Tveir viðmælendur sögðust greina merkingarmun á notkun sagnarinnar *checka* með forsetningarlið *ásamt* nafnlið í þágufalli eða með beinu andlagi í þolfalli. Einn viðmælandi taldi að sögnin *checka* ásamt beinu andlagi (sbr. *checkaðu þetta*) væri frekar notuð sem upphrópun og kæmi fyrir í hraðari samskiptum en að með forsetningarlið og nafnlið í þágufalli (sbr. *checkaðu á þessu*) hefði hlutlausari merkingu og fæli ekki í sér sama hraða eða gæfi ekki í skyn að um væri að ræða eitthvað áriðandi. Annar viðmælandi sagði að ef um væri að ræða samtál á Facebook Messenger myndi *checkaðu þetta* t.d. geta vísað til einhvers stutts textabrots, brandara eða myndar. *Checkaðu á þessu* gæti aftur á móti vísað til lengri texta eða greinar eða einhvers sem krefðist almennt lengri tíma. Svör þessara tveggja viðmælanda benda til þess að sumir málhafar greini merkingarlegan blæbrigðamun á rökliðagerðunum tveimur, *checka* + þf. og *checka* + á + þgf., þar sem fyrrnefnd rökliðagerð gefur í skyn þrengri tímaramma en sú síðarnefnda. Þessi merkingarlegu blæbrigði virðast þar að auki passa ágætlega við dæmin fjögur sem koma fram í (55) hér á undan.

Nokkrar umræður hafa skapast á undanförunum árum um fallmörkun með sögninni *baila* sem tekur með sér forsetninguna *á* en forsetningin stýrir ýmist þolfalli eða þágufalli á eftirfarandi fallorði. Allnokkrir hafa haldið því fram að fallstjórnin fari eftir aldri málhafa, sbr. brot úr viðtali blaðamanns mbl.is við Einar Lövdahl Gunnlaugsson, íslenskufraeðing í (56).

56) „Mín kynslóð myndi tala um að **beila á einhverju** meðan yngri kynslóð, krakkar undir tvítugu tala um að **beila á eitthvað** þar sem sögnin tekur með sér þolfall. Ég veit ekki hvernig það gerðist og hef þó meira að segja borið mig eftir að kanna það.“<sup>36</sup>

Ári síðar, 2019, fór fram víðtækari umræða um tökusögnina *baila* sem birtist í tveimur greinum á RÚV núll (Jafet Máni Magnússon 2019, Helga Margrét Höskuldsdóttir

---

<sup>36</sup> [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/02/10/thokkaleeega\\_pepp\\_i\\_vel\\_sed\\_tjill/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/02/10/thokkaleeega_pepp_i_vel_sed_tjill/)

2019). Þar eru leiddar að því líkur, með stuðningi óformlegrar netkönnunar, að fallstjórn með sögninni *baila* og forsetningunni *á sé* ólík milli aldurshópa.

Leit að orðmyndunum *beila* og *baila* í Risamálheildinni (2019) skilar samtals 72 niðurstöðum. Þetta eru töluvert færri niðurstöður en fengust úr Facebook-leitinni en alls eru 754 dæmi um sögnina *baila* að finna í Facebook-gagnasafninu en hún er jafnframt algengasta tökusögnin í gagnasafninu. Með útvíkkaðri leit er hægt að leita að tveimur orðmyndum, *beila* og *baila*, með forsetningunni *á* og þar á eftir orði í annaðhvort þolfalli eða þágufalli, sjá (57).

57) a. „Ég hef alveg frétt af því að fólk vill ekki fara út úr húsi út af kvíða og **beila á böll**.<sup>37</sup>“

b. „Þeir sem gagnrýna Gareth Bale fyrir að **beila á grannaslagnum** um helgina geta ekki hafa eignast börn sjálfir. Kveðja nýbakaður.<sup>38</sup>“

Leit í Risamálheildinni að orðastrengnum *baila/beila á* ásamt nafnlið í þolfalli skilar 11 niðurstöðum en leit að sama orðastreng með þágufalli skilar 21 niðurstöðu. Niðurstöður úr Facebook-gagnasafninu gefa mun einsleitari mynd, þar er að finna 235 dæmi um orðasambandið *baila/beila á* með þolfalli en aðeins 14 dæmi með þágufalli, sjá *töflu 3*. Þetta gæti skýrst af aldri mælenda í Facebook-gagnasafninu sem endurspeglar að mestu leyti tungumál einstaklinga sem fæddir eru á árunum 1996–1997.

	Facebook	Hlutfall	Risamálheild	Hlutfall
<b>Ekkert andlag</b>	366	48,5%	12	6,3%
<b>á + þolfall</b>	235	31,2%	11	17,2%
<b>á + þágufall</b>	13	1,7%	21	32,8%
<b>Órætt fall</b>	84	11,1%	0	0%
<b><i>baila út</i> + þf.</b>	0	0%	7	10,9%
<b>Miðmynd (-st)</b>	9	1,2%	0	0%
<b>Annað</b>	47	6,2%	21	32,8%
<b>Samtals</b>	<b>754</b>	100%	<b>72</b>	100%

Tafla 3: Niðurstöður úr leit að dæmum um sögnina *baila* í Facebook-gagnasafninu og í Risamálheildinni.

<sup>37</sup> <https://www.ruv.is/frett/samanburdur-og-alag-i-skola-skyri-depurd>

<sup>38</sup> [https://twitter.com/S\\_Mikael\\_J/status/260701863480016897?s=20&t=VpGAR6ovExhQKKzxp1xA](https://twitter.com/S_Mikael_J/status/260701863480016897?s=20&t=VpGAR6ovExhQKKzxp1xA)

Eins og sjá má í *töflu 3* er mjög algengt að sögnin *baila* komi fyrir án nokkurs andlags eða forsetningarliðar, en 366 dæmi af 754 í Facebook-gagnasafninu innihéldu ekkert andlag. Þessi notkun kemur fram í (58).

58) a. haha fáir? á jólaballi // jam það var í tísku að *beila* hahah.

b. hún var í [íþróttafélag, ób.] fyrir 2-3 árum, síðan byrjuðu hnén að *beila*.

Í (58a) kemur sögnin fyrir án forsetningarliðar. Í þessu tilfelli er hægt að undanskilja þær upplýsingar (á *jólaballið/jólaballinu*) þar sem þær hafa þegar komið fyrir í samtalinu. Í (58b) virðist sögnin hafa aðeins aðra merkingu en hún gerir vanalega. Hér er frumlag í setningunni ekki einstaklingur með sjálfstæðan vilja og getur þess vegna ekki haft merkingarhlutverkið gerandi. Hér er sögnin notuð í merkingunni ‚klikka‘ eða ‚hætta að virka‘ og er sögnin því í þessu samhengi óakkúsatív og frumlag hennar þema frekar en gerandi. Þetta vekur upp spurningar sem velt hefur verið upp í 2. kafla, þ.e. hvort hér sé um að ræða eina sögn eða tvær í orðasafninu þar sem talsverður munur er á rökliðagerðunum í (59a) og (59b).

Sumir málhafar hafa sagst nota bæði þolfall og þágufall en það fari eftir því hvert andlagið er. Þá getur verið að viðkomandi noti þolfall með manneskju (sem hefur þáttinn lifun) eða með persónufornafni en þágufall með einhverju sem ekki hefur lifun eða er ekki persónufornafn. Ef þetta reynist vera kerfisbundinn munur getur hér verið á ferðinni breytileg fallmörkun andlaga (e. *Differential object marking*) eins og fjallað var um í 2. kafla (sjá Bárány og Kalin 2020).


### 4.3 Tveggja andlaga sagnir

Við gagnaöflun þessarar rannsóknar var sérstaklega leitast við að finna dæmi um nýjar tveggja andlaga sagnir í íslensku. Alls voru átta tókusagnir í Facebook-leitinni sem gætu hugsanlega tekið með sér tveggja andlaga rökliðagerð, sjá (59).

59) **Sagnir sem geta tekið með sér tvö andlög (alls 8):**

donatea, (e)maila, faxes, forwarda, græja, messagea, regifta, smsa.

Leitað var að dæmum um sögnina *græja* með tveimur andlögum þar sem því hefur verið haldið fram að hún geti tekið með sér tveggja andlaga rökliðagerð í íslensku, sbr. *græja e-m e-ð/e-u* (Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Þórarinsdóttir 2020). Mynd 2 hér að neðan sýnir fjölda niðurstaðna í Facebook-gagnasafninu með hverri tveggja andlaga sögn.



Mynd 2: Niðurstöður leitar að tveggja andlaga sögnum í Facebook-gagnasafninu. Sagnirnar *donatea*, *faxa* og *regifta* skiluðu engum niðurstöðum.

Þessum tveggja andlaga sögnum er skipt í þrjá flokka eftir merkingarlegum eiginleikum sagnanna. Í kafla 4.3.1 verður fjallað um sögnina *græja* sem tveggja andlaga sögn. Í kafla 4.3.2 verður fjallað um tveggja andlaga skilaboðasagnir, þ.e. sagnirnar *forwarda*, *(e)maila*, *smsa*, *messagea* og *faxa*, en kafla 4.3.3 fjallar um svokallaðar *gefa*-sagnir, þ.e. sagnirnar *regifta* og *donatea*.

#### 4.3.1 Sögnin *græja*

Eins og fyrr segir er sögnin *græja* flokkuð með tveggja andlaga sögnum að fordæmi Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020). Þar kemur fram að merkingarleg hliðstæða sagnarinnar *græja* gæti annaðhvort verið sögnin *redda* sem getur tekið með sér tvö andlög með þgf.-þgf. beygingarmynstri eða sögnin *útvega* sem tekur með sér þgf.-þf. beygingarmynstur. Eins og sjá má á mynd 2 var það sögnin *græja* sem

skilaði flestum niðurstöðum í Facebook-leitinni. Þó fundust engin dæmi um sögnina með tveimur andlögum.

Í viðtalshluta rannsóknarinnar voru þátttakendur spurðir út í fallstjórn sagnarinnar *græja*. Viðmælendurnir fjórir þekktu allir sögnina og gátu notað hana með beinu andlagi. Tveir þátttakendur höfnuðu alfarið sögninni með tveggja andlaga rökliðagerð í setningu eins og kemur fram hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni og Rannveigu Þórarinsdóttur (2020) (*ég skal græja þér útilegudót/i*). Tveir þátttakendur voru á báðum áttum hvort hægt væri að nota sögnina *græja* með óbeinu andlagi. Báðir hölluðust þó frekar að því að nota sögnina með beinu andlagi í þolfalli og óbeinu andlagi innan forsetningarliðar, sbr. *ég skal græja útilegudót fyrir þig*. Í *töflu 4* hér að neðan getur að líta niðurstöður sagnarinnar *græja* í Facebook-leitinni.

	Facebook-gagnasafn	Hlutfall
<b>Þolfall</b>	45	77,6%
<b>Þágufall</b>	0	0%
<b>Órætt fall</b>	7	12,1%
<b>Forsetningarliður</b>	1	1,7%
<b>Ekkert andlag</b>	5	8,6%
<b>Samtals</b>	58	100%

Tafla 4: Andlög sagnarinnar *græja* í Facebook-gagnasafninu.

Eins og sjá má í *töflu 4* hér að ofan tekur sögnin í langflestum tilfellum með sér beint andlag í þolfalli eða í 45 dæmum af 58.

Leit að sögninni *græja* í Risamálheildinni skilar 1.807 dæmum. Í langflestum tilfellum tekur sögnin með sér eitt beint andlag í þolfalli. Aðeins fundust þrjú dæmi þar sem sögnin *græja* tekur með sér tvö andlög, þ.e. óbeint andlag og beint andlag, sjá (60).

- 60) a. Við erum þar með málningu, pappa og spýtur svo allir geti **græjað sér skilti** fyrir druslugönguna að kostnaðarlausu.  
 b. En ég er oft á hótelum og þá er ekki auðvelt að **græja sér „boost“**.  
 c. [...] var fastur liður hjá okkur Guðrúnu Birnu að vera komin upp í Tjarnarból fyrir kl 16.45 alla virka daga og **græja okkur samloku** með pítsusósu, lauk og osti.

Í öllum dæmunum í Risamálheildinni þar sem sögnin *græja* tekur með sér óbeint andlag er óbeina andlagið afturbeygt fornafn eða fornafn sem vísar aftur til frumlagsins. Þetta svipar að mörgu leyti til *háu-lágu* rökliðagerðarinnar sem Wood (2015) hefur fjallað um og var greint frá í 2. kafla hér á undan. Þar er um að ræða setningagerð þar sem merkingarhlutverk óbeina andlagsins er njótandi en slík setningagerð virðist ekki vera möguleg í íslensku nema frumlag setningarinnar og óbeina andlagið séu samvísandi. Þetta sýna dæmi eins og *ég bakaði mér köku* en setningin er vafasöm eða ótæk í íslensku þar sem óbeina andlagið og frumlagið vísa ekki til sama einstaklings, sbr. *\*ég bakaði mömmu minni köku* (sjá Holmberg og Platzack 1995:202). Engu að síður eru tveir viðmælendur af fjórum í viðtalshluta rannsóknarinnar sem hafna ekki algjörlega setningu eins og í (61b). Allir viðmælendurnir samþykktu setningar eins og í (61a).

61) a. Ég skal græja búning fyrir þig / handa þér.

b. (\*)Ég skal græja þér búning.<sup>39</sup>

Tveir viðmælendur voru hikandi gagnvart setningunni í (61b) en höfnuðu henni engu að síður ekki algjörlega. Þó vísa frumlagið og óbeina andlagið ekki til sama einstaklings. Hér gæti verið að setning eins og í (61b) sé frekar samþykkt þar sem óbeina andlagið er persónufornafrá heldur en annars konar nafnliður. Eins og kom fram í 2. kafla eru ekki sömu hömlur á tveggja andlaga rökliðagerðinni í færeysku með sögnum eins og *baka* en þar þurfa frumlagið og óbeina andlagið ekki að vera samvísandi (Ussery og Petersen, í prentun).

#### 4.3.2 Skilaboðasagnir

Fimm skilaboðasagnir voru teknar fyrir í Facebook-leitinni, sjá (62). Hugtakið skilaboðasagnir (e. *verbs of instrument of communicated message*) vísar hér til tiltekins merkingarlegs undirflokks tveggja andlaga sagna eins og nánar hefur verið fjallað um í kafla 2.4.2 (sjá merkingarflokkun Jóhönnu Barðdal 2007).

---

<sup>39</sup> Hér er stjörnmerking höfð innan sviga þar sem sumum málhöfum þykir dæmið ótækt en ekki öllum.



## 62) Skilaboðasagnir í Facebook-leitinni (alls 5):

(e)maila, faxes, forwarda, messagea, smsa.

Leit að sögninni *faxa* skilaði engum dæmum í Facebook-gagnasafninu enda hefur sú samskiptaleið verið að mestu leyti úrelt á því tímabili sem rannsóknargögnin ná til, þ.e. 2010–2020. Þessi sögn er engu að síður áhugaverð m.t.t. rökliðagerða nýrra sagna (sjá Maling 2002, Jóhanna Barðdal 2008). Í fyrri rannsóknum hefur verið fjallað um þrjár skilaboðasagnir í íslensku, þ.e. (*e*)*maila*, *smsa* og *faxa* (Maling 2002, Jóhanna Barðdal 2007, 2008). Niðurstöður úr rannsókn Jóhanna Barðdal (2008) benda til þess að sögnin *faxa* geti bæði tekið með sér beint andlag í þolfalli og þágufalli þar sem óbeina andlagið kemur fyrir innan forsetningarliðar en að sögnin taki aðeins með sér þgf.-þf. en ekki þgf.-þgf. beygingarmynstur með tveggja andlaga setningagerð (Jóhanna Barðdal 2008:129). Maling (2002:44) bendir einnig á það að sögnin *faxa* geti bæði stýrt þolfalli og þágufalli þar sem óbeina andlagið kemur fyrir innan forsetningarliðar, sbr. (63a-b). Hún segir sögnina *faxa* ekki geta stýrt þágufalli á beinu andlagi með tveggja andlaga setningagerðinni, þ.e.a.s. þgf.-þgf. beygingarmynstri, sbr. (63d). Þar að auki er því haldið fram að sögnina *faxa* geti ekki allir málhafar samþykkt með þgf.-þf. beygingarmynstri, sbr. (63c). Þá er átt við að sumir málhafar samþykki ekki dæmi um sögnina *faxa* með tveggja andlaga setningagerðinni en þessi dómur er merktur með prósentumerki í dæminu hér að neðan.

63) a. Geturðu faxesað samninginn til mín?

b. Geturðu faxesað samningnum til mín?

c. %Geturðu faxesað mér samninginn?

d. \*Geturðu faxesað mér samningnum?

(Maling 2002:44).<sup>40</sup>

Þessar niðurstöður eru sérstaklega merkilegar með tilliti til þess að sú sögn sem kemst næst því að vera merkingarleg hliðstæða sagnarinnar *faxa* í íslensku hlýtur að vera sögnin *senda*. Eins og Jóhanna Barðdal (2008) hefur minnst á fylgir sögnin *faxa* aftur á móti ekki sama beygingarmynstri og sögnin *senda*. Sögnin *senda* kemur oftast fyrir með tveggja andlaga setningagerð í íslensku með þgf.-þf. beygingarmynstri. Hún getur þar að auki

---

<sup>40</sup> Þetta dæmi er endurtekið og kom líka fyrir í (33) hér á undan.

stýrt þolfalli á beinu andlagi þar sem óbeina andlagið kemur fyrir innan forsetningarliðar. Hún getur aftur á móti ekki stýrt þágufalli á beinu andlagi sínu eins og sögnin *faxa* gerir (Jóhanna Barðdal 2008: 135–136). Þó svo að sögnin *faxa* sé e.t.v. úrelt, samhliða því að sú tækni sem sögnin vísar til hefur úrelst, eiga dómar á mögulegum rökliðagerðum sagnarinnar enn þá erindi í umræðu um nýjar tveggja andlaga skilaboðasagnir.

Sú skilaboðasögn sem skilaði flestum niðurstöðum í Facebook-leitinni er sögnin *forwarda* en hún virðist fylgja svipuðu beygingarmynstri og Maling lýsir með sögninni *faxa*, sbr. (64). Sögnin *forwarda* kemur 29 sinnum fyrir í Facebook-gagnasafninu. Engin dæmi um tveggja andlaga setningagerð fundust, hvorki með þgf.-þf. né þgf.-þgf. beygingarmynstri (sbr. *forwarda e-m e-ð* eða *forwarda e-m e-u*). Sögnin kemur aftur á móti fyrir með beinu andlagi bæði í þolfalli og þágufalli. Einnig eru dæmi með óbeinu andlagi innan forsetningingarliðar. Þar koma tvær forsetningar til greina, *á* og *til*, en sú fyrrnefnda er mun algengari, sjá *töflu 5*.

Óbeint andlag		Beint andlag		Forsetningarliður	
þolfall	0	þolfall	3	<i>á</i> + þolfall	15
þágufall	0	þágufall	12	<i>til</i> + eignarfall	1
		órætt fall	1		
		án andlags	13		
<b>samtals</b>	<b>0</b>		<b>29</b>		<b>16</b>

Tafla 5: Rökliðir sagnarinnar *forwarda* í Facebook-gagnasafninu.

Eins og *tafla 5* sýnir kemur sögnin *forwarda* 12 sinnum fyrir með beinu andlagi í þágufalli en aðeins þrisvar með þolfalli á beinu andlagi. Leit að sögninni *forwarda/forwarda* í Risamálheildinni skilar aðeins tveimur niðurstöðum. Þar voru engin dæmi um tveggja andlaga setningagerð, hvorki með þgf.-þf. né þgf.-þgf. beygingarmynstri.

Í viðtalshluta rannsóknarinnar var spurt út í notkun á sögninni *forwarda*. Þátttakendurnir fjórir sögðust allir þekkja og nota sögnina *forwarda*. Allir viðmælendurnir höfnuðu þó sögninni með tveggja andlaga setningagerð, hvort sem um var að ræða þgf.-þf. eða þgf.-þf. beygingarmynstur, sbr. (64). Einn viðmælandi hafði þó orð á því að hann myndi skilja hvað átt væri við með setningum eins og (64a-b) þrátt fyrir að hafa ekki endilega heyrt eða notað sögnina á þennan hátt.

- 64) a. \*Nennir þú að forwarda mér skjalið?  
b. \*Nennir þú að forwarda mér skjalinu?

Tveir viðmælendur sögðust geta notað sögnina með beinu andlagi bæði í þolfalli og þágufalli en tveir þátttakendur sögðu sögnina stýra þágufalli á beinu andlagi samkvæmt sinni máltilfinningu. Þessar niðurstöður svipa mjög til þess sem áður hefur komið fram hjá Maling um sögnina *faxa* sem ýmist stýrir þolfalli eða þágufalli á beinu andlagi og er að sögn sumra málhafa ekki hægt að nota með tveggja andlaga setningagerð (Maling 2002:44–45).

Sögnin *forwarda* er þar að auki áhugaverð fyrir þær sakir að hún er ein af fáum tókusögnum sem hægt er að segja með nokkurri vissu að eigi sér beina merkingarlega hliðstæðu í málinu, þ.e. sögnina *áframsenda*. Sögnin *áframsenda* kemur aðeins fjórum sinnum fyrir í Facebook-gagnasafninu. Hún kemur í öllum tilfellum fyrir með beinu andlagi í þolfalli, þar af einu sinni með tveggja andlaga setningagerð, sbr. (65a), en í þremur tilfellum með óbeinu andlagi innan forsetningarliðar, nánar tiltekið með forsetningunni *á* ásamt nafnlið í þolfalli, sjá (65b).

- 65) a. Var að *áframsenda* þér email frá [kk. nafn þgf.]  
b. Er að fara að *áframsenda* á þig póst sem gladdi mig mjög mikið.

Í viðtalshluta rannsóknarinnar voru þátttakendur beðnir um að leggja mat á merkingu, notkunarsvið og mögulegar rökliðagerðir sagnanna *forwarda* og *áframsenda*. Eins og komið hefur fram samþykkti enginn af viðmælendunum tveggja andlaga setningagerð með sögninni *forwarda* heldur aðeins setningagerð með beinu andlagi og forsetningarlið. Allir viðmælendur sögðust sjálfir myndu helst nota sögnina *áframsenda* með beinu andlagi í þolfalli ásamt forsetningarlið, annaðhvort með forsetningunni *á* ásamt nafnlið í þolfalli eða *til* með nafnlið í eignarfalli. Þrír viðmælendur samþykktu sögnina *áframsenda* með tveggja andlaga setningagerð (sbr. *áframsenda mér skjalið*) sem eitthvað sem aðrir gætu sagt en ekki endilega þeir sjálfir. Einn viðmælandi hafnaði alfarið sögninni *áframsenda* með tveggja andlaga setningagerð.

Hér virðist vera um að ræða ólíka fallstjórn milli merkingarlegra hliðstæðna, þar sem sögnin *áframsenda* stýrir vanalega þolfalli á beinu andlagi en sögnin *forwarda* stýrir oftast þágufalli á beinu andlagi. Nýja sögnin *forwarda* virðist hér fá rökliðagerð úthlutað

út frá merkingarlegum eiginleikum sínum en þágufallið sem sögnin *forwarda* stýrir mætti skýra með skilgreiningu Svenonius (2002) sem fjallað var um í kafla 2.4.1 og er endurtekin í (66).

- 66) Í setningafræðilegu samhengi  $\alpha$ , sem stendur fyrir atburð  $x$ , þar sem  $x$  skiptist í undiraturði  $y$  og  $z$ , þá er þágufalli úthlutað í samhengi  $\alpha$  ef og aðeins ef  $y$  og  $z$  eru ekki í algjörrri skörun í tíma (Svenonius 2002:209).

Hér er ekki aðeins um að ræða hreyfingu hlutar frá einum stað til annars heldur atburð sem inniheldur tvo undiraturði, þ.e. póst sem er sendur frá einum aðila til annars í gegnum þriðja aðila. Fallstjórn sagnarinnar ræðst því af merkingarlegum þáttum nýju sagnarinnar sjálfur frekar en fallstjórn annarrar sagnar sem þegar er til í málinu, þ.e. sagnarinnar *senda*. Sögnin *forwarda* ætti þar að auki að geta tekið með sér tvö andlög miðað við merkingu sagnarinnar.

Sögnin *áframsenda* virðist hins vegar stýra þolfalli á beinu andlagi rétt eins og sögnin *senda*. Sögnin *áframsenda* er þar að auki frekar samþykkt með tveggja andlaga setningagerð heldur en sögnin *forwarda* þó svo að báðar sagnir virðist frekar vera notaðar með beinu andlagi og forsetningarlið. Þetta gæti stafað af tvennu, annars vegar því að sögnin *forwarda* tekur frekar með sér þágufallsandlag en algengasta fallamynstur tveggja andlaga sagna hefur þolfall á beinu andlagi. Málhafar sem vanalega nota sögnina *forwarda* með þágufalli á beinu andlagi standa þá frammi fyrir vali þegar þeir eru beðnir að leggja mat á notkun sagnarinnar með tveggja andlaga setningagerð, þ.e. hvort sögnin eigi að taka með sér þgf.-þf. beygingarmynstur en stýra þá öðru falli á beinu andlagi en viðkomandi er vanur eða hvort sögnin fylgi óalgengara beygingarmynstri, þ.e. þgf.-þgf. (sbr. *forwarda mér skjalinu*) sem ekki er víst að sé yfirhöfuð virkt í málinu að því leytinu til að það bæti við sig nýjum sögnum. Hins vegar gæti ólík fallstjórn sagnanna *forwarda* og *áframsenda* stafað af tengingu sagnarinnar *áframsenda* við sögnina *senda*. Rökliðagerð sagnarinnar *áframsenda* virðist spegla rökliðagerð sagnarinnar *senda* en þá er eins og málhafar túlki *senda* og *áframsenda* sem sömu sögnina sem kemur fyrir annaðhvort með eða án forliðarins *áfram*-. Einn viðmælandi í viðtalshlutanum orðaði það þannig að sögnina *áframsenda* hlyti að vera hægt að nota með tveggja andlaga setningagerð (sbr. *áframsenda mér skjalið*) þar sem það væri hægt að nota sögnina *senda* á þennan hátt.

Aðrar skilaboðasagnir sem Facebook-leitin nær til eru (*e*)*maila*, *smsa* og *messagea*. Síðastnefnd sögn er vanalega notuð í tengslum við samskiptamiðilinn Facebook Messenger. Sögnin *smsa* er notuð til að vísa til smáskilaboða og kemur stundum fyrir með sérhljóðsinnskoti; *smessa*. Sögnin *emaila* kemur fyrir með að minnsta kosti fimm ólíkum ritháttum og framburði, þ.e. með tvenns konar framburði, *emaila* eða *maila*, sem einnig kemur fyrir með tilbrigðum í rithætti: *emaila*, *emeila*, *ímeila*, *maila* eða *meila*. Tvær þessara samskiptasagna hafa komið fyrir í fyrri rannsóknum (sjá Jóhönnu Barðdal 2007, 2008, Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveigu Þórarinsdóttur 2020) en sögnin *messagea* virðist vera nýrri í málinu eða hafa náð minni útbreiðslu en hinar sagnirnar tvær.

Sögnin *messagea* kemur þrisvar fyrir í Facebook-gagnasafninu, einu sinni án andlags en tvisvar með einu beinu andlagi í þolfalli, í báðum tilfellum með persónufornafninu *mig* (sbr. *messageaðu mig*). Með öðrum orðum inniheldur ekkert þessara dæma tvö andlög. Ástæða þess er sennilega sú að viðtakandi skilaboðanna, sem vanalega væri óbeint andlag með tveggja andlaga sögn, er hér orðinn að beinu andlagi með sögninni *messagea*. Þá inniheldur sögnin sjálf í raun upplýsingar um bæði verknaðinn og þema sagnarinnar, þ.e.a.s. ‚senda skilaboð‘. Því fáum við ekki tveggja andlaga setningagerð með þema sem beint andlag og viðtakanda sem óbeint andlag heldur aðeins eitt beint andlag sem er viðtakandi skilaboðanna (sbr. *smsaðu mig*, ‚sendu mér smáskilaboð‘). Tveggja andlaga setningagerðin getur því aðeins komið fyrir með þessum sögnum ef innihald skilaboðanna er tiltekið, en þetta á við um sagnirnar þrjár (*e*)*maila*, *smsa* og *messagea*.

Leit að sögninni *messagea* í Risamálheildinni skilar engum niðurstöðum og skilar aðeins þremur niðurstöðum í Facebook-gagnasafninu. Þar af eru engin dæmi með tveggja andlaga setningagerð heldur aðeins dæmi með beinu andlagi sem hefur merkingarhlutverk viðtakanda, sjá (67).

67) en gaur af hverju varstu samt að *messagea mig* með að lesa fyrir íslensku hehe?

Sögnin (*e*)*maila* kemur fyrir þrisvar í Facebook-gagnasafninu, þar af tvisvar með beinu andlagi í þolfalli og einu sinni án andlags.

68) a. Getið reynt að *emaila kennarann*?

b. Eg get bara *emailad myndina*, nae ekki að senda, hvað er adressan þin?

Í fyrra dæminu er beina andlag sagnarinnar viðtakandi, sbr. (68a), en í því síðara er beina andlagið þema, þ.e. það sem undirgengst verknaðinn. Í síðara samhenginu væru tvö andlög því möguleg merkingarlega. Í þessu tilfelli er óbeina andlaginu aftur á móti sleppt, en hér er hægt að gefa sér hver viðtakandinn er út frá samhengi, þ.e. sá sem er vísað til í annarri persónu.

Sögnin *smsa* (eða *smessa*) kemur fyrir 15 sinnum í Facebook-gagnasafninu. Hún kemur aldrei fyrir með tveggja andlaga setningagerð. Það er að einhverju hægt að skýra með því að innihald smáskilaboðanna er sjaldan tiltekið sem beint andlag sagnarinnar. Þess vegna er beint andlag sagnarinnar vanalega viðtakandinn en innihald skilaboðanna er tjáð á annan hátt, eins og sjá má í (69).

69) a. [...] þannig ég *smsa þig* bara þegar við erum mætt.

b. Nennirðu að *smsa mig* þegar þú ert búin í sundi.

Dæmi um skilaboðasagnirnar *messagea*, *emaila* og *smsa* benda til þess að þær geti tekið með sér tvenns konar rökliðagerð, annars vegar með einu andlagi í þolfalli sem hefur merkingarhlutverkið viðtakandi en hins vegar tveggja andlaga setningagerð, þar sem beina andlagið er í þolfalli og hefur merkingarhlutverkið þema en óbeina andlagið er viðtakandi og kemur fyrir annaðhvort í þágufalli á undan beina andlaginu eða innan forsetningarliðar. Engin ný skilaboðasögn virðist hafa náð sérstaklega mikilli útbreiðslu í íslensku á undanförunum áratugum, en það á einkum við um sagnir eins og *smsa*, *emaila* og *messagea* en þetta eru með öðrum orðum þær sagnir sem eru beinar merkingarlegar hliðstæður sagnarinnar *senda*. Þetta sýnir leit í Risamálheildinni að sögninni *senda* ásamt andlögum (*tölvu*)*póstur* og (*e*)*mail*. Þessi leit skilaði alls 522 dæmum sem eru mun fleiri dæmi en með sögninni (*e*)*maila*.

Óbeint andlag		Beint andlag		Forsetningarliður	
þágufall	420	( <i>e</i> ) <i>mail</i>	94	<i>á</i> + þolfall	89
þolfall	0	<i>póst</i>	406	<i>til</i> + eignarfall	7

		<i>tölvupóst</i>	22		
<b>samtals</b>	<b>420</b>		<b>522</b>		<b>96</b>

Tafla 6: Rökliðir sagnarinnar senda ásamt nafnliðunum (e)mail og (tölvu)póstur.

Hér vekur tvennt sérstaka athygli. Annars vegar benda niðurstöðurnar til þess að sögnin *senda* með beina andlaginu (*tölvu*)póst eða (*e*)mail sé mun meira notuð en sögnin (*e*)maila sem aðeins skilar þremur niðurstöðum. Hins vegar sýnir tafla 6 að sögnin *senda* taki mun frekar með sér óbeint andlag í þágufalli heldur en forsetningarlið í samhenginu *senda tölvupóst* eða *email*. Niðurstöður BA-ritgerðar Iðunnar Kristínardóttur (2021) um tveggja andlaga sagnir í Risamálheildinni benda til þess að sögninni *senda* fylgi óbeint andlag í 46% tilfella (alls 11.481 dæmi) en forsetningarliður með forsetningunni *til* í 54% tilfella (alls 13.289 dæmi) (Iðunn Kristínardóttir 2021:26, sjá líka Iðunni Kristínardóttur og Jóhannes Gísli Jónsson 2022). Niðurstöður úr Facebook-leitinni benda aftur á móti til þess að sögnin taki með sér forsetninguna *á* frekar en *til* í sértæku samhengi, þ.e. þegar um er að ræða óeiginlega hreyfingu á þemanu eða því sem er sent (sbr. ég sendi (tölvu)póst á hann). Eins og komið hefur fram fylgir sögninni *forwarda* oftast forsetningarliður en óbeint andlag í Facebook-gagnasafninu. Þar koma fyrir 15 dæmi með forsetningunni *á* en aðeins eitt með forsetningunni *til*. Þar er um að ræða sams konar hreyfingu og með sögninni *senda* í stafrænu samhengi, þ.e.a.s. óeiginleg hreyfing á þemanu þar sem það ferðast enga eiginlega vegalengd, ólíkt því sem á við um hlutbundið þema, t.a.m. bréf á pappírformi sem sent er með pósthjónustu.

#### 4.3.3 Gefa-sagnir

Síðasti undirflokkur tveggja andlaga sagna sem hér er til athugunar er *gefa*-sagnir. Aðeins var leitað að dæmum um tvær nýjar *gefa*-sagnir, þ.e. sagnirnar *donatea* og *regifta*. Hvorug sögn skilaði neinum dæmum í Facebook-leitinni. Leit í Risamálheildinni skilar 40 dæmum um sögnina *donatea* (annar ritháttur *dóneita*) en engum niðurstöðum með sögninni *regifta*. Af 40 dæmum um sögnina *donatea* eru engin dæmi með óbeinu andlagi en beina andlagið kemur ýmist fyrir í þolfalli eða þágufalli. Þá eru örfá dæmi þar sem viðtakandi eða mark verknaðarins kemur fyrir innan forsetningarliðar sem oftast inniheldur forsetninguna *í* ásamt nafnlið í þolfalli eða forsetninguna *til* sem stýrir eignarfalli, sjá (70).

- 70) a. [...] að fara fram á að fá að *dóneita* aukapening **til flugvirkjans**.  
b. [...] og kallar fram kenndir til að *dóneita* hárið á mér **í hákollugerð**.

Fjórir þátttakendur í viðtalshluta rannsóknarinnar voru beðnir um að meta sögnina *donatea* og útskýra hvernig þeir sjálfir myndu nota hana. Einn viðmælandi sagðist ekki myndu nota sögnina sjálfur en sagðist heldur nota sögnina *gefa* ásamt forsetningunni *til*, sbr. *gefa peninginn til góðgerðarmála*. Sami einstaklingur hafnaði sögninni *gefa* með óbeinu andlagi í þessari merkingu, sbr. *\*gefa góðgerðarmálum peninginn*.

Tveir viðmælendur sögðust nota sögnina *donatea* í merkingunni *gefa blóð*. Þá sagðist annar viðmælandinn nota forsetninguna *í* í þessu samhengi, sbr. *dóneita blóði í Blóðbankann* en hinn viðmælandinn sagðist frekar nota forsetninguna *til*, sbr. *dóneita blóði til Blóðbankans*. Síðarnefnd setningagerð er í beinu samræmi við þverstæðu Baker (1979) sem rætt var um í kafla 2.2 þar sem sögnin *donatea* tekur með sér *til*-formgerð en ekki óbeint andlag í þágufalli þegar viðtakandinn er ekki lifandi vera og getur því ekki verið virkur viðtakandi á þemanu, sjá (71).

- 71) a. Hann *donateaði* blóði til Blóðbankans.  
b. *\*Hann donateaði* Blóðbankanum blóði.

Í þessu tilfelli er um að ræða nýja sögn í málinu en þrátt fyrir það virðast málhafar hafa tilfinningu fyrir merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar sem og ólíkum rökliðagerðum sem fara eftir merkingarlegum eiginleikum óbeina andlagsins. Þegar sögnin tekur með sér tvo rökliði virðist hún spegla rökliðagerðir sagnarinnar *gefa*, eins og sjá má í dæmi (71) hér að ofan. Þó svo að þátttakendur í viðtalshlutanum hafi allir látið sögnina *donatea* stýra þolfalli á beinu andlagi með *til*-formgerðinni eru þó nokkur dæmi í Risamálheildinni þar sem sögnin *donatea* stýrir þágufalli á beinu andlagi. Þetta á sér aftur á móti aðeins stað þar sem sögnin tekur ekki með sér óbeint andlag eða *til*-forsetningarlið.

- 72) a. Ég skal *dóneita einu pari* af svörtum óléttubuxum.  
b. Við heyrðum að peningar væru af skornum skammti og við mættum *dóneita einhverju* því þau væru alltaf að afla fjár.

Hingað til hafa verið tekin dæmi um sjö nýjar sagnir sem merkingarlega ættu að geta tekið með sér tvö andlög. Þó virðast margar þessara sagna oftara vera notaðar með



aðeins einu andlagi og forsetningarlið sem samsvarar óbeinu andlagi. Þar að auki samþykkja sumir málhafar yfirhöfuð ekki tveggja andlaga setningagerð með þeim nýju sögnum sem hér hefur verið fjallað um. Í þeim tilfellum sem sagnirnar koma fyrir með tveggja andlaga setningagerð fylgja þær þgf.-þf. beygingarmynstri eins og langflestar tveggja andlaga sagnir í íslensku gera. Í þeim tilfellum væri hægt að segja að rökliðagerðir nýrra sagna byggi á merkingarlegum hliðstæðum sem þegar eru til í málinu. Þegar sömu sagnir koma fyrir með einu andlagi er beint andlag sagnarinnar oft í þágufalli, ólíkt merkingarlegri hliðstæðu sagnarinnar. Þetta höfum við séð með sögnunum *faxa*, *forwarda* og nú síðast *donatea*. Þegar beint andlag sagnarinnar er í þágufalli virðist aftur á móti ekki hægt að láta óbeint andlag fylgja sögninni. Þetta stafar að öllum líkindum af því að þgf.-þgf. beygingarmynstur með tveimur andlögum er ekki virkt að því leytinu til að það bætir ekki við sig nýjum sögnum.

#### 4.4 Sagnir með breytilega merkingu og fallstjórn

Í þessum kafla verður fjallað um þrjár nýjar sagnir sem hafa margs konar merkingu og stýra ólíku falli eftir því í hvaða merkingu þær er notaðar. Í fyrsta lagi hefur sögnin *cancela* tvenns konar merkingu. Annars vegar merkir hún *aflýsa* og stýrir þágufalli á beinu andlagi, sjá (73).

73) a. Það er búið að *cancela fluginu*.

b. \*Það er búið að *cancela flugið*.

Þetta staðfesta allir fjórir viðmælendur í einstaklingsviðtölunum. Sögnin var ekki tekin fyrir í Facebook-leitinni heldur bættist hún við sagnalista rannsóknarinnar eftir að Facebook-leitinni var lokið. Sögnin *cancela* (annar ritháttur *cancella*) skilar 1.165 niðurstöðum í Risamálheildinni. Þar stýrir sögnin langoftast þágufalli á beinu andlagi þegar hún er notuð í merkingunni *aflýsa* þó svo að örfá dæmi séu um þolfallsandlög. Önnur og nýrri merking sagnarinnar er að sniðganga tiltekinn einstakling en hún er yfirleitt notuð í þessari merkingu í tengslum við *Metoo*-byltinguna og slaufunarmenningu (e. *cancel culture*). Þegar sögnin er notuð í þessari merkingu virðist fallstjórn hennar aftur

á móti vera á reiki. Nokkur umræða hefur skapast um þennan breytileika á netinu en eitt dæmi þess má sjá í (74).

74) Við sem samfélag þurfum virkilega að koma okkur saman um hvort sögnin að *cancela* stýri þolfalli eða þágufalli. Ég nota bara sitt á hvað og það er rosalega óþægilegt fyrir reglumanneskju eins og mig. //<sup>41</sup> Þágufall, [nafn, nf.], Jesús. // Já ég nota það held ég yfirleitt en það er samt eitthvað tvírætt við þetta finnst mér, máltilfinningin mín leyfir tvær mismunandi túlkanir á því hvernig sögnin virkar.<sup>42</sup>

Viðmælendur í viðtalshlutanum sögðu allir að sögnin *cancela* stýrði þágufalli á andlagi í fyrrnefndri merkingu, þ.e. merkingin ‚aflýsa‘. Í síðarnefndri merkingu, þar sem andlag sagnarinnar er mennskt, voru svör viðmælenda aftur á móti meira á reiki. Einn viðmælandi sagði að sögnin stýrði tvímælalaust þágufalli í fyrri merkingunni en þolfalli í þeirri síðari. Hér er um að ræða breytilega fallmörkun andlaga eins og fjallað hefur verið um í kafla 2.2. Slík dæmi er að finna í íslensku sem og öðrum málum, til að mynda með sögninni *þvo* sem tekur með sér andlag í þolfalli ef andlagið hefur ekki lifun (e. *inanimate*) en þágufall ef andlagið hefur lifun (e. *animate*), sbr. *þvo bollann* og *þvo barninu*. Hér er þó athyglisvert að sögnin *þvo* tekur með sér þágufallsandlag þegar andlagið hefur lifun og þolfallsandlag þegar andlagið hefur ekki lifun en þessu er öfugt farið með sögninni *cancela*. Því gæti verið að tengsl lifunar og falls sé ólíkt eftir sögnum.

Þó svo að einn málhafi geti notað sögnina *cancela* bæði með þolfalls- og þágufallsandlagi þarf það ekki að vera að um sé að ræða tvær sagnir í orðasafni einstaklingsins. Þetta sýna dæmi um innri breytileika eins og komu fram í kafla 2.2 þar sem ein sögn getur greinilega stýrt fleiri en einu falli, sjá (75).

75) **Mig sjálfum** langar að vita það. (Jóhannes Gísli Jónsson 2013b:13).

Hér getur aftur á móti verið að sögnin *cancela* sé frekar geymd sem tvær sagnir í orðasafni einstaklings þar sem hún kemur ekki inn í málið á einum tímapukti með tvenns konar merkingu. Sögnin *cancela* kemur inn í málið með fyrri merkingunni ‚aflýsa‘ en sögnina er að öllum líkindum ekki farið að nota í síðari merkingunni fyrr en á síðari hluta áratugarins. Þá er óvíst hvernig sögnin er geymd í orðasafni þegar ný merking bætist við

<sup>41</sup> Hér er tvöfalt skástrik notað til að skilja að mælendur.

<sup>42</sup> <https://twitter.com/haframjolk/status/1440092505832185856?s=20>

í málinu, hvort *cancela* sé þá geymd sem ein sögn í orðasafni einstaklings eða tvær, burtséð frá því hvort viðkomandi notar sama andlagsfall í báðum merkingum eða ekki.

Aðrar nýjar sagnir hafa enn fjölbreyttari merkingu og mögulegar rökliðagerðir. Sögnin *crasha* er ein þeirra sagna sem er flokkuð ólíkt milli rannsókna, þ.e.a.s. ýmist sem þolfalls- eða þágufallssögn. Þátttakendurnir fjórir í viðtalshlutanum gátu allir nefnt nokkrar ólíkar merkingar sagnarinnar *crasha* í íslensku. Þar kom fram merkingin ‚mæta óboðinn‘ sem allir viðmælendur sögðu að tæki með sér þolfallsandlag og er jafnframt algengasta notkunin í Facebook-gagnasafninu, ‚bugast af þreytu‘ sem áhrifslaus sögn, ‚bila‘ í tæknilegum skilningi, t.d. þegar vefsíða liggur niðri og er einnig áhrifslaus sögn, og ‚fá að gista hjá einhverjum‘ sem tekur með sér forsetninguna *hjá* ásamt þágufalli. Í (76) getur að líta mögulega notkun á sögninni *crasha* í máli eins viðmælanda.

76) **R:**<sup>43</sup> Hvað með sögnina *crasha*?

**V:** Já, ég myndi nota það þegar vefsíður bila eða þegar maður rotast úr þreytu. Vefsíðan crashaði.

**R:** En hvernig hljómar það í hinni merkingunni?

**V:** Að *crasha* á sófanum.

**R:** Hvað með að mæta óboðinn einhvert?

**V:** Hann crashaði partíð þeirra.

**R:** En að *crasha* partíinu?

**V:** Mér finnst það ekki hljóma rétt.

**R:** En í merkingunni að klessa á?

**V:** Ég myndi ekki nota það þannig. Ég veit ekki hvernig ég myndi segja það. Ég myndi alltaf bara segja að klessa á.

**R:** Hann crashaði bílnum/bílinn?

**V:** Hann crashaði bílnum örugglega.

Allir viðmælendur höfnuðu því að þeir notuðu sögnina *crasha* í merkingunni ‚klessa á, eyðileggja‘ en það er einmitt sú merking sem sögninni er úthlutað hjá Jóhönnu Barðdal, en þar er sögninni lýst sem eyðileggingarsögn (e. *verbs of destruction*) sem tekur með sér þágufallsandlag. Þar virðast vera að verki hömluáhrif (sbr. Aronoff 1976, Kroch 1994) sem þjóna þeim tilgangi að útiloka tvímyndir í málinu. Aðrar nýjar sagnir sem sömu málhafar nota í íslensku eru þá ekki útilokaðar vegna þess að ný sögn og hliðstæða

---

<sup>43</sup> Hér stendur *R* fyrir ‚rannsóknarmaður‘ og *V* fyrir ‚viðmælandi‘.

hennar hafa að minnsta kosti blæbrigðamun í merkingu eða notkunarsvið sem skarast ekki að öllu leyti. Þetta sýnir sig í svörum þátttakenda í viðtalshlutanum, en flestir þeirra útskýra það þannig að sögnin *crasha* í merkingunni ‚klessa á‘ eða ‚eyðileggja‘ sé „ekki íslenska“ þar sem að sögnin hefur nákvæmlega sömu merkingu og hliðstæða hennar *klessa á*.

Sömu svör koma fram með sögninni *dropa* sem viðmælendurnir fjórir þekktu allir og sögðust nota í daglegu tali í ýmiss konar merkingu en þó aldrei í merkingunni ‚missa‘. Einn viðmælandi brást við sögnunum *dropa* og *crasha* í sinni upprunalegu merkingu með því að segja að það væru ekki tökuorð heldur bara enska. Annar viðmælandi orðaði það þannig að þar lægi munurinn á því sem hann kallar „slettu“ og „lingó“ en þar vísar „lingó“ sennilega til tökuorða en sletta til þess sem tekið er beint upp úr ensku en bætir engu við merkingu orðs sem þegar er til í málinu, sjá (77).

- 77) **R:** Hvað með sögnina *dropa*?
- V:** Að detta inn á stað. Að mæta inn á stað. Ég droppaði við á Prikinu.
- R:** Það verður að vera með *við* eða hvað?
- V:** Já eða ég droppaði á Prikið.
- R:** En í annarri merkingu?
- V:** Já, að losa sig við. Mammút var að dropa Öldu Music.
- R:** Fyrirtækið eða fyrirtækinu?
- V:** Fyrirtækinu.
- R:** En í merkingunni að gefa út?
- V:** Já að dropa plötunni.
- R:** Nýtt lag eða nýju lagi?
- V:** Nýju lagi.
- R:** En í merkingunni að missa eitthvað?
- V:** Nei, ég myndi ekki gera það. Það er eiginlega ekki „lingó“. Það er meira bara hundrað prósent sletta. Engin merking á bakvið það. Ég droppaði mjólkinni. Það er „weird“. Það er sletta en ekki „lingó“. Þetta er það sem gamla fólk er ekki búíð að fatta.

Dæmi (77) staðfestir það sem kemur nokkrum sinnum fram í svörum þátttakenda í einstaklingsviðtölunum, þ.e. að málhafar geti gert greinarmun á tókusögnum sem aðlaga sig að íslensku og verða þannig hluti af málinu, erlendum sögnum sem notaðar eru í málavíxlum (e. *code switching*) og sögnum sem falla milli þessara tveggja flokka. Þá er átt við að sagnir eins og *dropa* geti aðlagð sig að íslenskri beygingu og rökliðagerð en

er í huga málhafans ekki íslensk sögn þar sem hún þjónar nákvæmlega sama hlutverki og merkingarleg hliðstæða hennar. Hér mætti áætla að hömluáhrif valdi því að sögnin er ekki tæk fyrir öllum málhöfum í sinni upprunalegu merkingu þar sem hún er nákvæm merkingarleg og formgerðarleg hliðstæða annarrar sagnar.

#### 4.5 Samantekt á niðurstöðum og umræðu

Í þessum kafla hefur verið fjallað um niðurstöður úr öllum þremur hlutum rannsóknarinnar, Facebook-leitinni, dæmaleit í Risamálheildinni og á netinu og viðtalshluta rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar skiptast í fjóra undirkafla. Fyrst var fjallað um sagnir sem taka með sér eitt andlag í þolfall eða þágufalli. Langflestar sagnir þessarar rannsóknar falla undir þann flokk. Þar eru alls 38 þolfallssagnir og 16 þágufallssagnir. Þar að auki eru sjö sagnir sem taka ýmist með sér þolfalls- eða þágufallsandlag. Þessi breytileiki stafar annars vegar af því að málhafar túlka merkingarlega eiginleika sagnar á ólíkan hátt. Þetta á til dæmis við um sögnina *namedroppa* sem sumir málhafar gætu túlkað sem einfalda munnlega gjörð með þolfallsandlagi en aðrir sem einhvers konar óeiginlega hreyfingu sem tengist þá sögninni *droppa*. Hins vegar getur þessi ytri breytileiki stafað af því að ein sögn getur haft fleiri en eina merkingu. Þetta á við um sögnina *cancela* sem getur þýtt ‚aflýsa‘ og er vanalega notuð með þágufalli en hefur á undanförunum árum fengið nýju merkinguna ‚útiloka‘ eða ‚sniðganga‘ í tengslum við umræðu um slaufunarmenningu. Sögnin tekur ýmist með sér andlag í þolfalli eða þágufalli í nýrri merkingunni. Sögnum með breytilega merkingu var nánar lýst í kafla 4.4.

Þegar fallstjórn þessara sagna er borin saman við greiningu Jóhönnu Barðdal (2008) á nýjum sögnum kemur í ljós að mikið samræmi er milli fallmörkunar nýrra sagna sem koma fyrir í báðum rannsóknum. Þó eru sjö sagnir sem hafa ólíka fallstjórn í Facebook-gagnasafninu samanborðið við gögn Jóhönnu Barðdal. Þar á meðal er sögnin *pastea* sem er flokkuð sem bæði þolfalls- og þágufallssögn hjá Jóhönnu Barðdal en kemur oftast fyrir með þolfalli í Facebook-gagnasafninu. Sögnin kemur þar að auki fyrir í rannsókn Jóhannesar Gísla Jónssonar og Rannveigar Þórarinsdóttur (2020) en þau gögn sýna að hún fær ýmist þolfalls- eða þágufallsandlag. Breytilega fallstjórn sagnarinnar má skýra með því að málhafar geti túlkað merkingu sagnarinnar á tvo ólíka vegu, annars

vegar á svipaðan hátt og þegar um er að ræða ósamhverfa hreyfingu. Slíkar sagnir eru til dæmis *hella*-sagnir, vessasagnir og boltasagnir þar sem frumlagið fylgir þemanu ekki eftir nema að hluta til í átt að marki. Hins vegar geta málhafar túlkað setninguna sem annars konar óeiginlega hreyfingu. Þetta á sérstaklega við í samhenginu *copy-pastea* sem kemur nokkrum sinnum fyrir í Facebook-gagnasafninu. Í slíku samhengi hreyfist þemað ekki beint í átt að marki eins og fyrrnefndar þágufallssagnir og tekur þá frekar með sér þolfallsandlag.

Í köflum 4.2 og 4.3 var fjallað um tveggja andlaga sagnir og sagnir sem taka með sér forsetningarlið. Helstu niðurstöður þessa hluta eru þær að mjög fáar nýjar sagnir virðast geta tekið með sér tvö andlög. Þær sagnir sem geta merkingarlega tekið með sér þrjá rökliði voru sjaldgæfar í gagnasafninu. Þau dæmi sem fundust um þessar sagnir innihéldu yfirleitt aðeins eitt beint andlag eða þá beint andlag ásamt forsetningarlið sem samsvarar beinu andlagi. Þetta kom sérstaklega fram í sambandi við nýjar skilaboðasagnir, svo sem *messagea*, *emaila* og *smsa*, en merking þeirra býður í mörgum tilfellum ekki upp á notkun á tveimur andlögum þar sem sögnin inniheldur í rauninni þemað sjálft. Þess vegna fylgir sögnunum oft aðeins eitt andlag sem hefur merkingarhlutverk viðtakanda. Niðurstöður viðtalanna benda til þess að sumir málhafar samþykki yfirhöfuð ekki tiltekna skilaboðasagnir með tveimur andlögum. Þetta kom fram með sögninni *forwarda* sem sumir málhafar samþykktu ekki með tveggja andlaga setningagerð, hvorki með þgf.-þgf. né þgf.-þf. beygingarmynstri. Þetta eru sams konar niðurstöður og komið hafa fram með nýju sögninni *faxa* (Maling 2002). Þar auki benda niðurstöður úr Facebook-leitinni og leit í Risamálheildinni til þess að nýjar sagnir taki oftast ekki með sér tvö andlög, þó merking þeirra bjóði upp á slíka setningagerð, heldur frekar beinta andlag ásamt forsetningarlið sem samsvarar óbeinu andlagi.

## 5. Greining

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um rökliðagerðir og merkingarlega eiginleika nýrra sagna í íslensku. Rannsóknarspurningarnar eru þrjár.

1. Byggir formgerð nýrrar sagnar á formgerð beinnar merkingarlegrar hliðstæðu í málinu eða á almennari merkingarlegum eiginleikum sagnarinnar?
2. Koma hömluáhrif í veg fyrir að tungumál geti haft tvær sagnir með sömu merkingu, formgerð og hlutverk?
3. Er hægt að gera ráð fyrir því að ein sögn hafi fleiri en eina mögulega fallmörkun á andlagi eða er nauðsynlegt að gera ráð fyrir slíkum dæmum sem fleiri en einni sögn í málkerfinu?

Nýjar sagnir eru vanalega aðlagðar að íslensku með tilliti til fallmörkunar og setningafræði þannig að þær fái sams konar beygingarendingar og aðrar sagnir í málinu sem og íslenska fallmörkun og rökliðagerð. Hér er meginatriðið hvernig nýjar sagnir fá rökliðagerð úthlutað. Í fyrri rannsóknum hefur verið fjallað um rökliðagerðir nýrra sagna þannig að þær byggi á merkingarlegri hliðstæðu sinni í málinu (Jóhanna Barðdal 2008). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna hins vegar að kenningin um merkingarlegar hliðstæður á í mörgum tilfellum ekki við, annars vegar þar sem tvær merkingarlega skyldar sagnir hafa ekki sams konar rökliðagerð, en hins vegar þar sem hömluáhrif verða til þess að útiloka tvímyndir og koma því í veg fyrir að ný sögn komi inn í málið ef hún á sér nákvæma merkingarlega hliðstæðu sem þegar er til í íslensku. Þó gætu verið undantekningar á þessu en það sýna dæmi um merkingarlegu hliðstæðurnar *forwarda* og *áframsenda*. Þessar sagnir hafa aftur á móti ekki samskonar rökliðagerð og væri því hægt að færa rök fyrir því að merking þeirra eða hlutverk í tungumálinu sé ekki nákvæmlega það sama.

Margar nýjar sagnir hafa sams konar rökliðagerð og merkingarlega skyldar sagnir í málinu. Þannig er oft tiltölulega auðvelt að búa til sagnapör með nýrri og gamalli sögn með sams konar fallmörkun og svipaða merkingu. Dæmi um slíkt eru sagnirnar *logga/skrá*, *savea/vista*, *tagga/merkja við* og *seena/sjá* eða *hundsá* sem taka með sér beint andlag í þolfalli og sagnirnar *deletea/eyða*, *sharea/deila* og *uploada/hlaða upp* sem taka

með sér beint andlag í þágufalli. Þetta hefur Jóhanna Barðdal (2008) bent á en hún gerir ráð fyrir að sagnir fái rökliðagerð sem speglar rökliðagerð merkingarlegrar hliðstæðu sinnar.

Í öðrum tilfellum er ekki eins auðvelt að finna til merkingarlegar hliðstæður nýrra sagna sem hafa sams konar fallmörkun eða formgerð. Þetta hefur komið fram í umfjöllun um sögnina *googlea* í kafla 4.1.2. Niðurstöður úr Facebook-leitinni, leit í Risamálheildinni og úr einstaklingsviðtölunum benda til þess að sögnin taki langoftast með sér þolfallsandlag þrátt fyrir að þær sagnir sem eru merkingarlega skyldastar sögninni *googlea*, þ.e. sagnirnar *leita að* og *fletta upp*, hafi annars konar fallmörkun, en þær taka með sér beint andlag í þágufalli. Tilfelli sem þessi skýrir Jóhanna Barðdal (2008) með því að merkingarlegur undirflokkur (e. *verb-subclass-specific construction*) með háa tegundartíðni geti dregið til sín sögn, jafnvel þótt merkingarleg hliðstæða hennar hafi aðra formgerð. Þetta á þá bara við um merkingarlega undirflokka sem hafa möguleika á tveimur eða fleiri mismunandi formgerðum.

Þó svo að stundum geti verið auðvelt að finna sagnapör með svipaða merkingu og sömu formgerð er ekki oft um að ræða tvær sagnir með nákvæmlega sömu merkingu. Sagnirnar *forwarda* og *áframsenda* komast þó nokkuð nálægt því en það er alls ekki mikill ef nokkur munur á merkingu eða notkunarviði þessara tveggja sagna. Þrátt fyrir þessi miklu merkingarlegu tengsl sýna niðurstöður úr Facebook-leitinni og úr viðtölunum að formgerð þessara sagna getur verið ólík, jafnvel hjá einum og sama málhafanum. Sögnin *áframsenda* tekur vanalega með sér beint andlag í þolfalli ásamt óbeinu andlagi í þágufalli eða innan forsetningarliðar. Þá er í raun hægt að segja að sögnin spegli rökliðagerð sagnarinnar *senda*. Sögnin *forwarda* tekur aftur á móti með sér beint andlag í þágufalli í mörgum tilfellum. Niðurstöður úr viðtölunum sýna líka að ekki allir málhafar telja tækt að nota sögnina *forwarda* með tveggja andlaga setningagerð. Í raun svipar dómum á sögninni *forwarda* mjög til þess sem Maling (2002) hefur áður sagt um mögulegar rökliðagerðir sagnarinnar *faxa*.

Svokölluð hömluáhrif (e. *Blocking effect*, Aronoff 1976, Kroch 1994) ættu að útiloka tvímyndir í málinu og koma þannig í veg fyrir að sögn sé tekin upp í íslensku ef hún á sér þegar nákvæma hliðstæðu í málinu, með tilliti til merkingar og formgerðar og þess samhengis sem sögnin er notuð. Í þessari ritgerð hafa komið fram þó nokkur dæmi þar sem enskar tókusagnir eru teknar upp í íslensku með yfirfærðri merkingu en ekki sinni



almennu merkingu. Þetta sést í niðurstöðum Facebook-leitarinnar með sögninni *kicka*. Hún kemur aldrei fyrir í sinni almennu merkingu ‚sparka‘ heldur aðeins í samhenginu *kicka inn* sem þýðir eitthvað í líkingu við ‚byrja að virka‘. Hér er líklegt að mörgum málhöfum þætti sögnin *kicka* í almennu merkingunni ‚sparka‘ vera ótæk í íslensku vegna hömluáhrifa þar sem sögnin á sér beina merkingarlega hliðstæðu í íslensku. Þau tilfelli þar sem ný og gömul sögn hafa mjög svipaða merkingu er oft um að ræða blæbrigðalegan merkingarmun, ólíkt notkunarsvið sagnanna eða tvær ólíkar rökliðagerðir.

Niðurstöður úr viðtalshluta rannsóknarinnar sýna að viðmælendurnir fjórir nota allir sögnina *dropa* í fleiri en einni yfirfærðri merkingu, þ.m.t. ‚mæta‘, ‚gefa út‘ og ‚losa sig við e-ð‘. Hins vegar höfnuðu allir viðmælendur sögninni í sinni almennu merkingu í ensku, þ.e. ‚missa‘ eða ‚sleppa‘. Þó svo að merking sagnarinnar *dropa* virðist vera afar fjölbreytt miðað við niðurstöður úr viðtölunum tekur hún í öllum tilfellum með sér sams konar formgerð, þ.e. beint andlag í þágufalli. Hér virðast allar þessar ólíku merkingar sagnarinnar hafa einhvern sameiginlegan merkingarþátt sem úthlutar sögninni þágufallsandlagi. Þessum merkingarlega þætti mætti lýsa sem eiginlegri eða óeiginlegri hreyfingu. Atburðurinn sem sögnin lýsir inniheldur þá tvo undirburði sem ekki eru í fullkominni skörun í tíma.

Sögninni *crasha* svipar til sagnarinnar *dropa* að því leyti að hún kemur fyrir sem tókusögn í íslensku með ýmiss konar merkingu. Samkvæmt viðmælendum í viðtalshluta rannsóknarinnar er ekki tækt að nota sögnina sem tókusögn í sinni almennu merkingu í upprunamálinu, þ.e. ‚klessa á‘ eða ‚eyðileggja‘. Þátttakendur í viðtölunum nefndu merkingu eins og ‚mæta óboðinn‘, ‚bila‘, ‚bugast úr þreytu‘ og ‚gista hjá einhverjum‘. Sögnin *crasha* er ólík sögninni *dropa* að því leyti að hún tekur með sér ólíkar formgerðir með ólíkri merkingu. Samkvæmt niðurstöðum úr Facebook-leitinni tekur sögnin oftast með sér beint andlag í þolfalli en þar var algengasta merkingin ‚mæta óboðinn‘. Sögnin getur samkvæmt Jóhönnu Barðdal (2008) tekið með sér beint andlag í þágufalli en hún segir merkingu sagnarinnar vera ‚eyðileggja‘. Sögnin *crasha* í merkingunni ‚bila‘ virðist vera áhrifslaus en sögnin *crasha* tekur aftur á móti með sér forsetningarlið með forsetningunni *hjá* ásamt nafnlið í þágufalli í merkingunni ‚gista hjá einhverjum‘.

Hér er vert að staldra við og spyrja hvort ætla megi að um sé að ræða eina sögn í orðasafninu, þ.e. *crasha*, sem hefur eins fjölbreytta merkingu og formgerðir og hér hefur komið fram. Ef um er að ræða eina sögn þarf að gera ráð fyrir því að sú sögn hafi margar

mögulegar merkingar og margar mögulegar formgerðir. Ef formgerð nýrrar sagnar ætti að byggja á merkingarlega og formgerðarlega hliðstæðri sögn þyrfti að gera ráð fyrir mörgum mismunandi hliðstæðum fyrir sagnir eins og *dropa* og *crasha* en ekki aðeins einni eins og Jóhanna Barðdal (2008) gerir ráð fyrir, en hún segir að hliðstæða sagnarinnar *dropa* sé *sleppa* í íslensku. Sögnin *crasha* (stafsett *krassa*) er þar flokkuð sem eyðileggingarsögn með þágufalli en eins og hefur komið í ljós hér getur sögnin tilheyrt mun fleiri merkingarflokkum og tekið með sér margar ólíkar rökliðagerðir.

Flestar nýjar sagnir í málinu fá rökliðagerð með einu andlagi í annaðhvort þolfalli eða þágufalli eins og fjallað var um í kafla 4.1. Ekki virðast vera neinar nýjar sagnir sem taka með sér andlag í eignarfalli eða frumlag í aukafalli. Þetta gæti stafað af því að ákveðin fallamynstur eru ekki virk í málinu að því leytinu til að þau bæta ekki við sig nýjum sögnum (Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2011). Þrátt fyrir að sérstök áhersla hafi verið lögð á leit að nýjum tveggja andlaga sögnum í þessari rannsókn var afar lítið um það að sagnir sem eru merkingarlega þrírúmar tækju með sér tveggja andlaga setningagerð. Nýjar þrírúmar sagnir virðast heldur taka með sér beint andlag ásamt óbeinu andlagi innan forsetningarliðar. Hér mætti því ætla að flest beygingarmynstur tveggja andlaga sagna séu ekki virk í málinu. Í viðtalshluta rannsóknarinnar voru nokkrir þátttakendur sem samþykktu enga nýja sögn með tveggja andlaga setningagerð. Slíkar niðurstöður gætu bent til þess að tveggja andlaga setningagerðin sé ekki virk yfirhöfuð í máli einhverra. Þessir málhafar samþykktu frekar nýjar tveggja andlaga sagnir með beinu andlagi og óbeinu andlagi innan forsetningarliðar.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru dregnar saman er eðlilegast að áætla að nýjar sagnir fái rökliðagerð úthlutað út frá merkingarlegum eiginleikum sínum. Kenningin um að rökliðagerðir nýrra sagna byggi á hliðstæðum nær ekki yfir allar nýjar sagnir en hún skýrir meðal annars ekki hvers vegna sumir beygingarflokkar, þ.á m. sagnir með eignarfallsandlagi, með aukafallsfrumlagi, sem og flest beygingarmynstur tveggja andlaga sagna, bæta ekki við sig nýjum sögnum. Hömluáhrif valda þar að auki vandræðum fyrir kenninguna um hliðstæður. Niðurstöður úr viðtalshluta rannsóknarinnar benda til þess að erlend tökusögn geti verið tæk í máli einstaklings aðeins í yfirfærðri merkingu en ótæk í sinni upprunalegu merkingu vegna of mikils merkingarlegs skyldleika við aðra sögn. Hér er því snýrtillegri lausn að áætla að sagnir fái rökliðagerð úthlutað út

frá merkingu og það verði til þess að sumar nýjar sagnir geti myndað sagnapar með eldri sögn sem hefur skylda merkingu og sams konar rökliðagerð.

## 6. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um rökliðagerðir nýrra sagna í íslensku. Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er það hvernig nýjar sagnir fá rökliðagerð úthlutað. Niðurstöðurnar benda til þess að rökliðagerðir nýrra sagna byggji á merkingarlegum eiginleikum sagnanna frekar en að ný sögn taki upp rökliðagerð merkingarlegrar hliðstæðu sinnar í málinu. Þar að auki þjóna hömluáhrif þeim tilgangi að útiloka tvímyndir í málinu (Aronoff 1976, Kroch 1994). Þetta verður til þess að nýjar sagnir eru ekki teknar upp í íslensku nema þær hafi á einhvern hátt nýja merkingu, fomgerð eða hlutverk sem ekki er þegar til í málinu. Þess vegna eiga nýjar sagnir sér vanalega ekki nákvæma merkingarlega hliðstæðu sem þær geta byggt rökliðagerð sína á. Hins vegar fá nýjar sagnir oft sams konar rökliðagerð og aðrar merkingarlega skyldar sagnir í málinu. Þetta útskýrir það að oft er tiltölulega auðvelt að mynda sagnapör með nýrri og gamalli sögn sem eru merkingarlega skyldar og hafa auk þess sams konar fallmörkun. Dæmi um þetta eru sagnapör eins og *deleta/eyða*, *sjera/deila*, *convertera/breyta*, *offa/aflýsa*, *dropa/sleppa* sem taka með sér þágufallsandlag og *testa/prófa*, *builda/byggja*, *peista/líma* sem taka með sér andlag í þolfalli (Jóhanna Barðdal 2008:86–87). Hins vegar er oft erfitt að finna merkingarlega hliðstæða sögn nýrrar sagnar sem þar að auki hefur sams konar fallmörkun. Þar má nefna sagnirnar *forwarda*, *googlea* og *baila* sem eiga sér ekki beina merkingarlega hliðstæður í málinu og hafa aðra rökliðagerð heldur en þær sagnir sem eru merkingarlega skyldastar.

Greint hefur verið frá niðurstöðum rannsóknarinnar sem byggja á þrenns konar gögnum, í fyrsta lagi einkaskilaboðum ungs fólks á samskiptamiðlinum Facebook Messenger á árunum 2010–2020, í öðru lagi dæmum úr Risamálheildinni (Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018) og af netinu og í þriðja lagi gögnum úr fjórum ítarlegum viðtölum við einstaklinga á aldrinum 17–32 ára. Aðferðafræði Facebook-leitarinnar byggir að hluta til á fyrri rannsókn Tagliamonte (2016a) þar sem rannsóknarefnið er samskipti ungs fólks í gegnum stafræna miðla. Málsnið ungmenna einkennist meðal annars af nýjungagirni sem og fjölda erlendra aðkomuorða (Helga Hilmisdóttir 2018) og henta slík gögn því vel í rannsóknir á erlendum tökusögnum. Í framtíðinni mætti nýta þá rannsóknaraðferð sem hér hefur verið þróuð með tilliti til stafrænna miðla og framkvæma á stærri skala fyrir rannsóknir á nýjungum í íslensku.

## Heimildaskrá

- Androutsopoulos, Jannis. 2011. Language change and digital media: A review of conceptions and evidence. Í: Tore Kristiansen og Nikolas Coupland (ritstj.), *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, 145–159. Osló: Novus Press.
- Androutsopoulos, Jannis. 2015. *Networked multilingualism: Some language practices on Facebook and their implications*. *International Journal of Bilingualism* 19(2), 185–205. doi: 10.1177/1367006913489198
- Anna Berglind Svansdóttir. 2018. *Hverjum vantar kaffibaun? Rannsókn á breytileika í frumlagsfalli með sögnunum langa og vanta*. BA-ritgerð, Háskóli Íslands. <https://skemman.is/handle/1946/29440>
- Aronoff, M. 1976. Word formation in generative grammar. *Linguistic Inquiry Monographs Cambridge, Mass* 1, 1–134.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. Þágufallssýki. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 4, 19–62.
- Baker, C. Lee. 1979. Syntactic theory and the projection problem. *Linguistic Inquiry*, 10(4), 533–581.
- Baker, Mark C. 1988. *Incorporation: A Theory of Grammatical Function Changing*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Baker, Mark C. 1997. Thematic roles and syntactic structure. Í: Liliane Haegeman (ritstj.). *Elements of Grammar*, 73–137. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Bárány, András og Laura Kalin. 2020. *Case, Agreement, and their Interactions: New Perspectives on Differential Argument Marking*. Walter de Gruyter GmbH & Co KG. <https://doi.org/10.1515/9783110666137>
- Baron, Naomi. 2000. *Alphabet to Email*. London: Routledge.
- Baron, Naomi. 2008. *Always on. Language in a Mobile World*. Oxford: Oxford University Press.
- Baron, Naomi og Rich Ling 2003. IM and SMS: A linguistic comparison. *Fourth International Conference of the Association of Internet Researchers*, Toronto, 16.–19. október 2003.
- Beavers, John. 2011. On affectedness. *Natural Language & Linguistic Theory* 29, 335–370.
- Bjarki M. Karlsson. 2007. *Tvinnhljóð í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóli Íslands.

- Bolli Magnússon. 2019. *Ég gaf ambáttina konunginum. Umröðun tveggja andlaga í íslensku*. BA-ritgerð, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/32832>
- Boyd, Jeremy K. og Adele E. Goldberg. 2011. Learning what not to say: The role of statistical preemption and categorization in a-adjective production. *Language* (2011), 55–83.
- Brandt, Patrick. 2003. *Cipient Predication: Unifying Double Object, Dative Experiencer and Existential/Presentational Constructions*. Doktorsritgerð, Utrecht University.
- Bresnan, Joan, Anna Cueni, Tatiana Nikitina og R. Harald Baayen. 2007. Predicting the dative alternation. *KNAW Academy Colloquium: Cognitive foundations of interpretation*, 69–94.
- Comrie, Bernard. 1989. *Language universals and linguistic typology: Syntax and morphology* (2. útgáfa). Oxford: Basil Blackwell.
- Dagbjört Guðmundsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2019–2020. Stafrænt málsambýli íslensku og ensku: Athugun á málumhverfi og málnotkun 13–98 ára Íslendinga. *Íslenskt mál* 41–42, 167–210.
- Davies, Mark. 2011-. *Most frequent 100,000 word forms in English (based on data from the COCA corpus)*. <https://www.wordfrequency.info/>.
- Eckert, Penelope. 1988. Adolescent social structure and the spread of linguistic change. *Language in Society* 17, 183–207.
- Egill Magnússon. 2019. *Athugun á tvinnhljóðum í máli 36 íslenskra barna: Áhrif enskuílags, aldurs og kyns*. BA-ritgerð, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/32829>
- Einar Freyr Sigurðsson. 2017. *Deriving case, agreement and voice phenomena in syntax*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania.
- Einar Freyr Sigurðsson og Heimir van der Feest Viðarsson. 2020. Frá skiptisögnum til ósamhverfra aukafallssagna. *Orð og tunga* 22, 39–68. <https://doi.org/10.33112/ordogtunga.22.4>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Review of *Isländische Grammatik* by Bruno Kress. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 5, 185–196.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Reykjavík: Eiríkur Rögnvaldsson. <https://notendur.hi.is/eirikur/hoi.pdf>.
- Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2021. Áhrif stafræns málsambýlis á íslensku. Inngangur gestaritstjóra. *Ritið* 3/2021, 1–9. doi: 10.33112/ritid.21.3.1

- Fiebig, Julika. 2012. “At geva fiskimonnum skattalætta. At geva skattalætta til fiskimenn. En undersøkelse av ditransitive konstruktioner i færøysk skriftspråk.” MA-ritgerð, Osló: ILN.
- Finnur Friðriksson og Ásgrímur Angantýsson. 2021. „Þá leyfir maður sér liggur við að hlaupa tungumálanna á milli“. Íslensk-ensk málavíxl framhaldsskólanema á samfélagsmiðlum. *Ritið* 3/2021, 145–176. doi: 10.33112/ritid.21.3.6
- Gropen, Jess, Steven Pinker, Michelle Hollander, Richard Goldberg, og Ronald Wilson. 1989. The learnability and acquisition of the dative alternation in English. *Language*, 203–257. doi: 10.2307/415332
- Guðrún Kvaran. 2005. Hvort á að segja „gúglaði hann“ eða „gúglaði honum“ þegar maður leitar í Google? Og er til einhver íslensk sögn um það að gúgla? *Vísindavefurinn*. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5365>
- Guðrún Kvaran. 2009. Hvaðan er orðið teika komið? *Vísindavefurinn*. <http://visindavefur.is/svar.php?id=9368>
- Halle, Morris and Alec Marantz. 1993. Distributed Morphology and the Pieces of Inflection. Í: Kenneth Hale og Samuel Jay Keyser (ritstj.), *The View from Building 20: Essays in Linguistics in Honor of Sylvain Bromberger*, 111–176. Cambridge, MA: MIT Press.
- Haspelmath, M. 2015. Ditransitive constructions. *Annual Review of Linguistics* 1(1), 19–41.
- Heimir Freyr van der Feest Viðarsson. 2017. Grimm’s „floating“ datives. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 99, 30–53. [https://projekt.ht.lu.se/fileadmin/user\\_upload/sol/ovrigt/projekt\\_grimm/working\\_papers/WPSS\\_99.pdf](https://projekt.ht.lu.se/fileadmin/user_upload/sol/ovrigt/projekt_grimm/working_papers/WPSS_99.pdf)
- Helga Hilmsdóttir. 2018. Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi. *Skírnir* 192(vor), 58–74.
- Helga Hilmsdóttir 2021. Leikjatölvur og orðaforði unglíngja. Rannsókn á framandorðum í samtölum tveggja grunnskóladrengja. *Ritið* 3/2021, 117–144. doi: 10.33112/ritid.21.3.5
- Helga Margrét Höskuldsdóttir. 2019. Málfræðilegur kynslóðamunur á því að „beila“. *RÚV núll*. <https://www.ruv.is/frett/malfraedilegur-kynslodamunur-a-thvi-ad-beila>
- Hildur Hafsteinsdóttir. 2019. *Íslenskur hreimur í málsambýli. Áhrif ílags, aldurs og viðhorfa á enskuframburð Íslendinga*. MA-ritgerð, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/32208>
- Hildur Hafsteinsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2021. Íslenskur hreimur í málsambýli. Áhrif ílags, aldurs og viðhorfa á enskuframburð Íslendinga. *Ritið* 3/2021, 57–91. doi: 10.33112/ritid.21.3.3

- Hlíf Árnadóttir. 2021. *Mér datt þessa sögu í hug: Um þgf.-þf.-mynstur og fleiri tilbrigði í fallmörkun aukafallssagna*. MA-ritgerð, Háskóli Íslands. <https://skemman.is/handle/1946/39891>
- Holmberg, Anders. 1991. On the Scandinavian Double Object Construction. *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*, 141–152. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Holmberg, Anders, and Christer Platzack. 1995. *The role of inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford: Oxford University Press.
- Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eypórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 33–76. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Iðunn Kristínardóttir. 2021. ... *að banna tóbak til reyklausra. Um forsetningarlið í stað óbeins andlags í íslensku*. BA-ritgerð, Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/38312>
- Iðunn Kristínardóttir og Jóhannes Gísli Jónsson. 2022. Prepositional vs. indirect objects in Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 107, 32-46.
- Iris Edda Nowenstein. 2017. Determining the nature of intra-speaker subject case variation. Í: Höskuldur Þráinsson, Caroline Heycock, Hjalmar P. Petersen og Zakaris Hansen (ritstj.), *Syntactic Variation in Insular Scandinavian*, 91-112.
- Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2021. Stafrænt málsambýli íslensku og ensku. Áhrif ensks ílags og málnotkunar á málfærni íslenskra barna. *Ritið* 3/2021, 11–56. doi: 10.33112/ritid.21.3.2
- Iris Edda Nowenstein. (Væntanleg). *Building yourself a variable case system. The acquisition of Icelandic datives*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands.
- Íslensk nútímamálsorðabók*. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://islenskordabok.is/> (mars 2020)
- Jafet Máni Magnússon. 2019. Könnun: Að beila á mig eða beila á mér. *RÚV núll*. <https://www.ruv.is/frett/konnun-ad-beila-a-mig-eda-beila-a-mer>
- Jóhanna Barðdal. 2001. *Case in Icelandic: A Synchronic, Diachronic, and Comparative Approach*. Doktorsritgerð, Lund University.
- Jóhanna Barðdal. 2007. The semantic and lexical range of the ditransitive construction in the history of (North) Germanic. *Functions of Language* 14(1), 9–30.
- Jóhanna Barðdal. 2008. *Productivity. Evidence from Case and Argument Structure in Icelandic*. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.



- Jóhanna Barðdal. 2011. Lexical vs. structural case: A false dichotomy. *Morphology* 21(3), 619–654.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997-1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20, 11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2000. Case and Double Objects in Icelandic. *Leeds Working Papers in Linguistics* 8, 71–94.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson (ritstj.), *Setningar. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga III*, 350–433. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. Covert nominative and dative subjects in Faroese. *Nordlyd* 36(2), 142–164. <https://septentrio.uit.no/index.php/nordlyd/article/view/230>
- Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eythórsson. 2011. Structured exceptions and case selection in Insular Scandinavian. Í: Horst Simon og Heike Wiese (ritstj.), *Expecting the unexpected: Exceptions in the grammar*, 213–242. Berlín: Mouton de Gruyter.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013a. Dative versus accusative and the nature of inherent case. Í: Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.), *Variation in datives: A microcomparative perspective*, 144–160. Oxford: Oxford University Press.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013b. Two Types of Case Variation. *Nordic Journal of Linguistics* 36(1), 5–25.
- Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Þórarinsdóttir. 2020. Dative objects with novel verbs in Icelandic. Í: Anna Pineda og Jaume Mateu (ritstj.), *Dative constructions in Romance and beyond*, 297–315. Berlín: Language Science Press. doi:10.5281/zenodo.3776555
- Kiparsky, Paul. 1973. 'Elsewhere' in phonology. Í: Stephen Anderson og Paul Kiparsky. *Festschrift for Morris Halle*, 93–106. New York: Holt.
- Kiparsky, Paul. 1987. *Morphology and grammatical relations*. Óbirt handrit, Stanford University.
- Kornfilt, Jaklin. 2009. DOM and Two Types of DSM in Turkish. Í: Helen de Hoop og Peter de Swart. (ritstj.), *Differential Subject Marking. Studies in Natural Language and Linguistic Theory* 72, 79–111. Dordrecht: Springer. [https://doi.org/10.1007/978-1-4020-6497-5\\_5](https://doi.org/10.1007/978-1-4020-6497-5_5)
- Kroch, Anthony. 1994. Morphosyntactic variation. *Papers from the 30th regional meeting of the Chicago Linguistics Society: Parasession on variation and linguistic theory 2*, 180–201. Chicago: Chicago Linguistic Society.

- Maling, Joan. 2001. Dative: The heterogeneity of the mapping among morphological case, grammatical functions, and thematic roles. *Lingua* 111(4–7), 419–464.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24, 31–105.
- Margrét Jónsdóttir. 2003. Mark eða gerandi: Um merkingarlegt tvíeðli nokkurra sagna. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 25, 79–97.
- Nygaard, Marius: 1966. *Norrøn Syntax*. Osló: Emil Moestue Aschehoug.
- O'Grady, William. 2005. *How Children Learn Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Pinker, Steven. 1989. *Learnability and Cognition, new edition: The Acquisition of Argument Structure*. Cambridge: MIT press.
- Pinker, Steven. 1999. *Words and Rules: The Ingredients of Language*. New York: Basic Books.
- Poplack, Shana. 2017. *Borrowing: Loanwords in the Speech Community and in the Grammar*. Oxford: Oxford University Press.
- Ragnheiður Jónsdóttir og Helga Hilmisdóttir. 2021. „brooo, wtf!?!?“. Um áhrif stafrænnar tækni á ritun slangurs meðal unglunga. *Ritið* 3/2021, 93–115. doi: 10.33112/ritid.21.3.4
- Rappaport Hovav, Malka og Beth Levin. 2008. The English dative alternation: The case for verb sensitivity. *Journal of Linguistics* 44, 129–167.
- Rodríguez-Mondoñedo, M. 2007. *The syntax of objects: Agree and differential object marking*. Doktorsritgerð, University of Connecticut.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 1986. *Beyging í máli íslenskra barna. Drög að beygingaprófi eftir Höskuld Þráinsson og Sigríði Magnúsdóttur lögð fyrir 31 barn á aldrinum þriggja til átta ára*. Handrit, Háskóla Íslands.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt málsambýli íslensku og ensku. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun. Sérrit 2018 – Menntakvika 2018*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.29>
- Steinþór Steingrímsson, Sigrún Helgadóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Starkaður Barkarson og Jón Guðnason. 2018. Risamálheild: A Very Large Icelandic Text Corpus. *Proceedings of LREC 2018*, 4361–4366. Miyazaki, Japan. <https://malheildir.arnastofnun.is/?mode=rmh2019>
- Svenonius, Peter. 2002. Icelandic case and the structure of events. *The Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5, 197–225. doi:10.1023/A:1021252206904

- Tagliamonte, Sali. 2016a. So sick or so cool? The language of youth on the internet. *Language in Society* 45, 1–32. Cambridge: Cambridge University Press. doi:10.1017/S0047404515000780
- Tagliamonte, Sali. 2016b. *Teen Talk. The Language of Adolescents*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ussery, Cherlon og Hjalmar P. Petersen. (í prentun). The distribution of IO/DO and PP in Faroese. Í: Timothy Colleman, Melanie Röthlisberger og Eva Zehentner (ritstj.), *Ditransitive Constructions in the Germanic Languages: Diachronic and Synchronic Aspects*. Amsterdam: John Benjamins.
- Ussery, Cherlon, Gísli Rúnar Harðarson og Annika Simonsen. 2022. The Distribution and Interpretation of Ditransitives in Icelandic and Faroese: An Argument for a Verb Sensitive Approach. Óbirt handrit.
- Vanessa Isenmann. 2014. Insight into computer-mediated communication as a new variety of written Icelandic. *Orð og tunga* 16, 69–91.
- Vanessa Isenmann. 2022. Icelandic digital practices on Facebook: Language use in informal online communication. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/3666>
- Wood, Jim. 2015. *Icelandic morphosyntax and argument structure*. Doktorsritgerð. Dordrecht: Springer.
- Woolford, Ellen. 2006. Lexical Case, Inherent Case, and Argument Structure. *Linguistic Inquiry* 37(1), 111–130.
- Yang, Charles. 2002. *Knowledge and Learning in Natural Language*. Oxford: Oxford University Press.
- Yang, Charles. 2016. *The price of linguistic productivity: How children learn to break the rules of language*. Cambridge: MIT press.
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in tiers. *Language* 63, 217–250.
- Þórhallur Eypórsson. 2008. Stöðugleiki og breytingar í fallakerfi norrænu eyjamálanna. Í: Turið Sigurðardóttir og Magnús Snædal (ritstj.), *Frændafundur* 6, 75–93. Þórshöfn: Faroe University Press.

## Viðauki

Svör úr viðtalshluta rannsóknarinnar skrifuð upp.

### I. Sagnir með einu andlagi

#### Likea

(a) Ég *lækaði* (**myndina / myndinni**) ?

(V1): Varðandi samfélagsmiðla, að læka eitthvað á Facebook t.d. Ég læka þetta / Ég lækaði myndina

(V2): Það þýðir að líka við eitthvað. Ég lækaði nýju forsíðumyndina hjá Mammút í gær. *Að læka myndina frekar en að læka myndinni?* Já.

(V3): Það er að setja læk á einhverja mynd eða eitthvað. Ég lækaði myndina. *En ef ég myndi segja ég lækaði myndinni?* Nei. Það er skrítið

(V4): Það vísar til samfélagsmiðla, að hafa merkt við putta eða hjarta. Áslaug Arna lækaði færslu Loga. *Hún lækaði færslunni?* Það er skrítið.

#### Posta

(a) Hún *póstaði nýrri mynd / nýja mynd* á instagram í gær?

(V1): Þegar þú setur eitthvað sjálf inn á samfélagsmiðla. Ég póstaði mynd af mér í gær, ég póstaði myndina. Ég myndi ekki kippa mér upp við það ef einhver myndi segja ég póstaði myndinni. Já, ég póstaði færslunni, frekar þágufall, ég póstaði statusnum (skiptir um skoðun)

(V2): Mammút póstaði nýrri prófælmynd í gær. *En Mammút póstaði nýja prófælmynd í gær?* Mér finnst bæði virka sko. *Mammút póstaði myndina eða myndinni?* Myndinni frekar, en bæði gæti alveg gengið.

(V3): Það er að birta efni á samfélagsmiðlum. Ég póstaði mynd. *En ef það er ákveðin mynd?* Ég póstaði myndinni. *Ég póstaði myndina?* Það hljómar ekki rétt.

(V4): ég póstaði þessari myndi í gær. *Ég póstaði þessa mynd?* Nei, þessari.

#### Adda

(a) Ég *addaði henni / hana* á Facebook.

(V1): að adda einhverjum á samfélagsmiðlum. Ég addaði þér, ekki ég addaði þig.

(V2): ég addaði mammút sem vin í gær. Ég addaði Jóni sem vin. *En ég addaði Jón/hann?* Frekar honum sko.

(V3): ég addaði henni á facebook. *Ég addaði henni/hana?* Frekar hana.

(V4): að adda einhverjum. *Að adda einhvern?* Frekar einhverjum.

#### Loada

(a) Ég *downloadaði myndina / myndinni?*

(b) Þátturinn er að **loada / loadast** / ég loadaði **þáttinn / þættinum?**

(V1): Ef eitthvað er að hlaðast. Myndbandið er að loadast. *Hvað með downloada eða uploada?* Ég er að downloada myndinni. Myndin er að downloadast. Ég er að uploada myndinni.

(V2): Að downloada myndinni. Ég loadaði leiknum sem ég ætlaði að spila. *Þátturinn er að...? Loada. Hvað með loadast?* Nei. Alls ekki. Það er svo mikið ultimatam. *Ég loadaði þættinum?* Já. ég tek þetta til baka, ég myndi nota loadast.

(V3): ég downloadaði þessu á netinu.

(V4): já, downloada einhverju, að downloada mynd, að uploada mynd, ég uploadaði myndinni. *En að loada?* Þetta er að loadast. *Hvað þýðir það?* Að hlaðast, maður er að bíða eftir að vefsíðan loadist, vefsíðan er að loada. *Er hægt að nota það jöfnum höndum, að loada eða loadast?* Að loada? Ég veit ekki hvort ég myndi nota það, ég myndi nota downloada og uploada en síðan myndi ég nota að loadast.

## Googlea

(a) Ég googlaði það / því

(V1): að leita að einhverju á google. Ég ætla að googla þetta snöggvast. *Er hægt að segja ég ætla að googla þessu?* Nei. ég ætla að googla þetta hugtak. Sama hvað ég er að googla, hugtak, spurningu... alltaf þetta en ekki þessu.

(V2) ég þurfti að gúgla hljómsveitina mammút til að muna hverjir eru í henni. *En með því að segja það?* Ég gúglaði það. *En ég gúglaði því?* Nei. ekki fræðilegur. Það er allt vont við þetta, ég fæ hroll við að heyra þetta. Ég held að þetta sé útaf okkar kynslóð er svo mikið búin að nota þessa setningu þannig bara að heyra þetta, ég fæ vægt áfall, þetta er frekar inngróið í mann.

(V3): ég gúglaði þetta. *En ég googlaði þessu?* Það hljómar óþægilega.

(V4): ég gúglaði þetta, ég gúglaði þig. *Nenniru að googla þessu fyrir mig?* Nei, nenniru að gúgla þetta fyrir mig.

## II. Sagnir með margþætta merkingu

### Droppa

(a) Kanye var að droppa nýrri plötu / nýja plötu?

(b) Ég droppaði glasið / glasinu á gólfíð

(V1): nú skulum við bara droppa þessu, hætta að tala um þetta, hætta að hugsa um þetta. *Hvað með í sambandið við tónlist?* Já. ég er að droppa nýju lagi. *En ég er að droppa nýtt lag?* Nei það er skrítið. Fyrir mér er það droppa nýju lagi. *Kanye var að droppa?* Nýrri plötu. *En að missa?* Nei. mér finnst augljóst að segja bara missa. Mér fyndist það skrítið. Ég hef ekki heyrt þetta í þessari merkingu og er þess vegna ekki með tilfinningu fyrir fallinu ennþá.

(V2): að detta inn á stað. Að mæta inn á stað. Ég droppaði við á Prikinu. *Það verður að vera með við eða hvað?* Já eða ég droppaði á Prikíð. *En í annarri merkingu?* Já, að losa sig við. Mammút var að droppa Öldu Music. *Fyrirtækið eða fyrirtækinu?* Fyrirtækinu. *En í merkingunni að gefa út?* Já að droppa plötunni. *Nýtt lag eða nýju lagi?* Nýju lagi. *En í merkingunni að missa eitthvað?* Nei ég myndi ekki gera það. Það er eiginlega ekki lingó. Það er meira 100% sletta. Engin merking á bakvið það. Ég droppaði mjólkinni. Það er weird. Það er sletta en ekki lingó. Þetta er það sem gamla fólkíð er ekki búíð að fatta.

(V3): ég myndi aldrei segja droppa eins og að missa einhvern hlut. Frekar eins og þú sért að hætta við eitthvað verkefni. Hún droppaði verkefninu. *Hvað með ef einhver er að gefa út eins og nýtt lag?* Já að droppa lagi. *Hann var að droppa nýju lagi/nýtt lag?* Hann var að droppa nýju lagi. *En að missa?* Nei ég myndi alltaf bara segja hann missti.

(V4): já. Það getur þýtt að hætta, að droppa einhverju, að hætta því. Svo getur einhver droppað nýrri plötu, þá er að það að gefa út. *En að droppa í merkingunni að missa eitthvað?* Mér finnst það eiginlega ekki, mér finnst við þá eiginlega bara vera að tala ensku sko, en þetta er náttúrulega allt enska. En ég held ég myndi ekki nota það um hlut, ég held þetta sé eitthvað svona huglægara.

## Crasha

(a) Hann *crashaði* **partýið / partýinu**

(b) Hann *crashaði* **bílinn / bílnum**

(V1): já t.d. að crasha partí, ég crashaði partíið / veisluna. Eða vefsíða. Facebook crashaði. Vefsíða er biluð. *Og er eitthvað andlag með því? Facebook crashaði síðunni?* Nei, sennilega ekki. *Hvað með í merkingunni að klessa á?* Já já ég myndi alveg vita hvað fólk ætti við. En þá er aftur óskýrt hvort það er bílinn eða bílnum. Kannski frekar bílnum. Eða ég veit það ekki.

(V2): að fá að gista hjá einhverjum. Ég crashaði hjá Svenna. Og að koma óboðinn í partí. Svenni crashaði partíið. *Hvað með að klessa á?* Ég held við séum þá komin í sama pakka og áðan, sletta en ekki lingo. Ef ég myndi heyra manneskju segja ég crashaði bílnum, ég myndi crasha hana sko. Þvílíkur árekstur á orðum sko.

(V3): já ég myndi nota það þegar vefsíður bila eða þegar maður rotast úr þreytu. Vefsíðan crashaði. *En hvernig hljómar það í hinni merkingunni?* Að crasha á sófanum. *Hvað með að mæta óboðinn einhvert?* Hann crashaði partíið þeirra. *En að crasha partíinu.* Mér finnst það ekki hljóma rétt. *En í merkingunni að klessa á?* Ég myndi ekki nota það þannig. Ég veit ekki hvernig ég myndi segja það. Ég myndi alltaf bara segja að klessa á. *Hann crashaði bílnum/bílinn?* Hann crashaði bílnum örugglega.

(V4): það getur þýtt að crasha partí, að mæta óboðinn í partí, að vefsíða crashi, hún dettur niður, það liggur niðri. Og svo náttúrulega bara að krotta, að krassa. Hann crashaði partíið. *Síðan crashaði forritinu? Er hægt að nota það með andlagi?* Já maður getur sagt eitthvað crashaði þessu. *En í merkingunni að klessa á?* Kannski, ég myndi ekki gera það sjálf, ég man ekki eftir að hafa heyrt það. *Hvernig heldur þú að það myndi hljóma?* Ég veit það ekki því mig langar bara að segja á, að klessa á. *Hann crashaði bílnum?* Já, kannski. Þá er það meira svona ég rústaði (bílnum).

## Cancela

(a) Það er búið að *cancela* **hann / honum**

(b) Það er búið að *cancela* **fluginu / flugið**

Við þurftum að *cancela* **bókuninni / bókunina** á síðustu stundu

(V1): það þýðir að, kannski, sniðganga verk einhvers listamanns eða manneskju yfirhöfuð sem hefur gert eitthvað af sér. *Okei en í merkingunni með manneskju, getur þú gefið dæmi?* Ég cancelaði Gylfa. Æ, kannski eitthvað sem fallbeygist betur. Ég cancelaði hestinum, eða hestinn. *Hann eða honum?* Ég gæti vel sagt bæði, ég held frekar hann. Það er búið að cancela honum, þá er eins og honum sé ekki boðið lengur (í þetta brúðkaup). Hann ætlaði að vera á tónleika viðburði en það er búið að afbóka hann. Þá er búið að cancela honum. En cancela hann er meira í merkingunni cancela vegna afbrota. *En í sambandi við flug?* Það er búið að cancela fluginu. *En það er búið að cancela flugið?* Nei. fluginu myndi ég segja. *En tónleika?* Já, það er búið að cancela tónleikunum? *En ef það er maður?* Já, frekar hann.

(V2): það er verið að cancela hægri öfgamönnum alveg villt og galið. Það er líka verið að aflýsa einhverju. Það er eiginlega lingo en samt bara sletta. Að cancela fluginu. *En að cancela flugið?* Já það virkar alveg. *En í merkingunni að cancela þegar það á við um fólk.* Það er búið að cancela hann/honum? Ég myndi hallast frekar að honum, en mér finnst bæði alveg ganga. *Bíddu var ekki búið að cancela honum/hann fyrir löngu.* Frekar þágufall. Ég tek honum frekar. *Og líka fyrir flugið?* Já.

(V3): já bara að aflýsa einhverju. Hún cancelaði fundinum. *En ef það er manneskja sem á að cancela? Það er búið að cancela hann/honum? Það er búið að cancela hann. Það er búið að cancela hann, manninn, en honum, fundinum?* Já. Mér finnst það.

(V4): já, það er hægt að cancela einhverjum, JK Rowling var cancelað, hún er jafnvel canceluð. Svo er hægt að cancela partíinu. *Okei það er búið að cancela hana eða henni? Cancela henni, en hún er canceluð. Mér finnst skrítið að segja það er búið að cancela hana. En með flug eða partí? Já cancela fluginu, fluginu var cancelað. Það er búið að cancela hana eða það er búið að cancela flugið? Er einhver munur? Mér finnst skárri að segja að cancela hana heldur en að segja að cancela flugið en ég myndi samt segja cancela henni.*

### Dumpa

(a) Hún dömpaði kærastanum sínum / kærastann sinn

(b) Æ, ekki vera að dömpa þessu drasli / þetta drasl hér

(V1): að hætta með einhverjum eftir ástarsamband. Ég dömpaði honum / henni. Hann dömpaði mér. *En í annarri merkingu? Hann dömpaði þessu bara á mig. Ég fékk stórar fréttir skyndilega, eitthvað rosalega mikið, heavy dót. Hún dömpaði þessu / því á mig. En í merkingunni að skilja eitthvað drasl eftir? Ekki vera að dömpa þessu drasli hér? Já það hljómar ágætlega. En ekki vera að að dömpa þetta drasl hér? Nei það hljómar skringilega í mínum eyrum.*

(V2): að hætta með eða að losa sig við. Hann dömpaði honum. *Og losa sig við, hvernig myndi það hljóma? Við dömpuðum honum heima á leiðinni í partíið. Sumt fólk þarf bara að dömpa sko. Hvað með í merkingunni að segja einhverjum þungar fréttir eða að setja byrði á einhvern annan? Já þá erum við aftur komin í svona beinþýðingu. Sorri að ég sé að dömpa þessu/þetta á þig? Þessu frekar. En þekkir þú sögnina í þessari merkingu? Já alveg klárlega, en þetta er bara sama vandamál, þetta er bara to dump sko. Hvað með í merkingunni að vera með fullt af rusli eða drasli einhversstaðar? Ekki vera að dömpa þessu drasli/þetta drasl hér? Já það virkar, þessu drasli, öllu draslinu.*

(V3): hún dömpaði honum. *Eins og að hætta með? Já þannig. En dettur þér einhver önnur merking í hug? Já bara eins og að henda einhverju eða að hella úr einhverju eða eitthvað svona. Hún dömpaði ruslinu þangað. En í merkingunni að segja einhverjum þungar fréttir? Já. Eins og að dömpa á einhvern. Sorri að ég sé að dömpa þessu á þig? Já, þannig.*

(V4): það getur verið að hætta með, hún dömpaði honum, honum var dömpað. Svo getur það verið að dömpa einhverju á einhvern. Þessu verkefni var bara dömpað á mig/þig. Ekki þér. *Hvað með í merkingunni að skilja eftir drasl? Já bara þú dömpaðir þessu þarna. Ekki vera að dömpa þessu drasli hér/á sófann? Já, það er hægt.*

### III. Sagnir með forsetningarlið

#### Checka

(a) Ég var að tékka á þessu / ?? á þetta

(b) Ertu að tékka hárið á honum / ?? hárinu á honum

Ertu að tékka þetta hár / ?? þessu hári

(V1): ég ætla að tékka á þessu. Eitthvað sem ég veit ekki alveg, ég þarf að kynna mér eitthvað. Ég ætla að tékka á því / þessu. *En ef ég sendi þér eitthvað á chattinu? Þá segi ég tékkaðu...? Já, tékkaðu þetta. Já einmitt, eða tékkaðu á þessu? Er einhver munur merkingarlega? Tékkaðu þetta, þá á ég vona á einhverju stuttu, kannski meme. En*

tékkaðu á þessu, þá á ég von á einhverju sem er lengra, kannski wikipedia grein, eitthvað mál sem ég þarf að kynna mér þegar ég hef tíma. *En ef það gengur fram hjá okkur maður með bláan hanakamb, þá segi ég: hey tékkaðu...?* Já það myndi ég frekar búast við tékkaðu þetta. Eða hvað... *tékkaðu hárið á þessum?* Já algjörlega, tékkaðu hárið á honum. *Eða tékkaðu á hárinu á honum?* Já, það gengur líka. *En tékkaðu þessu? Tékkaðu á þetta.* Nei, þá er það eins og við séum að tala um tékklista. En það er kannski frekar tékkaðu við þetta. *Hvað með að flagga?* Já, eins og á samfélagsmiðlum, að flagga einhvern svona póst. Ég flagga hann. *En með fána?* Nei ég flagga honum fánanum.

**(V2):** að tékka á, ég þurfti að tékka á honum Svenna. *En ef ég sendi þér link á facebook og segi tékkaðu á?* Þessu. *En ef ég myndi ekki segja á?* Þá væri það tékkaðu þetta. Ég myndi segja það, alveg hiklaust. Það er meira svona upphrópun, tékkaðu þetta! *Við erum að labba og sjáum mann með bláan hanakamb labba framhjá okkur. Þá myndi ég segja tékkaðu á hárinu á þessum manni eða tékkaðu hárið á þessum manni?* Mér finnst bæði virka. Ég myndi segja tékkaðu á hárinu.

**(V3):** ég skal tékka á þessu. *En ef ég væri að senda þér eitthvað í chattinu? Ég væri að biðja þig um að skoða það?* Já getur þú tékkað á þessu. *En ef ég segi hey tékkaðu þetta?* Það hljómar ekki rétt. Ég myndi alltaf segja. *Tékkaðu hárið á þessum manni?* Ég myndi segja tékkaðu á hárinu á þessum manni.

**(V4):** já, að tékka á einhverju eða að tékka á einhverjum. Hún var að tékka á mér. Eða ég ætla að tékka á þessu verkefni, ég ætla að tékka á pastanu. *Hvað ef ég sendi þér eitthvað á chattinu?* Checkaðu á þessum link. *En hljómar það öðruvísi ef það liggur mikið á? Ef það þarf að gerast núna? Eða ef það er kannski eitthvað léttvægt? Er hægt að segja: hey tékkaðu þetta?* Hmm kannski. Ég hugsa að ég hafi alveg séð það en ég hugsa að ég myndi ekki nota það sjálf. *En ef við erum úti að labba og það labbar framhjá okkur maður með bláan hanakamb?* Jú, maður gæti alveg sagt tékkaðu þetta hár eða eitthvað. *Hvort er betra, tékkaðu hárið á þessum manni/á hárinu á þessum manni?* Tékkaðu á er betra. Hitt myndi samt alveg, hitt er allt í lagi. *Myndir þú segja tékkaðu þetta?* Ég held ekki, ég held ég myndi segja tékkaðu á þessu, en það er alveg séns að ég myndi segja hitt. Tékkaðu þennan gaur.

### **Baila / cancela**

- (a) Vinkona mín var að **beila á mig / mér** á síðustu stundu
- (b) Vinkona mín **beilaði á tónleikana / tónleikunum** á síðustu stundu  
Nei, veistu, **beilum á þessa hugmynd / þessari hugmynd**
- (c) Vinur minn var að **cancela á mig / mér** á síðustu stundu

**(V1):** ég beilaði á þetta. *Ég beilaði á þig/þér ?* Já. frekar þig/mig. *En hann beilaði á tónleikana/tónleikunum.* Hann beilaði á tónleikunum þýðir þegar hann var á tónleikunum þá beilaði hann á tónleikana, hann fór út. Hann beilaði, komma, á tónleikunum. Hann beilaði á einhverju á tónleikunum. *En að segja að cancela í þessari merkingu? Að cancela á einhvern? Hann cancelaði á planinu?* Nei, mér finnst það ekki eiga að vera með á. Ég væri ringluð að heyra hann cancelaði á tónleikana. *En vinur minn cancelaði á mig á síðustu stundu?* Já ég myndi skilja það. *En mér?* Nei.

**(V2):** ég beilaði á partíið. *Ég beilaði á partíinu?* Já. ég trúi ekki að ég hafi sagt hitt á undan. *Hann var að beila á mig/mér?* Mér finnst bæði virka, ég myndi nota bæði. Ég held það myndi bara fara eftir... *er munur á partíinu/partíið eða mér/mig?* Nei það er bara jafnt sko. Ég held það sé engin svona regla. *En með ég? Hvort myndir þú segja?* Beila á



mig myndi ég segja. *Beilum á þessa/þessari hugmynd? Mér finnst sama, bæði gengur upp. Vinur minn var að cancela á mig/á mér? Það er ákvörðun en ég styð hana ekki. Mér finnst það núna hljóma eins og þú sért í Reese Witherspoon mynd.*

**(V3):** hún beilaði á æfinguna. *En ef það er kannski einhver manneskja sem verið er að beila á? Hún beilaði á okkur, hún beilaði á mig. Er einhver munur á hann beilaði á mig/mér eða tónleikana/tónleikunum? Ég myndi alltaf segja hann beilaði á mig en ég held ég skipti svolítið þegar ég segi hann beilaði á tónleikunum, hann beilaði á tónleikana. En ég held ég segi samt oftar hann beilaði á tónleikana. Hver heldur þú að skiptingin sé? Ef ég segi hann beilaði á tónleikunum þá er eins og hann hafi mætt og farið heim snemma en ef ég segi hann beilaði á tónleikana þá mætti hann ekki yfirhöfuð. Beilum á þessa/þessari hugmynd? Frekar þessa. Hann var að cancela á mig/mér? Hann var að cancela á mig.*

**(V4):** ég beilaði á þessu. Ég beilaði á partíinu. Ég beilaði á þessu verkefni. *Vinur minn var að senda mér skilaboð og segja að hann ætlar ekki að koma. Hann var að beila á...? Beila á mér. Beila á mig? Beila á mér. Beila á mér myndi ég segja en ég hef örugglega heyrt hitt. En mér finnst eðlilegra að segja á mér, annars er eins og þú sért að gera eitthvað á einhvern. Hann beilaði á partíið/partíinu? Partíinu. Þýðir beila á partíið eitthvað annað fyrir þér eða er það ótækt? Það er skrítið en ég myndi halda að þá hefði hann verið á staðnum en fundist það glatað og beilað. Er annaðhvort betra á verra, hann beilaði á partíið/mig? Að beila á mig eða að beila á það? Umm... nei mér finnst eiginlega ekki munur, mér finnst það svipað. En ef við segjum cancela í sömu merkingu? Vinur minn var að cancela á mig/mér? Hann var að cancela á mig.*

## Scrolla

(a) Ég var að skrolla á **(news)feedinu** / Ég skrollaði **(news)feedið**

**(V1):** já ég er að skrolla á facebook. Ég er að skrolla niður.... *Ég er að skrolla á newsfeedinu? Já... eða newsfeedið? Nei frekar á newsfeedinu. En að skrolla feedið? Ég myndi segja ég er að skrolla á facebook, ekki ég er að skrolla facebook. En mér finnst það ekki hljóma neitt agalega.*

**(V2):** ég var að skrolla... ég held ég hafi aldrei sett neitt fyrir aftan orðið skrolla. *Kannski feed eða newsfeed? Já ég var að skrolla niður feedið. Ég var að skrolla á feedinu? Já það meikar sens. Eða ég var að skrolla feedið? Já, það gengur upp. Ég er að skrolla á feedið? Nei. ég er að skrolla feedinu? Nei. útilokað. Alveg cancelað.*

**(V3):** maður skrollar niður síðu, maður skrollar á instagram. *En ef maður skrollar á instagram. Köllum það grammið. Ég er að skrolla á gramminu. Ég er að skrolla grammið? Ég er að skrolla instagram. Nei ég myndi alltaf segja á. Ég er að skrolla newsfeedið? Nei, frekar á newsfeedinu eða niður newsfeedið*

**(V4):** já. Að skrolla niður síðu. Að skrolla í gegnum eitthvað. *Niður síðuna eða síðunni? Niður síðuna, í gegnum myndinar. Að skrolla á síðuna/síðunni? Síðunni. Skrolla á síðunni. Er hægt að skrolla síðuna? Maður getur skrollað í gegnum síðnuna. Ég er að skrolla newsfeedið? Í gegnum newsfeedið, ég myndi segja í gegnum newsfeedið. Ég er að skrolla á feedinu? Já. Ég er að skrolla feedið? Jú jú, þú getur sagt það. En þú myndir ekki segja það? Nei ég held ekki, ég myndi kannski segja það en ég held samt ekki.*

## Snappa

(a) Hann *snappaði* bara **á mig / mér**

(b) Þú þarft ekki að *snappa öllu / allt* sem þú gerir

(V1): ég snappaði á þig og ég bara verð að biðjast afsökunnar. Þú snappaðir á mig í gær. Líka að vera á snapchat. Ég er að snappa þetta. *Hvað með að snappa þessu?* Nei, snappa þetta. *Við erum í útlöndum og tek allt of margar myndir?* Já þú þarft ekki alltaf að vera að snappa þessu. *Þú þarft ekki að snappa öllu sem þú gerir?* Já, einmitt. *Gengur bæði?* Já, bara bæði.

(V2): ég snappaði bara! Að tryllast. Ég snappaði á Stefán. *Ég snappaði á hann?* Já. *ekki snappa á mér?* Nei það er weird. *Ekki snappa á mig?* Frekar. Önnur merking? Gjörsamlega ótengt er snapchat. Eða burtséð frá snapchat, að snappa ljósmynd. Oj nei það er hræðilegt. Já ég snappaði mynd. *Einni mynd eða eina mynd?* Bæði fyrir mér. *En í merkingunni snapchat?* Ég sendi snap á stalla. *Segjum að við séum í útlöndum og ég er að stoppa á 30 sek fresti til að taka mynd og setja á snapchat. Og þú segir þú þarft ekki að snappa allt/öllu sem þú gerir?* Bæði virkar en ég myndi segja snappa allt frekar.

(V3): hann er að snappa mig, hann er að snappa fullt af gellum. *Já, í merkingunni snapchat?* Já. *en í merkingunni að brjálást?* Já hann snappaði út af engu. *Hann snappaði á mig/mér?* Hann snappaði á mig. *En í merkingunni snapchat, ef við erum úti og ég er að taka myndir af öllu sem ég sé og setja á snapchat. Þú segir að ég þurfi ekki að taka mynd af öllu sem ég geri?* Þú þarft ekki að snappa allt sem þú ert að gera. *Þú þarft ekki að snappa öllu sem þú gerir?* Nei frekar allt.

(V4): að snappa á einhvern, eða að snappa, ég bara snappaði! Að missa það. Það þarf ekki að vera á neinn það er hægt að bara snappa. *Snapchat?* Já svo líka snapchat. *Ef þú ert að senda mér snapchat, getur þú sagt ég er að snappa Salome?* Frekar að snappa á Salome eða við. Ég er að senda henni snap. *En ef við erum úti að labba og ég er að stoppa á 30 sek fresti til að taka mynd og setja á snapchat? Þá segir þú: þú þarft ekki að snappa allt/öllu sem þú gerir?* Ég held það sé hægt að segja bæði.

#### Aðrar sagnir (ef tími gefst):

Sökka, Fokka (fokka í e-m / fokka e-u upp / fokkast), Commenta, Replya.

#### IV. Tveggja andlaga sagnir

##### Forwarda

- |     |    |                   |                           |                           |
|-----|----|-------------------|---------------------------|---------------------------|
| (a) | Ég | <i>forwardaði</i> | <b>skjalinu / skjalið</b> | <b>á hann</b>             |
|     | Ég | <i>forwardaði</i> | <b>á hann</b>             | <b>skjalinu / skjalið</b> |
| (b) | Ég | <i>forwarda</i>   | <b>honum / hann</b>       | <b>skjalið / skjalinu</b> |

(V1): já, ég ætla að áframsenda þennan tölvupóst, ég ætla að forwarda tölvupóstinn á jónu. Ég ætla að forwarda þessu / þetta. Ég ætla að forwarda þetta / þessu á þig. *Bæði þetta á þig og þessu á þig?* Já. ég myndi persónulega segja ég ætla að forwarda þetta á þig. En ef við værum búnar að tala um þetta í langan tíma, eitthvað bréf. Hlutturinn sem eg er að forwarda er orðinn að stærra máli. Þá segi ég þessu. En ef þetta er bara einhver póstur, ég ætla að forwarda þetta á þig. *Hvað ef þetta er 100 bls skýrsla sem mannauðstjórinn ætlar að senda á alla í 500 manna fyrirtæki?* Já frekar forwarda því. *Mannauðsstjórinn ætlar að?* Forwarda þessu á alla. *Ég ætla að forwarda öllum þetta?* Nei. *skýrslunni á alla?* Já forwarda skýrslunni / skýrsluna á alla. En ekki ég ætla að forwarda öllum skjalinu. *Nenni þú að forwarda mér skjalið?* Nei. ég myndi skilja það samt.

(V2): já. Ég skal forwarda þessu á þig. *Frekar en þetta?* Mér finnst bæði virka. *Nenni þú að forwarda þessu skjali á mig/ viltu forwarda mér þetta skjal?* Þar myndi ég frekar

nota þetta. Það gengur upp. *Hvort er betra?* Ég myndi hallast meira að viltu forwarda þessu skjali á mig en mér finnst bæði löggilt. *Getur þú forwardað mér þessu skjali?* Nei það er ekki hægt. Það er bara weird.

**(V3):** ég skal forwarda þessu á þig. *En án þess að segja á? Ég skal forwarda þér þetta?* Ég myndi ekki segja það, ég myndi kannski segja ég forwarda þessu til þín. *Ég forwardaði honum skjalið/skjalinu?* Hvorugt. Ég myndi alltaf segja ég forwardaði skjalinu á hann.

**(V4):** ég skal forwarda þessu á þig. Ég skal forwarda þessu til þín. *Ég skal forwarda þetta á þig?* Nei takk. (hlær). Nei mér finnst forwarda þessu. *Viltu forwarda mér þetta skjal?* *Er það hægt?* Ég myndi frekar segja viltu forwarda þessu skjali á mig. *Viltu forwarda mér þetta?* Neeei. *En viltu forwarda mér þessu skjali?* Já það er skárri. *En þú myndir ekki segja þetta svona eða hvað?* Nenniru að forwarda þessu á mig. *Að forwarda mér?* Nei. *Nenniru að forwarda á mig skjalinu sem við vorum að vinna með í dag?* Já.

### Áframsenda

(a) Ég áframsendi skjalið / skjalinu á þig  
Ég áframsendi þér / þig skjalið / skjalinu

**(V1):** nennir þú að áframsenda mér skjalið? Mér finnst það líka svolítið skrítið. Áframsenda þetta á mig. *En senda mér skjalið?* Já algjörlega. *En áframsenda mér skjalið er skrítið?* Já. ég veit ekki af hverju. Kannski af því ég hugsa um þetta á ensku, að forwarda.

**(V2):** ég held það sé það sama... nákvæmlega sama mál. Ef það er mér fyrir framan þá forwarda mér þetta skjal. *Viltu áframsenda mér þetta skjal/ áframsenda þetta skjal á mig?* Já. bæði gengur upp.

**(V3):** ég áframsendi skjalið á hann. *Ég áframsendi honum skjalið?* Já, það hljómar allt í lagi, en ég myndi frekar segja hitt samt. *Er það skárri en að forwarda honum skjalið?* Já.

**(V4):** viltu áframsenda á mig skjalinu? *Áframsenda það til mín? Það á mig?* Bæði til mín og á mig. *Viltu áframsenda þetta á mig. Nenniru að áframsenda mér skjalið?* Jú jú. Það hlýtur að vera í lagi fyrst að maður getur sagt viltu senda mér, þá hlýtur maður að geta sagt viltu áframsenda mér.

### Emaila

(b) Ég emaila þessu / þetta á þig  
Ég emaila þér þetta / þessu

**(V1):** nenniru að emaila mig? Emaila mér? Í hvaða merkingu. *Þú ætlar að láta mig fá skjal...?* Nenniru að emaila þetta á mig? Já örugglega. Ég myndi alltaf segja nenniru að senda mér tölvupóst / email, nenniru að senda þetta á netfangið mitt. *En emaila mér?* Nei mér finnst það ekki.

**(V2):** \*hlær\* er það sögn? Getum við ekki haft það sögn? Þetta er mesta 90s dæmi sem ég hef heyrt, bara you've got mail. Takk fyrir. Ég emailaði þig? *En með skjal?* Ég skal emaila þetta skjal/þessu skjali. Það er enginn munur þannig. Ég skal emaila þér þetta skjal/ ég skal emaila þessu skjali á þig. Það er bara ólifnaður að nota þetta orð, það er það eina sem ég hef að segja. *Viltu emaila þessu/þetta á mig?* Bæði virkar bara fullkomlega. *Viltu emaila þetta/þessu til mín?* Þetta á mig og þessu til mín myndi ég segja. Já. Þetta á mig og þessu til mín frekar. Ég er ennþá í smá sjokki yfir þessu orði sem þú dróst fram. Það fyllti mig skelfingar. Emaila sem sögn, þetta er bara út um gluggann sko. *Hvernig myndir þú orða þetta?* Ég styð forwarda, en emaila, það er bara að senda póst. *Viltu senda*

mér þetta skjal í pósti. Það er reyndar smá skrítið þegar ég segi það upphátt. Já ég myndi bara segja að senda tölvupóst. Emaila er orðskrípi.

(V3): ég held ég noti hana ekkert. Ég myndi segja ég skal senda þér þetta í pósti. En ég myndi segja ég skal emaila þetta á þig eða ég skal emaila þér þetta. *Ég skal emaila þessu á þig?* Nei. *en samt er allt í lagi að segja ég skal forwarda þessu á þig?* Já, það er allt í lagi.

(V4): ég emailaði honum. Ég emailaði þér. Ég emailaði skjalinu á þig. Ég emailaði skjalið, honum skjalið, ég emailaði honum skjalinu. *Gengur bæði ég emailaði skjalið/skjalinu?* Já ég held það gangi bæði, ég myndi örugglega nota bæði til skiptis. *Ég emailaði skjalið? ég emailaði skjalið á þig? Ég emailaði þér skjalinu? Ég emailaði þér skjalið?* Já ég held ég myndi segja þetta allt.

### Smsa

(a) Ég smsa heimilisfanginu/-ið á þig  
Ég smsa þér heimilisfangið/-inu

(V1): *hvað ef við erum að fara í partí og mig vantar heimilisfangið?* Ég myndi segja nenniru að senda mér heimilisfangið, en ókei, nenniru að smsa mig heimilisfangið? Eða texta mér...nei ég myndi segja nenniru að senda á mig og gera ráð fyrir að þú ... nenniru að senda mér heimilisfangið í skilaboðum / sms. *Smsa mér heimilisfangið?* Nei það er skrítið.

(V2): *þekkir þú það?* Já úr fortíðinni. Ég var að smsa á hana. Ég smsaði hana. Ég smsaði hann. *En ef við reynum að setja inn upplýsingarnar sem koma fram í smsinu, t.d. Heimilisfang.* Já ég smsaði það. Nennir þú að smsa það á mig. *Myndir þú segja smsa eða hvað myndir þú segja almennt?* Það er bara eins og með póstin. Ég myndi bara segja senda þér það í smsi. Smsa, það er ekki þjált. Ég myndi detta í smassa. *Frekar en smessa?* Alveg sama, fer bara eftir gír. En ég er 26 ára, ég þarf að þykjast vera fullorðinn, ég myndi ekki segja þetta. Á hverju ári færist ég fjær okkar guð blessaða lingói.

(V3): ég er að smsast á við vinkonu mína. *Við erum að smsast?* Já. *við erum á leið í partí og ég er ekki með heimilisfangið?* Nenniru að smsa á mig heimilisfangið. *Nennirðu að smsa mér heimilisfangið?* Nei ég myndi ekki segja það.

(V4): eru ekki allir hættir því? Ég er að smsa við þig. Mig vantar samhengi. *Hvað ef við erum að fara í partí og mig vantar heimilisfangið og ég er að biðja þig um að senda mér það í sms?* Nenniru að smsa? *Nenniru að smsa þessu á mig? Heimilisfanginu á mig?* Já, heimilisfanginu á mig og heimilisfanginu til mín. *Nennir þú að smsa mér heimilisfangið?* Já, ókei. *Nenniru að smsa mér heimilisfanginu?* Já mér finnst það líka í lagi.

### Donatea

(a) Hún dóneitaði peningnum til góðgerðarmála  
Hún dóneitaði góðgerðarmálum peninginn  
(b) Hún gaf peninginn til góðgerðarmála  
Hún gaf góðgerðarmálum peninginn

(V1): *myndir þú sjálf segja það?* Já já örugglega. Á Patreon getur maður doneitað þrjá dollara... eða eitthvað. Ég dóneitaði á krabbameinsfélagið? Nei ég myndi ekki nota það þannig. *En ef einhver vinnur stóra vinninginn í lottó og ætlar að dóneita og viðtakandinn er krabbameinsfélagið.* Hann ætlar að styrja krabbameinsfélagið um x. *En með dóneita?* Hann ætlar að dóneita... ég myndi fara einhverja hringaleið. Hann ætlar að gefa krabbameinsfélaginu lottovinninginn. *Hann ætlar að dóneita vinningnum til*

krabbameinsfélagsins? Nei mér finnst það skrítið. Hann ætlar að dóna öllu til góðgerðarmála. Mér finnst það líka skrítið. Ég ekki oft heyrð það. Hann ætlar að gefa peninginn til góðgerðarmála / góðgerðarmálum peninginn? Gefa peninginn til góðgerðarmála.

(V2): dóna, nei ég myndi aldrei nota það. Það er bara beinþýðing. Hvernig myndir þú orða það? Ef ég vinn stóra vinninginn í lottó og ég myndi ætla að setja peninginn í góðgerðarmál? Ég myndi bara segja að gefa peninginn til góðgerðarmála. En að gefa góðgerðarmálum peninginn? Nei ég myndi segja að gefa peninginn til góðgerðarmála.

(V3): hann dónaði blóði. En hver fær þá blóðið? Blóðbanki? Hann dónaði blóði í blóðbankann? En til blóðbankans? Nei, ég myndi ekki segja það, allavega ekki í þessu samhengi en ég gæti sagt hann dónaði pening til Unicef. En ég myndi held ég samt alltaf frekar nota í heldur en til. Hann dónaði pening í/til Unicef? Hann dónaði pening í Unicef myndi ég alltaf segja. En ef hann ætlar að gefa lottóvinninginn til góðgerðarmála? Hann ætlar að dóna peninginn í góðgerðarmál. Hann ætlar að dóna góðgerðarmálum peninginn? Nei ég held ekki. Hann gaf peninginn í góðgerðarmál/til góðgerðarmála? Mér finnst bæði virka. Hann gaf góðgerðarmálum peninginn? Mér finnst það ekki, mér finnst það virka eins og einhver ákveðin samtök. Hann gaf fyrirtækinu peninginn en góðgerðarmál er svo stórt hugtak að mér finnst einhvern veginn ekki hægt að segja hann gaf góðgerðarmálum peninginn.

(V4): já, að dóna blóði kannski. Eða að dóna svona ....góðgerðarstarfsemi, að dóna til einhvers. Eða að dóna einhverju, ég dóna spilum til fólks. Ég ætla að dóna spilum til? Hans, hennar, spilavina. Að dóna til þeirra, hans, hennar, ykkar. Hvað ef ég vinn stóra vinninginn í lottó. Ég dóna vinningnum til góðgerðarmála? Já. Ég dóna góðgerðarmálum peninginn? Nei það gengur ekki. Dóna peningnum til góðgerðarmála. En að dóna í góðgerðarmál? Já það gæti gengið, að dóna í einhvern sjóð. Í sjóðinn? Já.

### Græja

(a) Ég græja **matinn / matnum** og þú sérð um rest

(b) Ég get græjað **útilegudót** fyrir þig (ef þú vilt)  
Ég get græjað **þér** **útilegudót** (ef þú vilt)

(V1): ég ætla að græja þetta. Hvað ef ég mig vantar búning fyrir öskudaginn? Ég græja þér búning. Ég græja þetta / það. Ég skal græja þér búning. Ég skal græja þetta fyrir þig? Já algjörlega. Ég skal græja þér þetta? Nei. ég skal græja þetta fyrir þig. Hvað með útilegudót. Ég græja útilegudótið. Já græjaru mér eða fyrir mig? Nei ég myndi aldrei græja þér útilegudótið. Ég sagði ég skal græja þér búning en nú er ég í krísu. Ég skal græja þér búninginn. Þá ætla ég að kaupa búninginn fyrir þig. Þú munt ekki eiga útilegudótið. Ég mun fá það aftur eftir útileguna. Ég veit ekki afhverju en mér finnst ég ætla að græja þér búning virka, ég ætla að standa með því.

(V2): það alvöru orð. Ég græja þetta einn tveir og bingó. En ef þú ert að hjálpa mér? Ég skal græja þetta fyrir þig. Hvað ef við erum að fara í útilegu og þú átt allskonar svona útilegudót og þú ætlar að sjá um það fyrir okkur? Ég skal græja þetta fyrir þig. Ég skal græja þér útilegudót? Nei aldrei. Of formlegt. Beint í ruslið. Ekki að ræða það sko. Það er öskudagur/halloween og þú átt búning, þú ætlar að græja búning? Ég ætla að græja búning fyrir daginn. En ef það er handa mér? Fyrir þig? Ég skal græja búning fyrir þig. Ég skal græja þér búning? Nei hættu þessu oj bara. Þetta er eitthvað snobb gagnvart iðnaðarmönnum sko. Ég tek ekki þátt í þessu.

**(V3):** ég er að græja mig fyrir partí. *Hvað ef við erum að fara í útilegu og ég á ekki dýnu og pumpu og allskonar sem maður þarf í útilegu. Og þú ætlar að redda því fyrir mig. Ég skal græja þetta. Ég skal græja útilegudót fyrir þig? Já. ég skal græja þér útilegudót? Nei. ég er að fara í búningapartí en ég á engan búning. Ég skal græja þér búning? Nei ég myndi segja ég skal græja búning fyrir þig eða græja búning handa þér.*

**(V4):** ég er að græja matinn. *Hvað ef við erum að fara í búningapartý en ég á ekki búning en þú átt búning. Ég skal græja þetta fyrir þig. Ég skal græja búning fyrir þig. Já. ég skal græja þér búning fyrir partýið? Mhm, gengur líka. Við erum að fara í útilegu og ég segi ég skal græja þér útilegudót. Græja mér? Nei. Það er eitthvað skrítið. Ég skal græja útilegudótið fyrir þig. Ég skal græja þér búning, ég skal græja þér útilegudót. Þínu skrítið. Græja þér þetta. Mér finnst það þínu skrítið en ég væri kannski ekkert hissa að heyra það.*

#### **Aðrar sagnir (ef tími gefst):**

(b) Regifta, Messagea

**(V3):** hann regiftaði dótinu sem hann fékk. *Og hver fær gjöfina? Hann regiftaði dótinu handa henni. Hann regiftaði dótinu til hennar? Já, hann regiftaði dótinu til hennar. Og hvað þýðir að regifta? Þegar þú færð eitthvað að gjöf og svo gefur þú það aftur.*

*Hvað með að messagea? Myndir þú nota það? Já, hún messageaði mig varðandi þetta. Hvað með ef við notum orðið upplýsingar. Hún messageaði upplýsingunum á mig / til mín. Hún messageaði mér upplýsingarnar. Mér finnst ekkert óþægilegt að heyra það en ég myndi örugglega bara fara ósjálfrátt í hitt.*

**(V4):** Regifta? Já ég regiftaði bollanum eða ég regiftaði þessari plöntu. *Og hver fær hann? Ég regiftaði þessu til hennar. Eða ég regiftaði, jú, til örugglega. Ég regiftaði henni bolla sem ég hafði fengið í jólagjöf? Já það gengur alveg. Ég regiftaði henni plöntu? Já. Messagea, notar þú það? Nei ég held ég noti það ekki, ég myndi frekar nota senda. En hvernig heldur þú að það myndi hljóma? Nenniru að messagea mér. Mér? Já ég held það. Nenniru að messagea mér. Nenniru að messagea á mig. Og hvað á þá að senda, nenniru að messagea mér...? Já, uppskriftinni. Nenniru að messagea mér þegar þú ert komin? Já. nenniru að messagea mig þegar þú ert komin? Frekar mér.*